FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

194. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 19. ÁGÚST 2017




# Baráttuviljinn er mikilvægur

Agnes, Leifur og Gyða hafa öll tekist á við áföll og sorg nýverið. Þau taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í dag og styrkja hvert sitt málefnið. Þau líta björtum augum fram á veginn og segja hindranir til að sigrast á þeim. →22

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



## Tók rétta ákvörðun

Hanna Styrmisdóttir hætti hjá Listahátíð en starfar áfram í þágu myndlistar. →30



## Greypt í minni Íslendinga

Aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins gegn Thomas Møller hefst á mánudag. →26



## Græn og væn

Hvað þýðir það að vera vegan? Veganistar gefa innsýn í lífshætti sína. →34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

HOPPAÐU UPP UM BEKK
SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS
OPIÐ TIL 18 ALLA HELGINA



SMÁRALIND

## Veður




Minnkandi norðanátt í dag og dálítil væta norðan heiða, en léttskýjað sunnanlands. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast syðst. **SJÁ SÍÐU 46**



**Steve Bannon, ráðgjafi forseta.** NORDICPHOTOS/AFP

# Steve Bannon vikið úr starfi

**BANDARÍKIN** Steve Bannon, aðalráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, mætir ekki til vinnu á morgun. Fjölmiðlafulltrúi forseta, Sarah Huckabee Sanders, staðfesti í gær að gærdagurinn hefði verið síðasti dagur Bannons í starfi.

„Starfsmannastjórinn John Kelly og Steve Bannon hafa komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að þetta verði síðasti dagur Steves," sagði Sanders í gær og þakkaði Bannon fyrir störf hans.

**» Bannon barðist fyrir auknum aðflutningsgjöldum á vörur frá Kína og var mikill talsmaður þess að setja ferðabann á einstaklinga sem koma frá múslimaríkjum til Bandaríkjanna.**

Vangaveltur höfðu verið uppi um framtíð Bannons um nokkurt skeið. Aðspurður í síðustu viku um framtíð ráðgjafans sagði Trump: „Við sjáum til."

BBC greinir frá því að viðtal við Bannon, sem American Prospect birti í vikunni, hafi gert forsetann foxillan. Var þar haft eftir Bannon að hann hefði vald til að reka starfsmenn í utanríkisþjónustunni fyrir að grafa undan stefnu forsetans í Norður-Kóreudeilunni. – **þea**

# Kátt í Matarhöllinni á Hlemmi




**Eftir langa fæðingu opnar Mathöllin á Hlemmi dyr sínar í dag. Töf varð á opnun hallarinnar þar sem upphaflegar framkvæmdir voru vanmetnar. Verslunarmenn á Hlemmi horfa nú til framtíðar en þeir voru í óðaönn að undirbúa fyrir opnun þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Innblásturinn að Matarhöllinni er sóttur í hinar rómuðu evrópsku mathallir en tíu matarkaupmenn sameinast þar undir einu þaki.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Björn Valur fer úr forystusveit

**STJÓRNMÁL** Björn Valur Gíslason, varaformaður VG, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér að nýju til varaformennsku. Þetta tilkynnti hann á vefsíðu sinni í gær. Flokksráðsfundur fer fram um helgina, en 6. til 8. október næstkomandi verður landsfundur haldinn þar sem nýr varaformaður verður kosinn.



Í pistli á vefsíðunni segir Björn Valur að VG hafi styrkt stöðu sína verulega frá því að ný forysta flokksins tók við árið 2013. „Er það ekki síst að þakka traustri forystu formannsins, Katrínar Jakobsdóttur, öflugri sveit þing- og sveitarstjórnarmanna og sterkri málefnalegri stöðu Vinstri grænna," segir hann. – **jhh**




# Síðasti karlkyns geirfuglinn fundinn

**Hamur karlfuglsins sem drepinn var í Eldey fyrir nærri tveimur öldum fannst á náttúrufræðisafni í Brussel. Álfheiður Ingadóttir segir að um stórfrétt sé að ræða. Kvenfuglinn er ekki fundinn en vísbendingar eru um að hann sé í Cincinnati.**



**Síðasti karlkyns geirfuglinn.** MYND/KONUNGLEGA BELGÍSKA NÁTTÚRUFRÆÐISAFNIÐ

**NÁTTÚRA** Hamur karlfuglsins, annars tveggja síðustu geirfuglanna sem voru drepnir í Eldey þann 3. júní árið 1844, er fundinn. Er fuglinn uppstoppaður í Konunglega belgíska náttúrufræðisafninu í Brussel. Frá þessu var greint á vef Náttúruminjasafns Íslands í gær.

Fimmtán vísindamönnum, frá Danmörku, Noregi, Bretlandi, Þýskalandi og Nýja-Sjálandi, tókst að finna karlfuglinn með því að bera saman erfðaefni úr vélinda karlfuglsins, sem geymt er í Kaupmannahöfn, við erfðaefni í fjórum uppsettum hömum á söfnum í Þýskalandi, Bandaríkjunum og Belgíu.

Álfheiður Ingadóttir, líffræðingur hjá Náttúruminjasafninu, segir fundinn mikil gleðitíðindi. „Mér finnst þetta stórfrétt. Að vísu 173 ára gömul en stórfrétt þó!"

Leitin hefur staðið lengi yfir og byggist hún á rannsóknum Bretans Erolls Fuller. Álfheiður segir Fuller einn þekktasta geirfuglasérfræðing heims.

Þegar síðasta geirfuglsparið var drepið í Eldey voru fuglarnir ekki lengur veiddir til átu. Þeir voru heldur eftirsóttir í meðal safnara. Talið er að til séu um áttatíu uppstoppaðir geirfuglar víðs vegar um heiminn, meðal annars einn á Íslandi.

Hamir parsins hafa þó verið týndir afar lengi. Vitað er að hamirnir komu með innyflunum á náttúrufræðisafnið í Kaupmannahöfn árið 1844 en þótt innyflin hafi verið varðveitt á safninu hurfu hamirnir. Ári síðar voru þeir skráðir í eigu safnara í Kaupmannahöfn en þangað til nú hefur ekkert spurst til karlfuglsins. Enn bólar ekkert á kvenfuglinum.

Þó eru vísbendingar um hvar ham kvenfuglsins sé að finna, þó ekkert hafi enn fengið staðfest. „Það eru vísbendingar um að hún sé í Cincinnati í Bandaríkjunum. Vísindamennirnir hafa fengið leyfi til að taka sýni úr þeim ham. Þeir vonast til þess að þar sé kvenfuglinn fundinn," segir Álfheiður.

**Mér finnst þetta stórfrétt. Að vísu 173 ára gömul en stórfrétt þó!**



Álfheiður Ingadóttir, líffræðingur

Geirfuglinn var af ætt svartfugla og algengur við norðanvert Atlantshaf, að því er kemur fram á vef Náttúruminjasafnsins. Var hann stór og eftirsóttur til matar.

Í frétt Náttúruminjasafnsins birtist eftirfarandi lýsing á geirfuglinum, skrifuð af Þorvaldi Thoroddsen og upphaflega birt í Lýsingu Íslands árið 1900: „Geirfugl var algengur við Ísland fyr á öldum en er nú horfinn og að öllum líkindum útdauður; seinast var hann í Geirfuglaskerjum fyrir utan Reykjanes, en af því fuglinn var eigi fleygur og viðkoman lítil en mikið var drepið eyddist hann fljótt."

**thorgnyr@frettabladid.is**



Kringlan
UNDIRBÚÐU ÞIG FYRIR HAUSTIÐ
SKÓLA
DAGAR
Náðu þér í afsláttarávísun á þjónustuborði
okkar á 1. hæð
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
ALLT FYRIR SKÓLANN Á EINUM STAÐ
MUNDU EFTIR
ÁVÍSUNINNI
SKÓLA
DAGAR
KR. 2.000,-
eða meira í völdum verslunum í Kringlunni
Kaupmenn í Kringlunni
Kringlan
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 13.8.2017-19.8.2017



**40**
milljónir sterlingspunda er upphæðin sem enska knattspyrnuliðið Everton greiddi Swansea fyrir Gylfa Sigurðsson, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

**40%**
aukning var í fraktflugi Icelandair Cargo í júlí samanborið við sama mánuð 2016.

**125**
milljarðar er verðmiðinn á 58% hlut Kaupþings í Arion banka.

**41**
dagur leið milli ríkisstjórnarfunda í sumar. Áhöld eru um hvort það sé lengsta frí ríkisstjórnar Íslands í sögunni.

**30%**
samdráttur hefur orðið í sölu íslenska pappírsframleiðandans Papco síðan Costco opnaði í Garðabæ í maí.

**83%**
framhaldsskólanema nota snjallsíma undir stýri. Notkun eykst með hækkandi aldri.

**20,7**
kíló af kókaíni voru haldlögð á Keflavíkurflugvelli á fyrstu sjö mánuðum ársins. Magnið er á við það sem tollverðir fundu fjögur ár þar á undan til samans.

## Þrjú í fréttum
### Sjómaðurinn, rafbílar og ósætti við ráðherra



**Steingrímur Birgisson**
*forstjóri Bílaleigu Akureyrar*
sagði við Fréttablaðið á miðvikudag að kaup fyrirtækisins á rafbílum væru ein þau verstu í sögu þess. Það vanti hleðslustöðvar á Keflavíkurflugvelli og víðar á landinu og þá sé nýtingin á bílunum ekki nógu góð þar sem tíma taki að hlaða þá.



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
*sjávarútvegsráðherra*
var alls ekki hress þegar málað var yfir sjómanninn á Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu 4. „Mér finnst þetta bara verulega vanhugsað og enn verra ef menn eru ekki að virða höfundarrétt,“ sagði Þorgerður. Hún vill nú efna til samkeppni um nýja mynd eftir hvarf sjóarans og mun ráðfæra sig við Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM).



**Benedikt Jóhannessyni**
*fjármála- og efnahagsráðherra*
sinnaðist við bílstjóra sinn í vor með þeim afleiðingum að sá síðarnefndi var sendur til annarra starfa. Bílstjórinn hafði keyrt marga ráðherra áður en Benedikt settist í ríkisstjórn en fjármálaráðherra vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

# Sviptingar á vöruverði Costco og keppinautar bregðast við

**Verðkönnun Fréttablaðsins sýnir að fleiri vörur hjá Costco hafa hækkað í verði en lækkað síðan verslunin var opnuð í maí. Samanburður sýnir að keppinautar hafa sumir brugðist við komu Costco með verðlækkunum. Costco hefur þó líka hnyklað verðlagsvöðva sína og lækkað verð á síðustu mánuðum.**

**NEYTENDUR** Fleiri vörur úr verðsamanburði Fréttablaðsins frá því í maí hafa hækkað í verði en lækkað samkvæmt nýrri verðathugun blaðsins. Verðkönnun Fréttablaðsins í gær sýnir að sviptingar hafa orðið á verði í Costco síðan verslunin var opnuð, bæði til hækkunar og lækkunar.

Mest er hækkunin 34% á gosi en mesta lækkunin er rúm 25% á pylsumáltíð. Af verðkönnun Fréttablaðsins að dæma virðast keppinautar í einhverjum tilfellum hafa brugðist við samkeppninni frá Costco og lækkað verð.

Af þeim níu vörum sem Fréttablaðið hafði verðsamanburð á frá því í maí höfðu fjórar hækkað í verði, þrjár lækkað í verði og verð tveggja haldist óbreytt. Sex þessara vara birtust í könnun blaðsins þann 24. maí þar sem verð í Costco var borið saman við verð annarra verslana á sömu vörum.

Nú, tæplega þremur mánuðum eftir opnun verslunarinnar sem skók íslenskt samfélag, lék Fréttablaðinu forvitni á að vita hvernig verð hefði þróast.

Sjá má að Bónus hefur á tímabilinu lækkað verð á vörum úr fyrri samanburði. Verð á stykkinu af lítilli dós af Pepsi Max hefur lækkað úr 78 kr. í 69 kr. en hún er þó enn 22 krónum dýrari en í Costco, þrátt fyrir að þar hafi verðið hækkað um rúm 34% á tímabilinu. Taka ber fram að í fyrri könnun blaðsins var verð á Pepsi Max kannað en í gær var aðeins hið sambærilega Diet Pepsi til í versluninni. Þá ber að hafa í huga að gosdrykkurinn er seldur í 24 stykkja pakkningum í Costco.



### Svona hefur verðið breyst hjá Costco og keppinautum

| | Vara | 23. maí | 18. ágúst | Breyting í % |
|---|---|---|---|---|
| **Costco** | Pepsi Max/Diet 33 cl | 35 kr. (Max) | 47 kr. (Diet) | 34,2% |
| Bónus | Pepsi Max 33 cl | 78 kr. | 69 kr. | -11,5% |
| **Costco** | SS sinnep, 350 g | 299 kr. | 329 kr. | 10,3% |
| Bónus | SS sinnep, 350 g | 335 kr. | 329 kr. | -1,8% |
| **Costco** | Panodil hot, 500 mg, 10 bréf | 929 kr. | 929 kr. | Óbreytt |
| Lyf og heilsa | Panodil hot, 500 mg, 10 bréf | 1.459 kr. | 1.184 kr. | -18,8% |
| **Costco** | Pylsa og gos | 400 kr. | 299 kr. | -25,2% |
| Bæjarins bestu | Pysla og gos | 700 kr. | 700 kr. | Óbreytt |
| **Costco** | Bose Soundlink mini hátalari | 21.499 kr. | 19.499 kr. | -9,3% |
| Elko | Bose Soundlink mini hátalari | 19.995 kr. | 23.995 kr. | 20,0% |
| **Costco** | Levi's 501 gallabuxur | 6.399 kr. | 5.899 kr. | -7,8% |
| Levi's búðin Kringlunni | Levi's 501 gallabuxur | 11.990 kr. | 11.990 kr. | Óbreytt |

| **Annað í Costco** | | 28. maí | 18. ágúst | Breyting í % |
|---|---|---|---|---|
| | Jarðarber, Driscoll's, 907 g | 1.149 kr. | 1.149 kr. | Óbreytt |
| | Kirsuber, 1 kg | 1.299 kr. | 1.399 kr. | 7,7% |
| | Philips 55" UHD 6200 series sjónvarp | 99.999 kr. | 104.999 kr. | 5,0% |

Bónus hefur jafnað Costco í verði á SS pylsusinnepi eftir 10% hækkun hjá Costco og tæplega 2% lækkun hjá Bónus. Í báðum verslunum kostar flaskan nú 329 krónur en áður munaði 36 krónum Costco í vil.

Verulegur verðmunur var á Panodil Hot-verkjalyfi hjá Costco og Lyfjum og heilsu í fyrri könnun. Lyfið kostar enn 929 krónur í Costco en Lyf og heilsa hefur lækkað verð sitt um tæp 19%, úr 1.459 krónum í 1.184 kr.

Eftir að hafa skákað Costco í verði á tilteknum Bose-hátalara í fyrri könnun Fréttablaðsins hefur dæmið snúist við hjá Elko. Costco lækkaði verð sitt um 9,3% á meðan verð Elko hækkaði um 20% á sama tíma. Er græjan nú tæplega 4.500 krónum dýrari í Elko.

Levi's 501 gallabuxur sem kostuðu 6.399 kr. í Costco í maí kosta í dag 5.899 kr. og hefur verðið því lækkað um 7,8% á meðan Levi's búðin í Kringlunni hefur haldið verði sínu á sömu vöru óbreyttu, eða 11.990 kr.

Fréttablaðið skoðaði einnig verð á þremur öðrum vörum sem ekki voru í fyrri samanburði blaðsins. Tvær þeirra hafa hækkað í verði. Kíló af hinum vinsælu kirsuberjum hefur hækkað um 7,7% og 55" Philips UHD snjallsjónvarp um 5%. Driscoll's jarðarberin sívinsælu hafa staðið í stað.

**mikael@frettabladid.is**






# Biskup missir skattaafslátt af áfengi

**SAMFÉLAG** Ríkisstjórnin samþykkti í gær tillögu Benedikts Jóhannessonar, fjármála- og efnahagsráðherra, um að ívilnun með niðurfellingu áfengisgjalds gagnvart æðstu stofnunum ríkisins verði afnumin frá og með 1. október. Nú njóta ívilnunar embætti forseta Íslands, Alþingi, ráðuneyti og embætti biskups Íslands. Heimildin hefur verið háð því að þær vörur séu notaðar til risnu á vegum embættanna og að kaupin séu færð í bókhald og greidd af þeim. Þetta kemur fram á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins.



**Agnes M. Sigurðardóttir biskup** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þau rök sem lágu til grundvallar því að æðstu stofnunum ríkisins og þjóðkirkjunni var veitt þessi ívilnun voru fyrst og fremst af fjárhagslegum toga, en áfengiskaupafríðindi fela í sér ívilnun sem jafna má til skattastyrks úr ríkissjóði.

„Þessar reglur voru barn síns tíma og mér þótti við hæfi að færa þær til nútímans og gera kostnað vegna áfengiskaupa gagnsærri. Eitt á yfir alla að ganga í þessu sem öðru. Ekki er gert ráð fyrir að bæta ráðuneytunum þetta með auknu fjármagni,“ segir Benedikt á síðunni. Markvisst hefur verið unnið að því á undanförnum árum að fækka skattastyrkjum. Meðal röksemda fyrir því er að auka á almennt jafnræði, gagnsæi og festu í fjárstjórn. Heildarefirgjöf áfengisgjalda til þeirra sem nutu niðurfellingar þeirra, annarra en erlendra sendiráða og alþjóðastofnana, sem gera það lögum samkvæmt, nam á síðastliðnu ári 10,5 milljónum króna. **- bb**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Nýtt Húsasmiðjublað er komið út!

# FRAMKVÆMDA TILBOÐ

PARKET-VERKFÆRI-MÁLNING-HEIMILISTÆKI OG MARGT FLEIRA

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verð misjafnt milli verslana.



Sjáðu verðið!

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Electrolux

46.990 kr

Þvottavél
FW30L7120 1200sn 7kg. A+++.
1805690



36% afsláttur

NEO TOOLS

SÚPER TILBOÐ

28.995 kr

~~44.995 kr~~

Verkfæraskápur
Með 6 skúffum.
Stærð:
Hæð: 92,5 cm
Breidd: 73,8 cm
Dýpt: 52 cm.
5024494



JOTUN

25% afsláttur
af ALLRI JOTUN veggmálningu

10 ltr.

SÚPER TILBOÐ

6.745 kr

~~8.995 kr~~

Jotun vegg- og loftmálning, 10 ltr.
7119784-86



40% afsláttur

Sjáðu verðið!

NEO TOOLS

SÚPER TILBOÐ

9.597 kr

~~15.995 kr~~

Topplyklasett
73 stk., 1/2"-1/4", toppar 4-27 mm, skrall 72T.
5052569



31% afsláttur

HITACHI Inspire the Next

SÚPER TILBOÐ

17.894 kr

~~25.932 kr~~

Hleðsluborvél
10.8V Í HSC Tösku
2 stk. 1.5Ah Li-ion rafhlöður,
Led ljós. Hersla 35Nm.
5246788



Sjáðu verðið!

45% afsláttur

KAINDL

1.259 kr/m²

~~2.289 kr/m²~~

Harðparket, eikarplanki
8 mm, bandsagað.
147071

25% afsláttur
af ÖLLUM STANLEY pressum



25% afsláttur

STANLEY

SÚPER TILBOÐ

17.996 kr

~~23.995 kr~~

Loftpressa
Nuair Stanley Twenty. 1,5Hp, -1.1kW, 24 ltr., tankur,10 bör, 180 ltr.
5255114



30% afsláttur

SÚPER TILBOÐ

8.115 kr

~~11.595 kr~~

Handlaugartæki
Damixa Pine handlaugartæki.
8000033



21% afsláttur

Sjáðu verðið!

avasco

SÚPER TILBOÐ

5.495 kr

~~6.995 kr~~

Hillurekki Strong 265 Galv
Stærð: 176x90x45 cm.
Hver hilla ber 265 kg. Litur: Galv.
5803674

265 kg HVER HILLA

Byggjum á betra verði

FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA




Einstök 9 nátta ferð þar sem farþegum gefst kostur á að njóta lífsins á einstaklega fallegum hótelum sem standa við strandlengju Marokkó. Á hótelunum er frábær aðstaða til að næra sál og líkama í fullkominni slökun, dekri og vellíðan - allt eftir því hvað hver og einn kýs.


PARADIS PLAGE


ROYAL ATLAS

Flogið er beint til Agadir í Marokkó og dvalið fyrstu 6 næturnar á Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort og síðustu 3 næturnar á Hotel Royal Atlas Agadir. Á Paradise Plage Surf Yoga & Spa 4* er kjörið að njóta lífsins og alls hins besta sem hótelið hefur uppá að bjóða í mat, drykk og afþreyingu.


JÓGA 12.500/mann


JÓGA & DEKUR 23.000/mann


BRIMBRETTI & JÓGA 23.000/mann


ALLUR PAKKINN 36.000/mann

Á Paradise Plage er boðið upp á jóga, nudd, tyrknesk böð og ýmsar heilsu- og nuddmeðferðir. Fyrir þá sem vilja sörfa en eru óvanir þá er hér í boði brimbrettakennsla. Unnt er að bæta við bókun á ferðinni dásamlegum 5 daga afþreyingarpökkum: **Jóga** með 5x90 mín. jógatímum. **Jóga & Dekur** með 5x75 mín. jógatímum, 2 arabískum böðum, 1 kornmaska og 2 slökunarnuddum 25/50 mín. **Brimbrettaskóli** með 5x90 mín. brimbrettatímum. **Brimbretti & Jóga** með 5x90 mín. brimbretta- og jógatímum. **Brimbretti, jóga og dekur** með 5x90 mín. brimbretta- og jógatímum ásamt 2 arabískum ilmolíuböðum, 2 arabískum gufuböðum og 2x25 mín. nuddum.

Síðari hluta ferðarinnar er dvalið á Royal Atlas Agadir 4*+ í Agadir, sem er stærsti sólstrandarstaður Marokkó. Í Agadir er að finna gullna strandlengju eins langt og augað eygir en á þessum fallega stað skín sólin um 300 daga á ári.

**Frá kr. 197.895 m/morgunmat & hálfu fæði skv. ferðalýsingu**
Netverð á mann frá kr.197.895 m.v. 2 í herbergi.

**Innifalið:** Flug, skattar, gisting í 6 nætur á Hotel Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort 4* m/hálfu fæði og 3 í nætur á Hótel Royal Atlas Agadir 4*+ m/morgunmat. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM83079

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu


## Minntust fórnarlamba í Finnlandi



Finnar minntust í gærkvöldi þeirra tveggja sem voru myrtir í hnífsstunguárás á Puutori-torgi og Markaðstorginu í finnsku borginni Turku í gær. Sex voru jafnframt særðir áður en lögregla skaut árásarmann í fótinn og handtók hann. Lögregla tilkynnti í kjölfarið að leit stæði yfir að fleiri árásarmönnum. NORDICPHOTOS/AFP

# Verkefnaskortur leiddi til uppsagna hjá Matís

**Útlit var fyrir mikinn rekstrarvanda hjá Matís en átta starfsmönnum var sagt upp störfum í júlí. Verkefnum fyrirtækisins hefur fækkað og styrking krónunnar og hækkun launa höfðu áhrif. Mikil óánægja ríkir meðal starfsmanna Matís.**

**VINNUMARKAÐUR** Átta starfsmönnum Matís var sagt upp störfum í síðasta mánuði þegar útlit var fyrir mikinn rekstrarvanda hjá opinbera hlutafélaginu. Forstjóri Matís segir styrkingu krónunnar og verkefnaskort hafa leitt til nauðsynlegra hagræðingaraðgerða svo fyrirtækið yrði ekki rekið með tapi á árinu.

„Uppsagnirnar í júlí voru einfaldlega út af rekstrarstöðunni. Annars vegar höfum við þurft að glíma við hækkun launa, eins og á almennum vinnumarkaði. Styrking krónunnar í þeim verkefnum sem við vorum komin með hefur áhrif en verulegur partur af okkar verkefnum hefur komið úr erlendum samkeppnissjóðum. Við höfðum sett út nokkra öngla en færri bitu á en gert var ráð fyrir,“ segir Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, í samtali við Fréttablaðið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ríkir mikil óánægja á meðal starfsmanna Matís vegna þess hvernig staðið var að hagræðingaraðgerðunum. Að sögn Sveins gæti þurft að skera enn frekar niður í ferðakostnaði starfsmanna og innkaupum á aðföngum. Um 120 manns vinna hjá Matís sem veitir ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja í sjávarútvegi og landbúnaði í verkefnum eins og matvælaöryggi, erfðatækni, umhverfismálum, vöruþróun og fleira.



Höfuðstöðvar Matís. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Við höfðum sett út nokkra öngla en færri bitu á en gert var ráð fyrir.
>
> Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís



„Við ákváðum að taka á þessum málum strax en núna eru engar áætlanir um frekari uppsagnir. Þær í júlí tengdust starfsfólki af ýmsum sviðum og með mismunandi starfsaldur. Það var horft á ýmsa þætti í starfseminni þegar þessar ákvarðanir voru teknar,“ segir Sveinn.

Matís er að stærstum hluta rekið fyrir sjálfsaflafé og alþjóðlegu rannsóknarverkefnin hafa verið grunnurinn að vexti þess. Rétt um fjórðungur af heildarfjármögnun fyrirtækisins er í gegnum þjónustusamning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

„Það er óvenju lágt í alþjóðlegum samanburði eða þegar við miðum okkur við álíka fyrirtæki og stofnanir. Okkar fjármögnun er að stórum hluta úr samkeppnissjóðum sem er í eðli sínu tiltölulega óviss fjármögnun.“ **haraldur@frettabladid.is**


Gleðilega hátíð
Landsbankinn er máttarstólpi Menningarnætur og hefur verið allt frá því að Menningarnótt var fyrst haldin. Við tökum virkan þátt í hátíðarhöldunum og bjóðum upp á fjölbreytta dagskrá í útibúi bankans í Austurstræti 11 á Menningarnótt.
Kl. 13.00 / 14.00 Listaverkaganga
Kl. 15.00 Áttan
Kl. 16.00 Lalli töframaður
Kl. 17.00 Friðrik Dór
Verið hjartanlega velkomin.
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

Menningarnótt í Hörpu 2017

**Eldborg — 2. hæð**

15:00 Fjölskyldutónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands *Miðar afhentir frá kl 11:00 í miðasölu Hörpu, frítt inn meðan húsrúm leyfir*

17:00 Rómeó & Júlía með Sinfóníuhljómsveit Íslands *Miðar afhentir frá kl 11:00 í miðasölu Hörpu, frítt inn meðan húsrúm leyfir*

19:30 Stórsveit Reykjavíkur

**Norðurljós — 2. hæð**

14:00 Súkkulaðikökuópera *Guja Sandholt*

14:45 Reykjavík Classics *Sumartónleikaröð í Hörpu*

15:15 Perlur íslenskra sönglaga *Rótgróin tónleikaröð í Hörpu*

16:00 Frönsk kaffihúsalög *Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Bergþór Pálsson ásamt Kjartani Valdemarssyni*

17:00 Óperuakademía unga fólksins — *Hormónar, himnaríki og heitar ástir*

**Kaldalón — 1. hæð**

13:00 Blúshátíð í Reykjavík

14:30 Stage Network Europe *Ungmennahljómsveitir frá Hollandi og Frakklandi*

16:00 Færeysk tónlistaratriði *Danny & the Veetos, Guðrið Hansdóttir og Stanley Samuelsen*

**Kolabrautin — 4. hæð**

15:00 Múlakvintettinn

**Opin rými**

14:40 — 16:00 Maxímús Músíkús og vinkona hans Petítla Píruetta heilsa börnunum

**Flói — 1. hæð**

13:00 Nemendatónleikar *Tónlistarhátíð unga fólksins*

14:30 Litháenskir þjóðdansar og þjóðlög

16:00 Háskóladansinn sýnir og kennir dansa

**Hörpuhorn — 2. hæð**

13:00 Íslenska óperan *Búningasýning*

13:30 Blásarahópur *Tónlistarhátíð unga fólksins*

14:05 Vinir Jónsa syngja til minningar um Jón Stefánsson

14:30 Þyrnirós — *Ballerínur frá Klassíska listdansskólanum*

15:30 Sönghópurinn Spectrum

16:05 Þyrnirós — *Ballerínur frá Klassíska listdansskólanum*

16:30 Strengjasveit *Tónlistarhátíð unga fólksins*

**Norðurbryggja — 1. hæð**

13:00 — 17:00 Íslenska óperan *Hattar fyrir krakka*

14:00 — 17:00 Töfrahurð *Hljóðfærasmiðja og föndur*

**Hörputorg**

13:00 Cadillac klúbburinn sýnir glæsikerrur

**K1 og K2 — kjallari**

10:00 — 18:00 Opið verður í Expó skálann

12:00 — 15:00 Portrait — *Innsetning Ingibjargar Friðriksdóttur*

12:00 — 18:00 Om–kvörnin — *Innsetning Péturs Eggertssonar Gjörningur kl. 14:00*

harpa.is/menningarnott #harpa

HARPA

Brandenburg | SÍA






**Toppstöðin við Rafstöðvarveg 4 var reist árið 1946. Á sínum tíma stóð til að rífa húsið en þeim áætlunum hefur nú verið breytt.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# 250 milljóna króna viðgerð á Toppstöðinni

**Borgarráð hefur samþykkt tillögu um að leggja 250 milljónir í viðgerð á Toppstöðinni. Sjálfstæðismenn vilja að féð fari í brýnar viðgerðir á skólahúsnæði.**

**REYKJAVÍKURBORG** Sjálfstæðismenn í borgarstjórn eru ósáttir við hugmyndir um að verja eigi 250 milljónum króna í uppbyggingu á Rafstöðvarvegi 4. Segja þeir eðlilegra að ráðast í bráðaviðgerðir á húsnæði grunnskóla og leikskóla en að verja fé í þetta.

Borgarráð samþykkti á fimmtudaginn tillögu þess efnis að auglýst verði eftir samstarfsaðila um þróun Toppstöðvarinnar í Elliðaárdal. Í greinargerð með tillögunni segir að gert sé ráð fyrir að lagðar verði 250 milljónir í viðgerðir á húsinu. „Sú upphæð mun að öllum líkindum einungis duga til þess að bæta ytra byrði en umtalsvert meiri fjárfestingu þarf til þess að koma húsinu í góð framtíðarnot,“ segir í greinargerð með tillögunni. Því þyrfti samstarfsaðili sjálfur að fjármagna framkvæmdir umfram framkvæmdir borgarinnar sem þarf til að búa húsið undir nýja starfsemi. Áður hafði verið ákveðið að rífa húsið, en þeim áætlunum hefur nú verið breytt.

„Við óskum líka eftir upplýsingum um hver niðurrifskostnaðurinn gæti orðið. En mér finnst ólíklegt að þetta hús verði rifið. Út frá byggingarlegu sjónarmiði er þetta merkilegt hús, er mér sagt. Þetta er stálgrindarhús sem er hnoðað. Einhvers konar Marshallaðstoðarhús,“ segir Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn. Þess vegna sé eðlilegast að fá rekstraraðila sem geti að fullu skilað viðhaldspeningunum til baka í leigu eða einhverju svipuð formi. „En við hlaupum ekki í viðgerðir á þessu húsi fyrir 250 milljónir þegar þörfin er svona brýn í leikskólum og grunnskólum,“ bætir Halldór við.

Björn Blöndal, formaður borgarráðs, segir að þrátt fyrir bókunina hafi Sjálfstæðismenn samþykkt tillöguna í atkvæðagreiðslu. „Ég er alveg sammála því að maður verður alltaf að hugsa þetta, hvar á maður að nota peningana. En þau láta líta út eins og við séum ekkert að gera í viðhaldi í leikskólum og grunnskólum. Það er mesta kjaftæði,“ segir Björn og bætir við að í ár sé fimm milljörðum varið í nýbyggingar, viðbyggingar og endurgerð skólalóða. Hann bætir því jafnframt við að ekki verði lagðir peningar í viðhald á Toppstöðinni fyrr en það liggur ljóst fyrir hvaða hugmyndir mögulegir samstarfsaðilar koma með. **jonhakon@frettabladid.is**

> **Þau láta líta út eins og við séum ekkert að gera í viðhaldi í leikskólum og grunnskólum. Það er mesta kjaftæði.**
>
> Björn Blöndal, formaður borgarráðs



## Reist árið 1946

Hús Toppstöðvarinnar að Rafstöðvarvegi 4 var reist árið 1946. Samkvæmt upplýsingum sem Borgarsögusafn hefur tekið saman var húsið tekið í notkun árið 1948 og hafði það hlutverk að sinna toppálagspunktum í raforkuþörf og hitaveitu og dregur nafn sitt af því hlutverki. Með tilkomu Búrfellsvirkjunar árið 1969 minnkaði notkun Toppstöðvarinnar en hún var endanlega lögð af árið 1981. Árið 2008 tók samnefnt frumkvöðlasetur hluta hússins undir sína starfsemi.


25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
SKÓLAVÖRUM
18.-20. ÁGÚST
Verðdæmi 13.499 fullt verð 17.999
Verðdæmi 1.867 fullt verð 2.489
Skólaskæri
Verðdæmi 385 fullt verð 513
Spilastokkur
Verðdæmi 187 fullt verð 249
Litir 12 stk.
Verðdæmi 496 fullt verð 661
Netapoki A4/A5/A6
Verð frá 142 fullt verð 189
Bréfabindi 5 cm.
Verðdæmi 292 fullt verð 389
Vasareiknir
Verðdæmi 397 fullt verð 529
Teygjumappa
Verðdæmi 592 fullt verð 789
Minnisbók
Verðdæmi 997 fullt verð 1.329
Pennaveski
Verðdæmi 1.424 fullt verð 1.899
Ritfangasett
Verðdæmi 487 fullt verð 649
Pennaveski
Verðdæmi 1.117 fullt verð 1.489
Gildir til 20. ágúst á meðan birgðir endast. Allt úrval fæst í Smáralind, Skeifunni og Garðabæ minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## LEIÐRÉTTING

*Í frétt Fréttablaðsins í gær um aflifun graðhesta í Hörgársveit var því ranglega haldið fram að eigandi hrossanna hefði verið sviptur umráðum yfir þeim. Matvælastofnun (MAST) fullyrðir að engin vörslusvipting hafi farið fram og var flutningur dýranna á ábyrgð eiganda. Leiðréttist þetta hér með.*

*Í tilkynningu frá MAST segir enn fremur að ekki hafi verið hægt að fylgja reglugerð um velferð hrossa til að aflífa dýrin, en þau voru skotin í bóginn en ekki í ennið. Samkvæmt MAST var um mikið slasaða, ótamda graðhesta að ræða, því var notuð sú aflífunaraðferð sem þótti viðeigandi með tilliti til velferðar hrossanna.*

# Mikilvægt að veggjald fæli bílstjóra ekki frá

**Veggjald í Vaðlaheiðargöng er 1.500 kr. í líkönum. Rekstrarhagfræðingur segir mikilvægt að greina hvert gjaldið má vera til að tryggja að fólk vilji nota göngin og spara sér 15 kílómetra akstur. Stefnt á að taka göngin í notkun næsta sumar.**

**SAMGÖNGUR** Ljóst er að gjaldskrá Vaðlaheiðarganga verður að vera talsvert hærri en í Hvalfirði til þess að endurheimtur lána að fullu séu raunhæfar. Þetta kemur fram í skýrslu Friðriks Friðrikssonar rekstrarhagfræðings sem unnin var fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið og birtist í gær. Í viðmiðunarlíkönum bæði IFS Greiningar og í skýrslu Friðriks er gert ráð fyrir að veggjald í göngin verði að meðaltali 1.220 kr. án vsk. eða um 1.500 krónur með vsk. Í skýrslunni kemur fram að þjóðhagslega hagkvæmt verður að tryggja að sem allra mest af umferðinni fari í gegnum göngin. Afar mikilvægt sé að fara í vandaða greiningu á því hvert veggjaldið megi vera til að tryggja að fólk vilji nota þau því göngin stytta vegalengdina aðeins um 15 kílómetra. Tiltölulega lítil vegstytting gerir ákvörðun um upphæð veggjalda mjög vandasama. Í skýrslu Friðriks er miðað við 40 ára endurgreiðslutíma á langtímaláni ríkisins til Vaðlaheiðarganga. Styttri lánstími sé varla raunhæfur, bendir hann á.

Í frumathugun frá 2002 kom fram að gjaldið mætti ekki vera hærra en kostnaður við að aka 15 kílómetra leið, bæði í rekstri bifreiðar og tíma bílstjóra. Ekki sé líklegt að vegfarendur sætti sig við veggjöld sem væru hlutfallslega mun hærri en í Hvalfirði þegar litið er til munar á styttingu vegalengda og þar með sparnaðar umferðarinnar.

Ef áætlanir standast verða Vaðlaheiðargöng tekin í notkun síðsumars 2018. Dragist opnunin fram yfir ágúst munu þau ekki nýtast fyrir þá miklu umferð sem er á svæðinu.

**benediktboas@frettabladid.is**



**Frá hausti 2018 til vors 2021 fást svör við spurningum sem skipta mestu máli um rekstrarforsendur ganganna, segir í skýrslunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**» Styttri lánstími en 40 ár sé varla raunhæfur.**



KORTA-SALAN HEFST Á ÞRIÐJUDAG
ÞAÐ BORGAR SIG AÐ BÓKA Á NETINU
568 8000 • BORGARLEIKHUS.IS

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT



Nýr Volkswagen Tiguan með kaupauka.

Skarpar línur, ríkulegt innanrými og sniðugar tækninýjungar gera Volkswagen Tiguan að spennandi valkosti ef þú ert í bílahugleiðingum. Ríkulegur staðalbúnaður og freistandi kaupauki fylgir með bílum sem keyptir eru í júlí og ágúst. Komdu í reynsluakstur og ræddu við okkur. Hlökkum til að sjá þig.

Tiguan Comfortline TSI, sjálfsk. fjórhjóladrifinn
5.890.000 kr.

Við látum framtíðina rætast.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA BÍLL ÁRSINS 2017

Kaupauki að verðmæti 425.000 kr.
· Rafdrifinn afturhleri
· Lyklalaust aðgengi
· Aðfellanlegir hliðarspeglar
· Niðurfellanlegur dráttarkrókur

Volkswagen

www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ


SKÓLABJÖLLUR KLINGJA!
VILDARVERÐ: 13.649.- Verð: 19.499.-
VILDARVERÐ: 13.649.- Verð: 19.499.-
VILDARVERÐ: 6.999.- Verð: 9.999.-
VILDARVERÐ: 13.649.- Verð: 19.499.-
VILDARVERÐ: 9.799.- Verð: 13.999.-
PULSE
VILDARVERÐ: 13.649.- Verð: 19.499.-
VILDARVERÐ: 11.899.- Verð: 16.999.-
VILDARVERÐ: 13.649.- Verð: 19.499.-
VILDARVERÐ: 11.899.- Verð: 16.999.-
VILDARVERÐ: 13.649.- Verð: 19.499.-
ENSKUR MÁLFRÆÐILYKILL
Enskur málfræðilykill TILBOÐSVERÐ: 799.- Áður: 999.-
Of Mice and Men TILBOÐSVERÐ: 1.759.- Áður: 2.199.-
Nýir tímar TILBOÐSVERÐ: 5.199.- Áður: 6.499.-
Bókfærsla I TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Áður: 5.599.-
The Hobbit TILBOÐSVERÐ: 1.599.- Áður: 1.999.-
Íslenska eitt TILBOÐSVERÐ: 5.399.- Áður: 6.799.-
Essential Academic Vocabulary TILBOÐSVERÐ: 4.799.- Áður: 5.999.-
The Curious Incident of The Dog in The Night TILBOÐSVERÐ: 1.599.- Áður: 1.999.-
KÚLUGELPENNI ENERGEL 0,7 TILBOÐSVERÐ: 199.- Fullt verð: 349.-
SOS NOTES STÍLA- OG VERKEFNABÆKUR TILBOÐSVERÐ FRÁ: 899.- Fullt verð frá: 1.499.-
Sæktu SOS Notes smáforritið (App Store/Google Play) og skannaðu síðurnar auðveldlega inn í símann eða spjaldtölvuna. Þaðan getur þú deilt þeim í gegnum tölvupóst, Dropbox eða Facebook.
Algjör snilld fyrir fundargerðir og glósur!
VATNSBRÚSI FYLGIR ÖLLUM SKÓLA INNKAUPUM
STÆ 103
SKIPTIBÓKA BÓNUS!
PASSAÐU AFGANGINN
+400
VASAREIKNIR CASIO FX-350ES TILBOÐSVERÐ: 1.699.- Fullt verð: 2.799.-
Fyrir hverja skiptibók sem þú skilar inn færðu 400 krónur í bónus! Í Pennanum Eymundsson færðu MIKLU MEIRA fyrir bækurnar þínar. Tilboðið gildir út sunnudaginn 20. ágúst.
Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða og tilboða er til og með 21. ágúst, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Vildu þrýsta á kjósendur og stjórnvöld

**Íslamska ríkið vill að Spánverjar dragi sig úr hernaðarbandalaginu gegn ISIS. Fjórtán eru nú látnir eftir árásina á Römblunni í Barcelona. Lögregla fann tuttugu gastanka, útbúna til þess að nota í stórum árásum á Barcelona. Þriggja daga þjóðarsorg lýst yfir á Spáni.**

**SPÁNN** Markmiðið með árás hryðjuverkamanna Íslamska ríkisins (ISIS) á Römbluna í Barcelona var að setja þrýsting á spænsk stjórnvöld og spænskan almenning í þeirri von að Spánn dragi sig út úr hernaðarbandalaginu gegn ISIS. Þessu hélt Mina al-Lami, greinandi BBC, fram á vefsíðu breska ríkisútvarpsins í gær.

Rás ISIS á spjallforritinu Telegram birti í kjölfar árásarinnar fjölda innleggja, bæði á arabísku og spænsku, þar sem þeim skilaboðum var beint til Spánverja að ríkisstjórn þeirra bæri ábyrgð á árásinni.

„Spánverjar. Ekki flykkjast út á götur til að mótmæla hryðjuverkum, það er tilgangslaust. Þrýstið frekar á ríkisstjórn ykkar og fáið hana til að draga Spán úr þessu krossfararbandalagi," stóð í einum skilaboðum.

Í öðrum skilaboðum stóð að fleiri árása væri að vænta. „Spánverjar. Það sem gerðist í Barcelona er bara byrjunin."

Al-Lami hélt því jafnframt fram að miðausturlenskir hryðjuverkamenn litu á árásirnar í Madríd árið 2004 sem fullkomið dæmi um vel heppnaða árás. Árásin var gerð þremur dögum fyrir þingkosningar á Spáni og og átti drjúgan þátt í því að Spánverjar drógu hermenn sína heim frá Írak.

Tala látinna hækkaði í fjórtán í gær en margir liggja enn þungt haldnir á sjúkrahúsi og þá felldi lögregla einnig fimm sem grunaðir eru um aðild að árásinni í bænum Cambrils.

Umfangsmikil leit var í gær gerð að hinum marokkóska Moussa Oukabir, sem talinn er hafa keyrt sendiferðabíl niður Römbluna með fyrrnefndum afleiðingum. Seint í gærkvöldi var greint frá því að Oukabir hefði verið á meðal þeirra sem lögregla skaut til bana í Cambrils.

Spænskir fjölmiðlar greindu frá því að Oukabir hefði leigt tvo sendiferðabíla, annan til að fremja voðaverkið og hinn til þess að sleppa. Driss Oukabir, bróðir Moussa, var eftirlýstur um stund en skilríki hans voru notuð til að leigja bílana. Hann gaf sig fram á miðvikudag og sagðist saklaus, skilríkjum hans hefði verið stolið.

Þá leitar lögregla einnig að þeim Said Aallaa, Mohamed Hychami og Younes Abouyaaqoub. Allir eru þeir fæddir í Marokkó.

Katalónska lögreglan greindi frá því í gær að til hefði staðið að gera mun stærri árásir en þá sem gerð var á Römbluna. Á miðvikudag sprungu gastankar í húsi í smábænum Alcanar, suður af Barcelona. Sagði lögregla að þar hefðu fundist um tuttugu gastankar sem voru útbúnir til þess að nota í stórum árásum.

Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, lýsti í gær yfir þriggja daga þjóðarsorg á Spáni. Þá munu Spánverjar heiðra hina látnu með mínútu þögn í hádeginu í dag, eða klukkan 10.00 að íslenskum tíma.

thorgnyr@frettabladid.is



**Þjóðarsorg ríkir nú á Spáni vegna hryðjuverkaárásarinnar.** NORDICPHOTOS/AFP

> Spánverjar. Það sem gerðist í Barcelona er bara byrjunin.
>
> Af samskiptarás ISIS í spjallforritinu Telegram




## Flugvirkjanám

Alþjóðlegt verknám með mikla atvinnumöguleika

Markvisst, sérhæft og faglegt nám fyrir þá sem hafa áhuga á vélum, rafmagni og flóknum tækjabúnaði.

Samstarf við alla helstu flugrekendur og viðhaldsstöðvar á Íslandi. Kennsla fer fram á ensku.

Nánari upplýsingar um verð og námsskipulag má finna á heimasíðu Flugskóla Íslands (flugskoli.is) en námið er lánshæft hjá LÍN.

Námið hefst 4. september.
Umsóknir og fyrirspurnir sendist á petur@flugskoli.is

Unnið í samstarfi við Resource Group, Aviation Technical Training division (LRTT Ltd) sem er viðurkenndur EASA Part 147 þjálfunaraðili með aðalstöðvar í Bretlandi.

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn




# GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI

– með tækninámi hjá Promennt

GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR

## FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. **Mjög margir nemendur okkar hafa hafið störf á nýjum vettvangi eftir námið.**

**VIÐFANGSEFNI**
Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA • MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

**STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM**
Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

**ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR**
Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

**ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU**
Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

**STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ – STARFSNÁM**
Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Microsoft, Nýherja, Opin kerfi, Advania og Sensa. Nemendum geftst kostur á að fara í starfsnám tvisar sinnum á námstímanum.

Hefst: **28. og 29. ágúst 2017** • Lýkur: **Júní 2018**
*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

## AÐRAR LÁNSHÆFAR NÁMSBRAUTIR TÆKNINÁMS

Netstjórnun – CCNA
Hefst: **4. september**

Kerfisstjórnun: MCSA+O365
Hefst: **28. og 29. ágúst**

**AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?**

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 172907



IDdesign

# 25%
AFSLÁTTUR

## KAMMA
Þriggja sæta sófi og stóll með viðarfótum. Dökkgrátt áklæði.
Sófi: 201 x 84 x 105 cm
Stóll: 91 x 84 x 105 cm

Sófi
**104.993 kr.** ~~139.990 kr.~~
Stóll
**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~

IDdesign



# 38%
AFSLÁTTUR

## SPAN
Vandaður hægindastóll með svörtu eða grænu leðri. Viðarlit eða svört grind og lappir.
**99.990 kr.** ~~159.990 kr.~~

## ELLY
Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt, dökkblátt eða Bordeaux-rautt sléttflauel.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

# 40%
AFSLÁTTUR



**53.994 kr.** ~~89.990 kr.~~



# 40%
AFSLÁTTUR

## MINEOLA
Tveggja og þriggja sæta sófar. Gráblátt slitsterkt áklæði.

2ja sæta: 165 x 88 x 84 cm
**59.994 kr.** ~~99.990 kr.~~

3ja sæta: 195 x 88 x 84 cm
**65.994 kr.** ~~109.990 kr.~~



skovby

# 25%
AFSLÁTTUR

## NAJA
Borðstofuborð. Olíuborin eik, hvíttuð eða óhvíttuð. Stærð: 109 x 190 x 74 cm
Stækkanlegt í 290 cm með stækkunum sem fylgja. Viðbótarstækkanir upp í 390 cm seldar sér.
**172.493 kr.** ~~229.990 kr.~~



# 50%
AFSLÁTTUR

## CASTELLO
Borðstofuborð. Ómeðhöndluð eik. 100 x 240 cm.
**89.995 kr.** ~~179.990 kr.~~



**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

LA-Z-BOY | *Live life comfortably.*



## STANLEY
La-Z-Boy hægindastóll úr svörtu, dökkbrúnu eða vínrauðu leðri.
Stærð: 81 × 94 × 103 cm

109.990 kr. ~~159.990 kr.~~

**30% AFSLÁTTUR**

# HELGAR SPRENGJA

LA-Z-BOY | *Live life comfortably.*

**30% AFSLÁTTUR**



## VAIL
La-Z-Boy hægindastóll úr dökkgráu áklæði.
Stærð: 81 × 92 × 103 cm

48.993 kr. ~~69.990 kr.~~



**60% AFSLÁTTUR**

## OMAHA
Borðstofustóll.
Turkisblátt eða grátt áklæði.

6.396 kr. ~~15.990 kr.~~



**50% AFSLÁTTUR**

## JOLENE
Borðstofustóll.
Svart PU-leður og krómfætur.

6.990 kr. ~~13.990 kr.~~



**25% AFSLÁTTUR**

## ALEXA
Ekta leður, svart eða hvítt. Fætur úr burstuðu stáli.

22.493 kr. ~~29.990 kr.~~

skovby



**25% AFSLÁTTUR**

## DENVER
Borðstofustóll, svart leður og olíuborin eik, hvíttuð eða óhvíttuð.

49.990 kr. ~~66.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Hreyfingarhátíð



Kristín Þorsteinsdóttir

Reykjavíkurmaraþonið fer fram í dag í 33. skipti. Maraþonið hefur fyrir löngu skipað sér sess sem einn af stærstu almenningsviðburðum á Íslandi. Tugir þúsunda fólks á öllum aldri safnast saman í miðborg Reykjavíkur. Sumir hlaupa, aðrir fylgjast með og hvetja hlauparana.

Viðburðir á borð við Reykjavíkurmaraþonið eru samfélaginu mikilvægir. Hlaupnar eru vegalengdir sem henta öllum, ungum sem öldnum, vönum og óreyndum. Þeir allra hörðustu hlaupa maraþon, hálfmaraþon eða tíu kílómetra og berjast bæði við sjálfa sig og aðra hlaupara. Einnig er í boði skemmtiskokk fyrir fjölskyldur eða þá sem láta sér skemmri vegalengdir nægja, og fyrir þau allra yngstu er furðufatahlaup.

Allir ættu að geta fundið sér eitthvað við hæfi í Reykjavíkurmaraþoninu. Í því eru einmitt fólgin skilaboð sem vel hefur tekist að koma áleiðis á seinni árum. Hlaup og hreyfing er ekki bara fyrir þrautþjálfaða maraþonhlaupara, heldur fyrir alla. Hreyfing er ekki bara mikilvæg einstaklingnum, heldur samfélaginu í heild.

Reykjavíkurmaraþonið er sannkölluð hreyfingarhátíð.

Fyrir Reykjavíkurmaraþoninu stendur Íþróttabandalag Reykjavíkur, sem eru samtök íþróttafélaganna í Reykjavík. Íslandsbanki, og forveri þess banka, hefur um árabil verið helsti bakhjarl hlaupsins. Reykjavíkurmaraþonið ber nafn bankans og allt kynningarefni hlaupsins, merki bankans og auglýsingar bera auðkenni sem minna á bankann. Sennilega er stuðningurinn við hlaupið stærsta markaðsátak Íslandsbanka á ári hverju, og nokkuð sem tryggir honum athygli og umfjöllun undir jákvæðum formerkjum.

Á seinni árum hafa áheitasafnanir færst í aukana. Hlauparar velja sér gott málefni og safna áheitum. Á síðasta ári söfnuðust 96 milljónir króna með þessum hætti, og vænta má að það met verði slegið núna.

Það sem ekki allir vita er að þær upphæðir sem safnast gegnum síðuna hlaupastyrkur.is renna ekki óskiptar til þeirra góðu málefna sem hlauparar hafa valið sér. Á síðunni, sem Íslandsbanki rekur og er kirfilega merkt bankanum í auglýsingaskyni, kemur fram að 10% söfnunarfjár að hámarki fari í kostnað við rekstur vefsins, greiðslu færslugjalda og fleira. Í fyrra var þessi kostnaður um fimm milljónir króna.

Ekki skal gert lítið úr stuðningi Íslandsbanka við Reykjavíkurmaraþonið sem hefur verið veglegur gegnum árin, og vafalaust átt þátt í því að hefja hlaupið til vegs og virðingar. Þó verður að segjast að það skýtur skökku við að banki sem á fyrri árshelmingi ársins 2017 hagnaðist um átta milljarða sjái sér ekki fært að taka á sig kostnað sem í stóra samhenginu getur vart talist annað en smápeningar. Hreinlegra væri að styrktarféð rynni óskipt í góðan málstað.

Því skal tækifærið notað hér og skorað á Íslandsbanka að leggja þetta fyrirkomulag af, og sjá til þess að þau áheit sem berast vegna hlaupsins renni óskert til góðra málefna. Jafnvel þótt það kosti bankann einhverjar krónur og aura.

**Þó verður að segjast að það skýtur skökku við að banki sem á fyrri árshelmingi ársins 2017 hagnaðist um 8 milljarða sjái sér ekki fært að taka á sig kostnað sem í stóra samhenginu getur vart talist annað en smápeningar.**


## Hússtjórnarskólinn í Reykjavík



**Laus pláss er enn fyrir nemendur á haustönn 2017.**

Skólastarf hefst ***miðvikudaginn 23. eptember.***

Kynnið ykkur heimasíðu skólans sem er: **hússtjórnarskólinn.is**

Hægt er að senda umsóknir í gegn um heimasíðu skólans eða á netfangið ***husrvik@centrum.is***


## Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



# Bannað án leyfis

Ég afrekaði það sem ungur maður að fara til Austur-Þýskalands. Meira að segja tvisvar. Það var í alla staði mjög áhugavert og ýmislegt sem mér er minnisstætt. Eitt fannst mér sérlega merkilegt. Það var þegar ég spurði hvort við mættum taka myndir. Leiðsögumaðurinn leit í kringum sig og sagði svo: „Ef það er ekki leyft, þá er það sennilega bannað.“

Nú ætla ég ekki að líkja Íslandi við Austur-Þýskaland. En stundum finnst mér eins og kerfið á Íslandi sé að reyna að taka ráðin af fólki sem kannski vill bara fá að taka sínar eigin ákvarðanir og mæta afleiðingunum.

Sennilega er rétt að taka dæmi. Víða um heim er hægt að fara á sérstök kisukaffihús. Þar eru, eins og nafnið bendir til, kettir. Jafnvel margir og hluti af viðskiptahugmyndinni er að fólk, sem kemur á kaffihúsið, vilji vera með köttum. Hljómar bæði einfalt og sanngjarnt. En ekki á Íslandi.

### Best að banna það bara

Hér er bannað að opna kisukaffihús. Það er bara bannað og örugglega með rökum sem einhverjum finnst fullkomlega eðlileg. Það er meira að segja bannað að leyfa eitt einasta dýr inni á kaffihúsi eða í strætó eða flugvél. Nema blindrahunda. Þeir virðast vera ofnæmisprófaðir. Það hlýtur í það minnsta að vera því rökin eru einna helst þau að þetta sé gert fyrir fólk með ofnæmi fyrir dýrum. En hér er brjáluð hugmynd: Væri ekki frekar ólíklegt að fólk með akút ofnæmi fyrir dýrum myndi fara inn á kaffihús sem væri fullt af köttum? Væri það ekki jafn líklegt og að ég álpaðist sjálfviljugur inn í gardínubúð?

### Hvernig tókst okkur þetta?

Í höfuðborg Evrópusambandsins er skemmtilegt veitingahúsahverfi sem samanstendur af litlum og notalegum veitingahúsum. Sum þeirra státa af sínum eigin ketti sem snuddast utan í gestunum, sníkir kannski einn og einn bita og er bara ofboðslega

**Það er meira að segja bannað að leyfa eitt einasta dýr inni á kaffihúsi eða í strætó eða flugvél. Nema blindrahunda. Þeir virðast vera ofnæmisprófaðir.**

krúttlegur, eins og katta er siður. Í ljósi þess að okkur er stundum sagt að Evrópusambandið ákveði allt fyrir okkur, kemur bara tvennt til greina: Íslendingar hafa þróað með sér ofurofnæmi fyrir köttum og dýrum almennt eða (og það sem mér finnst líklegra) að embættismenn hafi bara ekki séð ástæðu til að leyfa svona lagað. Eða öllu heldur sleppa að banna það.

Reyndar bendir margt til þess. Í reglugerð um hollustuhætti er sérstaklega tekið fram að gæludýr (sem er, samkvæmt reglugerðinni, „... hvert það dýr sem haldið er til afþreyingar“) megi ekki vera á húðflúrstofum og sólbaðsstofum! Segjum svo að ég væri að keyra mig í gang fyrir helgina og ætli að skella á mig góðri ermi og henda mér í tvöfaldan túrbótíma. Væri krúttlegur kettlingur það helsta sem ég ætti að hafa áhyggjur af? Og ég sver að ég er ekki að búa þetta til! Hvernig í ósköpunum tókst okkur að búa til kerfi sem gefur sér tíma til að banna gæludýr á sólbaðsstofum?

Er ekki kominn tími til að leyfa okkur bara að taka áhættuna? Án þess að ég sé að gera lítið úr ofnæmi fólks, er ekki líklegt að það myndi bara fara eitthvað annað? Og ef í ljós kæmi að það væru svona rosalega margir með ofnæmi eða annað óþol fyrir dýrum, þá færi staðurinn bara á hausinn. Þá myndum við að minnsta kosti vita það.

Kannski lagast þetta á jólaföstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Tíminn og vatnið

## 100 ára afmælis-sýning á verkum Kristjáns Davíðssonar

**Opið hús á Menningarnótt í húsi Íslenskrar erfðagreiningar**

**Kaffiveitingar og næg bílastæði**

**Allir velkomnir**

11.00

**Tíminn og vatnið – afmælissýning á verkum Kristjáns Davíðssonar**

Opnun á 100 ára afmælissýningu á verkum listmálarans Kristjáns Davíðssonar. Mörg af verkunum eru úr einkasafni fjölskyldu Kristjáns og hafa aldrei verið sýnd áður á opinberum vettvangi. Sýningin stendur yfir allan daginn.

13.00

**Fjöltefli við Jóhann Hjartarson og Magnús Örn Úlfarsson**

Fjöltefli opið öllum við Magnús Örn Úlfarsson og stórmeistarann Jóhann Hjartarson.

14.00

**Hjalti Þór Davíðsson**

Hjalti Þór Davíðsson leikur einleik á píanó.

15.30

**Hjörtur Ingvi Jóhannsson**

Píanóleikarinn Hjörtur Ingvi Jóhannsson leikur djass af fingrum fram.

16.00

**Valdimar Guðmundsson**

Stórsöngvarinn Valdimar Guðmundsson syngur nokkur lög.

16.30

**Tilurð listaverks – Halldór Ásgeirsson**

Halldór Ásgeirsson segir frá tilurð listaverks sem hann gerði fyrir Í.E. í lok síðasta árs og er staðsett í inngangi hússins.

18.00

**Dagskrá lýkur**




decode.is/menningarnott

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Þróttarar enduðu sigurgöngu HK í kvöldsólinni í Dalnum



**Karaktersigur fyrir Köttara** Þróttarar voru sjö stigum á eftir toppliði Keflavíkur í hálfleik en sneru við sínum leik á móti HK og á sama tíma misstu Keflvíkingar niður tveggja marka forskot á móti Haukum. Þróttarar enduðu því kvöldið aðeins einu stigi frá toppnum. Viktor Helgi Benediktsson reynir hér að stöðva Þróttarann Vilhjálm Pálmason sem var HK-ingum mjög erfiður í kvöldsólinni í Laugardalnum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Inkasso-deild karla**

| | |
|---|---|
| **Þór Ak. - Fram** | **2-2** |
| **Þrottur R. - HK** | **2-1** |
| **Haukar - Keflavík** | **4-2** |

| **Efst** | | **Neðst** | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 34 | Selfoss | 21 |
| Þróttur | 33 | ÍR | 16 |
| Fylkir | 30 | Grótta | 9 |
| Haukar | 30 | Leiknir F. | 7 |

### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 11.20 | **Swansea - Man. Utd** | Sport |
| 13.20 | **Hamburg - Augsburg** | Sport 2 |
| 13.50 | **Liverpool - C. Palace** | Sport |
| 16.20 | **Stoke - Arsenal** | Sport |
| 17.00 | **Solheim Cup** | Golfstöðin |
| 19.00 | **Wyndham Champ.** | Sport 4 |
| | ***Frumsýningar*** | |
| 16.15 | **Burnley - WBA** | Sport 2 |
| 18.00 | **Leicester - Brighton** | Sport 2 |
| 18.30 | **Bournem. - Watford** | Sport 3 |
| 18.30 | **So´ton - West Ham** | Sport |

### Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| 12.20 | **Huddersf. - Newcastle** | Sport |
| 14.50 | **Tottenham - Chelsea** | Sport |
| 15.45 | **ÍA - ÍBV** | Sport 2 |
| 16.00 | **Solheim Cup** | Golfstöðin |
| 17.00 | **Messan** | Sport |
| 17.55 | **Víkingur R. - KA** | Sport 2 |
| 18.10 | **Barcelona - R. Betis** | Sport 3 |
| 19.00 | **Wyndham Champ.** | Sport 4 |
| 20.10 | **Deportiv. - Real Mad.** | Sport 2 |

**Pepsi-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | **ÍA - ÍBV** | Akranes |
| 18.00 | **Víkingur R. - KA** | Víkin |
| 18.00 | **Víkingur Ó. - Breiðab.** | Ólafsv. |

# Ég er fúll og brjálaður

**Sigurður Þorsteinsson er að vonum svekktur yfir að eiga ekki möguleika á því að spila með íslenska landsliðinu á EM en hann sýnir þó ákvörðun þjálfarans skilning. Hann segir frábært að búa í Grindavík og bíður spenntur eftir að byrja.**

**KÖRFUBOLTI** „Það er mjög gott að koma heim. Deildin hér heima er góð og mikil og góð umfjöllun um hana. Það er fínt að koma heim og hlaða batteríin í eitt ár," segir Sigurður Gunnar Þorsteinsson en hann skrifaði undir samning við Grindavík fyrr í vikunni.

Sigurður hefur leikið erlendis síðustu þrjú ár. Var fyrst eitt ár í Svíþjóð en síðustu tvö tímabil hefur hann spilað í Grikklandi.

„Það var ýmislegt sem kom upp á og þetta þróaðist í þessa átt og nú er ég kominn aftur í Grindavík," segir þessi 29 ára gamli og 205 sentimetra hái leikmaður. Hann spilaði með Grindavík í þrjú ár áður en hann fór út en var þar áður hjá Keflavík og KFÍ.



Sigurður mælir með því að sem flestir prófi að spila körfubolta í Grindavík. Segir að það sé frábært. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Mikil lífsreynslu

Þessi sterki strákur hefur safnað mikilli reynslu erlendis og er ánægður með dvölina ytra.

„Þetta var mjög skemmtilegt og ég var í tveimur góðum deildum. Þetta var ákveðin lífsreynsla sem maður býr nú að. Boltinn þarna úti er talsvert öðruvísi en hér heima. Meira stillt upp og skotklukkan nýtt. Ég tel mig hafa þroskast og lært heilmikið um körfubolta á þessum árum. Það er ýmislegt sem maður lærir og ekki síst hvernig maður horfir á leikinn."

Miðherjinn hafði mestan áhuga á því að ganga aftur í raðir Grindavíkur og það gekk eftir að hann komst þangað.

„Ég gaf öðrum liðum ekki mikið færi á mér. Mér leið alltaf vel í Grindavík og mæli eindregið með því að leikmenn prófi að spila þar. Það er frábært að vera í Grindavík," segir Sigurður en Grindjánar eru komnir með mjög sterkt lið og eru líklegir til afreka á komandi vetri í Domino's-deildinni.

„Ég veit ekki betur en að við stefnum að því að vinna titla. KR verður liðið sem öll lið ætla sér að vinna. Svo hefur landslagið mikið breyst. Við verðum góðir sem og Stólarnir. ÍR endaði vel í fyrra og verður spennandi að fylgjast með þeim í vetur."

### Verð að kyngja þessu

Þessi vinalegi risi var í æfingahópi íslenska landsliðsins fyrir EM en lenti í síðasta niðurskurði. Hann kemst því ekki á EM rétt eins og síðast er liðið fór þangað.

„Ég er fúll og brjálaður en maður verður að kyngja því. Ég ætlaði mér að komast út með liðinu núna og auðvitað er ég ósáttur við ákvörðun þjálfarans en maður skilur að hann þarf að velja og valið er erfitt," segir Sigurður þó kurteislega en hvernig metur hann möguleika íslenska liðsins á EM?

„Ef við horfum á pappírana þá er alveg ljóst að þetta verður erfitt en ég held að liðið eigi góða möguleika á því að vinna einn til tvo leiki. Það er talað um að það þurfi að vinna tvo til þess að komast áfram. Ef liðið vinnur leik snemma þá er alltaf möguleiki að taka annan."

Bárðdælingurinn ungi Tryggvi Hlinason er ein ástæðan fyrir því að Sigurður komst ekki í hópinn og hann ber sveitadrengnum unga vel söguna.

„Tryggvi er gríðarlega hæfileikaríkur og hefur bætt sig mikið. Ég hef meira að segja séð hann taka stórt skref. Það verður mjög spennandi að fylgjast með honum á EM gegn hinum stóru strákunum."

henry@frettabladid.is




Gönguferðir

í boði Faxaflóahafna

Þann 16. nóvember 2017 verða liðin 100 ár frá því að Gamla höfnin í Reykjavík var tekin formlega í notkun.



Faxaflóahafnir sf. hafa verið að bjóða almenningi tvisvar sinnum í mánuði í allt sumar upp á gönguferðir um hafnarsvæðið undir leiðsögn Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings.



Gönguferðirnar byrja við myndasýninguna á Miðbakka, haldið í vesturátt og endað úti á Granda.

Nú er komið að tveimur síðustu gönguferðunum:

Laugardaginn 19. ágúst
kl. 14.00-15:30

Sunnudaginn 27. ágúst
kl. 14.00-15:30



Hlökkum til að sjá ykkur!




Íslensk Getspá

ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

ÖBÍ

UMFÍ

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

# Bröns og te fyrir lengra komna

**Marentza Poulsen** sem landsmenn þekkja að góðu stendur vaktina á kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum. Aðstaðan hefur verið endurgerð og Marentza hlakkar til að bjóða upp á bröns um helgar og halda teboð fyrir lengra komna.

Kaffihúsið á Kjarvalsstöðum verður opið um helgina eftir langt hlé. Aðstaðan hefur verið endurgerð og bætt. „Það var kominn tími til þess að fríska upp á kaffihúsið og aðstöðuna. Kjarvalsstaðir eru fallegt hús sem við getum verið stolt af, einn okkar glæsilegasti arkitektúr,“ segir Marentza Poulsen sem rekur kaffihúsið. „Það þurfti að bæta aðstöðuna og afgreiðsluna. Það er svo mikil gleði fyrir augað í safninu sjálfu og þess vegna verður kaffihúsið líka að vera fallegt,“ segir Marentza. „Ég vil að héðan fari allir glaðir út.“

> ÞAÐ ER SVO MIKIL GLEÐI FYRIR AUGAÐ Í SAFNINU SJÁLFU OG ÞESS VEGNA VERÐUR KAFFIHÚSIÐ LÍKA AÐ VERA FALLEGT.

Þótt kaffihúsið verði opið um helgina verður staðurinn formlega opnaður í næstu viku. „Þá fá gestir að njóta nýs matseðils og þjónustu. Við munum bjóða upp á bröns um helgar. Í hádeginu verðum við með snögga og góða afgreiðslu og bjóðum til dæmis upp á smurbrauð og heimabakaðar kökur og fleira. Fyrstu helgina í hverjum mánuði verðum við með te fyrir lengra komna, svokallað High-tea,“ segir Marentza sem gefur forsmekk að veitingunum með uppskrift að ferskum rabarbarasnaps og smurbrauði með kartöflum og rækjum.



Marentza Poulsen er ánægð með breytingar sem hafa verið gerðar á eldhúsi og afgreiðslu veitinga á Kjarvalsstöðum. Kaffihúsið verður opið á opnunartíma safnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Smurbrauð með nýuppteknum kartöflum, rækjum, súrsuðu eggi og sítrusmajónesi

Smyrjið rúgbrauðsneið með smjöri. Skerið kartöfluna í fallegar sneiðar og raðið ofan á brauðsneiðina. Setjið eina matskeið af sítrusmajónesi eftir miðju ofan á kartöflusneiðarnar, raðið rækjum ofan á majónesið og síðan súrsaða egginu skornu í báta. Skreytt með radísum, dilli og ætum blómum úr garðinum.

**SÍTRUSMAJÓNES**

2 dl af majónesi
1 msk. sítrónusafi
1 tsk. rifinn sítrónubörkur
Öllu hrært vel saman.

**SÚRSUÐ EGG**

Harðsoðin egg, soðin í 7 mínútur, skurnuð og sett í heitan edikslög. Eggin látin liggja í leginum helst yfir nótt.

**EDIKSLÖGUR**

½ lítri rauðrófusafi
1 lítri edik
500 g sykur
1 msk. heil hvít piparkorn
1 msk. sinnepsfræ

**RABARBARA- OG ENGIFERSNAFS**

1 flaska vodka
5 til 6 rabarbarastilkar skornir í þunnar sneiðar
2 msk. þunnt skorið engifer
2 msk. hunang

Blandið niðurskornum rabarbara, engifer og hunangi vel saman og setjið í krukku eða flösku, hellið vodkanu yfir og setjið lok eða tappa á og látið standa í 5 daga.

## Um helgina, af hverju ekki að....

**LESA**




Pnín eftir Vladimir Nabokov er nýútkomin í íslenskri þýðingu Árna Óskarssonar. Sagan þykir fyndin og fjallar um skondinn rússneskan og landflótta háskólakennara í Bandaríkjunum á sjötta áratugnum. Þótt Nabokov sé þekktastur fyrir skáldsögu sína Lolitu þá telja margir Pnín vera hans skemmtilegasta verk.

**HLUSTA**

Hildur Friðriksdóttir, blaðamaður á Vikunni, heillaðist af tónlistinni úr norsku unglingaþáttunum Skam. „Ég mæli með tónlist Astrid S og Highasakite.“



**BORÐA**

Farðu á nýopnaða Mathöll á Hlemmi sem lengi hefur verið beðið og bragðaðu á veitingum. Fyrirmynd Mathallarinnar eru evrópskar mathallir og opnunin markar skemmtileg tímamót í sögu miðborgarinnar.






**SLÆR GRASBLETTINN**

Elísabet Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur og bloggari á Trendneti, hefur ferðast mikið undanfarið og kynnt sér línur tískuhúsanna. „Þessa helgina verð ég heima og ætla að reyna að slaka á. Vera með fjölskyldunni og jafnvel slá grasblettinn.“

Glæsilegur

# Hyundai Tucson

Fjórhjóladrifinn sjálfskiptur eða beinskiptur, bensín eða dísil




ENNEMM / SÍA / NM83557 *Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

**Nýr Hyundai Tucson** er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

**Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.990.000 kr.**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**



Agnes, Leifur og Gyða hlaupa öll í Reykjavíkurmaraþoninu í dag. Leifur fer með eiginkonu sína út í endurhæfingu í Bandaríkjunum í næstu viku fyrir áheitin sem hann safnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Gefast ekki upp þótt á móti blási

Tæplega fimmtán þúsund manns hafa skráð sig í Reykjavíkurmaraþonið þetta árið og hlaupa til styrktar góðum málum. **Agnes Ferro**, **Leifur Grétarsson** og **Gyða Kristjánsdóttir** eru meðal þeirra, en þau hlaupa öll til styrktar málefni sem snertir þau persónulega, þó ólík séu.

## Hleypur tíu kílómetra í miðri geislameðferð

Agnes Ferro greindist með brjóstakrabbamein þann 21. nóvember í fyrra. Agnes hleypur 10 kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu, í miðri geislameðferð, til styrktar Ljósinu, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir einstaklinga sem greinast með krabbamein og aðstandendur þeirra.

„Ég hef nýtt mér þjónustuna í Ljósinu alveg rosalega mikið í mínum veikindum og langaði að gefa til baka. Ég mætti þar fyrst viku eftir að ég var búin í fyrstu lyfjagjöfinni á kynningarfund. Sama dag fékk ég tíma hjá iðjuþjálfa og sjúkraþjálfara. Eftir kynningarfundinn hittist hópur sem kallar sig Gullfiskana, en það er hópur ungs fólks í Ljósinu sem er með krabbamein. Ég fann strax hvað það hjálpaði mér rosalega mikið að hitta aðrar ungar konur í svipaðri stöðu og ég. Við deildum áhyggjum um lífið, fjölskylduna, börn, framtíðina og framann,“ útskýrir Agnes, sem á sjálf ungan son.

„Ég var til dæmis ekki enn búin að missa hárið en ég kveið því rosalega. Það hljómar kannski skringilega að kvíða einhverju jafn léttvægu og að missa hárið þegar maður er að horfast í augu við miklu alvarlegri hluti, en ég man svo vel hvað það hjálpaði mér mikið að sjá þar nokkrar sem voru komnar með hárið aftur. Ein var meira að segja á leiðinni í fyrstu klippinguna sína og var svo spennt fyrir því. En þetta gaf mér svo rosalega mikið, að sjá að þetta verkefni, sem virtist vera svo ofboðslega langt og þungt, tæki einhvern tíma enda.“

Brjóstakrabbamein Agnesar hafði einnig dreift sér í eitla. Meinið heitir Invasive ductal carcinoma og er algengasta brjóstakrabbameinið. „Þar sem krabbameinið var stórt þá byrjaði ég á því að fara í lyfjagjöf, 6 skipti á þriggja vikna fresti. Eftir það fór ég í aðgerð og núna er ég í miðri geislameðferð til þess að fyrirbyggja að meinið láti aftur á sér kræla. Svo er ég í eftirmeðferð þar sem ég tek 1 töflu á dag. Ég þarf að gera það í nokkur ár í viðbót.“



**ÉG FANN HVAÐ ÞAÐ HJÁLPAÐI MÉR ROSALEGA MIKIÐ AÐ HITTA AÐRAR UNGAR KONUR Í SVIPAÐRI STÖÐU OG ÉG. VIÐ DEILDUM ÁHYGGJUM UM LÍFIÐ, FJÖLSKYLDUNA, BÖRN, FRAMTÍÐINA OG FRAMANN.**

Agnes segir að á heildina litið hafi krabbameinsmeðferð hennar gengið mjög vel. „En auðvitað hafa komið dagar þar sem mér hefur liðið illa. Í Ljósinu til dæmis hef ég hlegið og grátið. Þetta hús er fullt af góðu fólki sem tekur á móti manni alveg sama hvernig dagsformið er. Því var ákvörðunin auðveld, að drífa sig af stað í miðri geislameðferð og safna fyrir Ljósið sem hefur hjálpað mér og öðrum svo mikið, okkur sjúklingunum algjörlega að kostnaðarlausu.“

Agnes lýsir því hversu mikilvægt það er að taka svona veikindi ekki einn, á hnefanum. „Ég myndi ráðleggja öllum þeim sem eru að ganga í gegnum það sama og ég að leita sér strax hjálpar, eins og hjá Ljósinu. Ekki hlusta á allar hræðilegu sögurnar sem fólki finnst það þurfa að segja manni, hlusta frekar á sögurnar þar sem fólk hefur sigrast á krabbameini og lifir góðu heilbrigðu lífi í mörg, mörg ár. Vera duglegur að hlusta á sjálfan sig því það þekkir enginn líkama sinn jafn vel og maður sjálfur. Svo er algjört lykilatriði að vera innan um fólk sem lætur þér líða vel; stundum vill maður vera umvafinn fjölskyldunni, stundum fólki í sömu stöðu og maður sjálfur – og stundum vill maður bara gleyma sér með vinkonum.“



**Agnes Ferro segir mikilvægt að glíma ekki einn við alvarleg veikindi, á hnefanum. Hún hvetur fólk til að leita sér hjálpar, t.d. hjá Ljósinu.**

Hún segir ekki síður mikilvægt að hafa eitthvað lítið til að hlakka til í hverri viku eða hverjum mánuði í gegnum meðferðina. „Það þarf ekki að vera stórt, en eitthvað sem lætur þér líða vel svo tíminn líði. Það hefur hjálpað mér að líða ekki eins og ég sé föst í eigin lífi og allir í kringum mig að lifa lífinu og huga að framtíðinni. Það hefur líka skilið eftir góðar minningar um þennan erfiða tíma sem er mjög dýrmætt.“

ÚTSALA

# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR TIL 23.08**



FULLT VERÐ: 795

**238**

**70%** afsláttur

**SHARON KERTAGLAS**
Fæst í þremur litum.
Vnr. A44750080



FULLT VERÐ: 695

**199**

**JAZ KERTASTJAKI**
Vnr. HC7200300

## 55 LTR. PLASTKASSI



**33%** afsláttur

59 x 41 x 33 sm.
Vnr. 301- 11-1003

FULLT VERÐ: 2.995

**1.995**



**60%** afsláttur

FULLT VERÐ: 4.995

**1.995**

LÍTILSHÁTTAR ÚTLITSGALLAÐAR SÆNGUR

**ÖKO THERMOSÆNGUR**
Lítilsháttar útlitsgallaðar thermosængur. Mjúkt og þægilegt áklæði.
Stærð: 140 x 200/220 sm. og 150 x 200/220 sm. Vnr. 4089950



**45%** afsláttur

FULLT VERÐ: 10.950

**5.995**

**RAGNAR SPEGILL**
Stærð: B90 x H120 sm.
Vnr. 329-15-1031

## RÝMINGARSALA Á LEIKFÖNGUM



Allt að **60%** afsláttur

# ÚTSALA
## OG ÖNNUR GÓÐ TILBOÐ

**SPARIÐ ALLT AÐ 70%**

## ALLIR SKRIFBORÐSSTÓLAR



Allir skrifborðsstólar **30%** afsláttur




STÆRÐ: 90 X 200 SM.
STÆRÐ: 120 X 200 SM.

**30%** AFSLÁTTUR

AF DÝNUM Í STÆRÐUM: 90 X 200 OG 120 X 200 SM.

ROYAL DREAM, LUXURY SLEEP, SLEEPWELL, COMFORT LUXE OG SWEET DREAM




## STEGE SKRIFBORÐ



**33%** afsláttur

FULLT VERÐ: 14.950

**9.950**

B120 x H75 x D62 sm.
Vnr. 3612352

# Hleypur í minningu dóttur sinnar

Gyða Kristjánsdóttir hleypur fyrir hópinn Vinir Elísu Margrétar, sem hleypur fyrir Leiðarljós, stuðningsmiðstöð fyrir foreldra og fjölskyldur alvarlega langveikra barna. Gyða missti dóttur sína, Elísu Margréti, aðeins þriggja ára gamla á síðasta ári.

„Stelpan mín fæddist með heilasjúkdóm, eða myndunargalla á heila sem heitir Lissencephaly. Það eru innan við þúsund börn í heiminum sem fæðast þannig. Ég held að maður geti ekki borið þetta saman við neitt annað, þetta var rosalegur skóli fyrir okkur og maður lítur á lífið allt öðruvísi eftir þetta,“ segir Gyða. Sjúkdómurinn olli því að vöðvar Elísu Margrétar byggðu sig ekki upp með eðlilegum hætti. Hún gat ekki setið, gengið eða haldið höfði og svo olli þetta illvígri flogaveiki, sem hafði svo áhrif á lungnastarfsemi hennar. Hún gat ekki talað og sá mjög illa. Leiðarljós reyndist Gyðu og manni hennar, Hafsteini Vilhelmssyni, vel.

**Pössuðu að við svæfum**

„Leiðarljós er það sem tekur við af Barnaspítalanum. Þessi veiku börn eru svo mikið þar, en það er ekkert sem ríkið býður upp á þegar maður útskrifast af spítalanum. Og maður þarf stuðning því barnið hættir ekkert að vera veikt. Flestir sem eignast langveikt barn hafa ekki átt langveikt barn áður. Leiðarljós var nýtt þegar við eignuðumst Elísu Margréti og þau héldu utan um okkur í öll þessi þrjú ár sem hún lifði; hjálpuðu með réttindamál, sáu okkur fyrir heimahjúkrun, pössuðu að við svæfum og að hún hefði allt sem þyrfti, tæki, tól og súrefni,“ segir Gyða, sem sækir sér enn stuðning til Leiðarljóss. „Hópurinn sem ég sæki núna heitir Litlu ljósin og er fyrir foreldra sem hafa misst börn eftir langvinn veikindi. Ég var ekki viss um að ég væri týpan sem myndi mæta í svona, en þetta er ómetanlegur stuðningur. Sem betur fer eru ekki margir sem ganga í gegnum það sem við gengum í gegnum, þessi langvarandi veikindi, þetta er allt annar veruleiki en hjá flestum. Þess vegna er algjörlega ómetanlegt að sitja í hring og manneskjan á móti þér veit nákvæmlega hvað þú ert að ganga í gegnum.“

> ÉG HELD AÐ MAÐUR GETI EKKI BORIÐ ÞETTA SAMAN VIÐ NEITT ANNAÐ, ÞETTA VAR ROSALEGUR SKÓLI FYRIR OKKUR.



**Grátlegt að þurfi að loka**

Nú stendur til að loka starfsemi Leiðarljóss, en ekki hefur fengist nægilegt fjármagn til þess að samtökin standi undir sér. Starfsemin þarf 26 milljónir árlega. Um 12 milljónir vantar upp á. Gyða segir grátlegt að þrátt fyrir loforð þáverandi heilbrigðisráðherra um að halda úti starfseminni, hafi einungis helmingur fjárins sem lofað var skilað sér til samtakanna. „Þetta er ekki hávær hópur. Þetta eru bara um 70 fjölskyldur, þá með þeim sem hafa þegar misst sín börn. Þessar fjölskyldur eiga alveg nóg með sitt. Þær eru að berjast fyrir sér og sínu barni og réttindum – að barnið fái rétta umönnun og það er bara til of mikils ætlast að vera að berjast í ríkinu á sama tíma,“ útskýrir Gyða. „En svo langar mann samt svo að gefa eitthvað til baka. Eins og með þetta hlaup. Ég er svo peppuð að hlaupa og þótt ég fái í hnén eftir fimm kílómetra er mér alveg sama – ég gæti örugglega hlaupið 20 kílómetra með ónýt hné fyrir þetta málefni!“



Elísa Margrét kenndi foreldrum sínum að lifa í núinu.

Elísa Margrét var fyrsta barn Gyðu og Hafsteins, en Gyða var 24 ára þegar hún fæddist. Allt gekk vel fyrstu vikurnar, þar til Elísa Margrét fór að fá stutt flog. Þegar foreldrar hennar ákváðu að fara með hana upp á spítala, sex vikna gamla, fékk barnið klukkustundarlangt flog á leiðinni. Á spítalanum var hún send í heilalínurit og í kjölfarið greind. Í segulómskoðun kom í ljós að heilinn var ekki eðlilegur. Sex vikna gömul hóf Elísa Margrét þannig baráttu fyrir lífi sínu. „Við vorum inni á spítala meira og minna allt fyrsta hálfa árið. Það var erfiðasti tíminn því það var svo fátt um svör. Eðlilega, það er svo lítið vitað um þetta. Við vissum ekkert um hversu lengi hún myndi lifa. Þá lærðum við að lifa í núinu. Það er eitt af því sem hún kenndi okkur. Sá lærdómur situr fast í manni.“

Eftir þriggja ára baráttu Elísu Margrétar lést hún á síðasta ári. „Þá lofaði ég henni að væla aldrei yfir einhverju sem ætti ekki rétt á sér og á þeim tímapunkti fannst mér ekkert þess virði að væla yfir. Þótt það sé í mannlegu eðli að tuða stundum yfir smámunum, þá hugsa ég alltaf til hennar þegar ég geri það. Barátta hennar var svo miklu meira en það.“

**Sorg og gleði eru systur**

Örfáum mánuðum áður en Elísa Margrét lést fengu þau Gyða og Hafsteinn þó gleðifréttir, þegar þeim var tilkynnt að þau ættu von á lítilli stelpu. „Þetta er erfitt að útskýra en mér fannst svo gott það sem Vigfús Bjarni [Albertsson], prestur á Barnaspítalanum, sagði við okkur. Það var nokkrum dögum áður en Elísa Margrét dó og við vissum í hvað stefndi, þá sagði hann: „Þið verðið að muna að gleði og sorg eru systur. Það er hægt að gleðjast og syrgja á sama tíma.“ Þessi orð hafa rúllað í gegnum hausinn á mér á hverjum degi. Það er söknuður á hverjum degi, hann mun aldrei lagast en maður lærir að lifa með því og það er akkúrat systir sorgarinnar, gleðin, sem hjálpar manni í gegnum það,“ útskýrir Elísa.

„2016 er árið sem við missum Elísu Margréti og fjórum mánuðum seinna eignumst við stelpuna okkar, sem við skírðum Líf.“

Gyða segir minninguna um Elísu Margréti ótrúlega góða. „Og allt sem hún kenndi okkur er svo dýrmætt. Og ekki bara okkur, heldur svo mörgum í kringum sig. Hún átti ótrúlega marga vini og snerti líf svo margra.“

# Lára Sif ætlar sér aftur á fætur

Eiginkona Leifs Grétarssonar, Lára Sif Christiansen, lenti í alvarlegu hjólaslysi á dögunum og lamaðist fyrir neðan brjóst. Leifur er áheitakóngur Reykjavíkurmaraþonsins í ár, og hleypur ásamt fjölmennum hópi fólks, vinum og vandamönnum Láru, til að safna fyrir endurhæfingu á bandarískum spítala í Denver í Colorado-ríki í Bandaríkjunum.

„Líf okkar breyttist bara á augabragði. Heimurinn hrundi í einhverja daga, sérstaklega auðvitað hjá henni. Ég veit ekki hvernig ég get lýst því öðruvísi,“ segir Leifur um slysið sem eiginkona hans, sem starfar sem flugmaður hjá Icelandair, lenti í fyrir tæpum þremur mánuðum þegar hún datt á fjallahjóli í Öskjuhlíð. Þar var hún ásamt hópi vinnufélaga sem hittist reglulega til að hjóla þar. „Hún dettur bara og lendir fáránlega. Hún var ekki á neinni ferð, en dettur einhvern veginn fram fyrir hjólið og lendir ofarlega á bakinu. Hryggurinn brotnaði og hún lamaðist um leið. Hún segist bara hafa fundið það strax,“ lýsir Leifur og bætir við að engan sem var með Láru í för hafi órað fyrir því að áverkarnir yrðu svo alvarlegir. „Fólkið sem sá þetta hugsaði með sér, af hverju er hún ekki staðin upp? Þetta er eiginlega alveg ótrúlegt, eins oft og maður hefur dottið á ævinni.“



Sjúkrabíll var kallaður til og Lára var lögð inn á spítala þar sem hún fór í aðgerð samdægurs. „Aðgerðin gekk vel, hryggurinn var brotinn en var réttur við. En þarna varð alveg ljóst að hún myndi bera varanlegan skaða,“ útskýrir Leifur. „Svo daginn eftir var bara dagur eitt í endurhæfingu.“

**Þolinmæði mesta áskorunin**

Leifur og Lára hafa verið saman í tæp sjö ár, en fylgst að síðan í gagnfræðaskóla og alltaf átt náinn vinskap. Þau eru bæði fædd 1988 og úr Garðabænum. Leifur lýsir Láru sem ævintýramanneskju og fyrirmynd, sem getur allt sem hún ætlar sér. „Markmið Láru er klárlega að ganga aftur. Hún ætlar ekkert að sætta sig við það að hún sé lömuð. Við vitum alveg að líkurnar eru á móti okkur, en það er svo lítið vitað um mænuskaða, hvort þú nærð bata eða hvenær. Þú þarft bara að æfa og æfa og svo kannski eftir hálft ár, eða ár, færðu einhverja hreyfigetu. En svo getur það náttúrulega orðið að fólk æfi og æfi og ekkert gerist. Þá þarf hausinn að vera í lagi og það er kannski mesta áskorunin að hafa þolinmæði. Þegar þú lendir í svona aðstæðum fara hugsanir þínar á verstu staðina. Við, fólkið í kringum hana, viljum fyrst og fremst hjálpa henni andlega – og það er rosalegur baráttuhugur í henni. Ég held hún sé komin yfir erfiðasta hjallann. Það er líka svo stutt frá slysi. Það veit enginn hvað gerist, þannig séð.“

**Samfélag sem hjálpar**

Leifur segir ekki marga unga einstaklinga á Íslandi með mænuskaða. Hins vegar sé mikill samhugur hjá þeim. Þannig hafi fólk sem hefur lent í mænuskaða strax sett sig í samband við Láru þegar það heyrði af slysinu. „Þetta er alveg ótrúlegt. Þetta er samfélag af fólki sem hjálpar hvert öðru. Strax vikuna á eftir var fólk að bjóðast til að koma, miðla af sinni reynslu og bjóða fram alla aðstoð sem hægt er að veita. Og líka einhverjir aðrir en læknar, ég held að Láru hafi fundist það gott. Þú hlustar betur á fólk sem hefur upplifað þetta.“

Lára er í sjúkraþjálfun tvisvar á dag á Grensás, þar sem hún liggur inni, þar fyrir utan tekur hún tvær til þrjár aukaæfingar á dag, þar sem Leifur eða pabbi Láru aðstoða hana. „Það er ekki hægt að kaupa sér lækningu við þessu. Við gerum okkur öll grein fyrir því. En við erum að safna fjármunum til þess að geta keypt bestu meðferð sem völ er á. Eftir að hafa ráðfært okkur við marga var okkur bent á Craig Hospital í Denver, og við erum á leiðinni þangað í næstu viku. Þetta er ein besta endurhæfingarstöð í heimi. Þeir hafa alls konar tæki, aðferðir og þekkingu til þess að reyna að vekja taugakerfið aftur. Það er auðvitað ekkert gulltryggt í þeim efnum, en þú reynir þitt besta. Annars eigum við bara eftir að líta til baka og hugsa, hvað ef?“ segir Leifur. „Þarna úti er fókusinn á að koma þér aftur á lappir, en ekki að koma þér út í hjólastól.“



Lára tekur sjálf þátt í skemmtiskokkinu ásamt móður sinni.

> HÚN ER EKKI AÐ FARA AÐ SÆTTA SIG VIÐ STÖÐUNA EINS OG HÚN ER NÚNA. HÚN ÆTLAR AÐ BERJAST FYRIR ÞVÍ AÐ NÁ BATA.

**Snortinn yfir samhug**

Leifur segist snortinn yfir því hversu margir hafi lagt málefninu lið. Hann hafi ákveðið að hlaupa hálfmaraþon, sett sér háleitt markmið, milljón. Síðan hafi rúmlega hundrað manns bæst við og viljað hlaupa fyrir Láru. Sjálfur hafði Leifur safnað rúmlega tveimur og hálfri milljón, þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. „Okkur datt ekki í hug að við myndum ná að safna svona miklu. Allur þessi samhugur, maður á eiginlega ekki til orð. Vinnustaðurinn minn, þau vilja allt fyrir mig gera og flugmannastéttin er rosalega þéttur félagsskapur. Það er svona það jákvæða sem maður tekur með sér út úr þessu, hvað maður á ótrúlega góða að.“

Lára kemur til með að liggja inni á Grensás þar til þau fara út í endurhæfinguna í næstu viku, og Leifur segir henni hafa liðið vel þar. Starfsfólkið fái toppeinkunn. „Ég bý þar með henni, ég er eiginlega ekkert á heimilinu okkar og Lára hefur ekkert komið heim síðan slysið varð. Við ákváðum líka strax að selja íbúðina okkar í miðbænum, því að það er langur og erfiður stigi upp í hana. Við vorum líka á jeppa, sem við seldum og skiptum í fólksbíl, svo hún kæmist sjálf í og úr bílnum. Við ætlum að gera þetta allt saman vel og láta þetta ganga upp. Við erum lausnamiðað fólk og höldum áfram að vera það. Það þarf að laga lífið að breyttum aðstæðum og við tæklum það bara.“

Leifur segir Láru fulla eftirvæntingar að komast út í endurhæfinguna. „Hún er grjóthörð. Mögnuð eiginlega. Hún á auðvitað stundir þar sem þetta verður allt rosalega erfitt og yfirþyrmandi, en hún er ekki að fara að sætta sig við stöðuna eins og hún er. Hún ætlar að berjast fyrir því að ná bata.“

NISSAN
Innovation that excites

30 kWh
250 km**
Zero Emission

# FIMM ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM NÝJUM NISSAN LEAF



**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.**
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

## NÝ 30 KWH RAFHLAÐA. 250 KM DRÆGI.

Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meira drægi en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

**NISSAN LEAF VISIA 30kWh**
**Verð: 3.250.000 kr.**
Bíll á mynd: Nissan Leaf Tekna, verð: 3.850.000 kr.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

**Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEMM / SÍA / NM83555

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

## Atburðarásin

### JANÚAR

*Laugardagur 14. janúar*
- Birna Brjánsdóttir fer út að skemmta sér með vinkonum sínum.
- Birna sést í eftirlitsmyndavélum ganga ein síns liðs austur Austurstræti, Bankastræti og Laugaveg þar sem hún hverfur sjónum um kl. 05.25 við Laugaveg 31.

*Sunnudagur 15. janúar*
- Lögreglan lýsir eftir Birnu. Um kvöldið er málið komið í algjöran forgang hjá lögreglu.
- Svæðisstjórn björgunarsveita á höfuðborgarsvæðinu er kölluð út. Um miðnætti er óskað eftir aðstoð sporhunds.

*Mánudagur 16. janúar*
- Lögreglan lýsir eftir rauðri Kia Rio-bifreið.
- Sérhæfðir leitarhópar kallaðir út til leitar.
- Um 120 björgunarsveitarmenn leita í Heiðmörk á svokallaðri flóttamannaleið.
- Skór Birnu finnst um nóttina við höfnina í Hafnarfirði. Síðar finnst hinn skórinn.

*Þriðjudagur 17. janúar*
- Lögreglan fær úrskurð til að skoða upplýsingar um farsíma sem ferðast með sama hætti á farsímasendum og sími Birnu.
- Kia Rio-bifreið haldlögð í Hlíðasmára í Kópavogi.
- Lögreglumenn fara með þyrlu Landhelgisgæslunnar og fara um borð í danska herskipið HDMS Triton. Skipið siglir til móts við Polar Nanoq en ekki verður af því að lögreglumennirnir fari um borð.

*Miðvikudagur 18. janúar*
- Tveir menn handteknir af sérsveit ríkislögreglustjóra um borð í Polar Nanoq u.þ.b. 90 milur suðvestur af landinu. Hinir handteknu eru yfirheyrðir við komuna til landsins.
- Björgunarsveitir kallaðar út til að leita á hafnarsvæðinu í Hafnarfirði og með vegarslóðum á Strandarheiði.

*Fimmtudagur 19. janúar*
- Mennirnir eru úrskurðaðir í tveggja vikna gæsluvarðhald grunaðir um manndráp.
- Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, leitar við Hafnarfjarðarhöfn og á Reykjanesi.

*Föstudagur 20. janúar*
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ná tali af ökumanni hvíts bíls, sem var ekið vestur Óseyrarbraut í Hafnarfirði laugardaginn 14. janúar kl. 12.24.
- TF-LÍF fer tvívegis til leitar. Þyrlan leitar í nágrenni Hafnarfjarðar og Kleifarvatns, á Strandarheiði, á Reykjanesskaga og í nágrenni.

*Laugardagur 21. janúar*
- Ein umfangsmesta leit síðari ára fer fram.

*Sunnudagur 22. janúar*
- Um klukkan eitt finnur áhöfn TF-LÍF lík í fjörunni rétt vestur af Selvogsvita, sem er um 15 kílómetra vestur af Þorlákshöfn.

*Mánudagur 23. janúar*
- Lögreglan staðfestir að líkið sem fannst við Selvogsvita sé af Birnu. Þá telur hún ljóst að um manndráp sé að ræða.

*Laugardagur 28. janúar*
- Þúsundir koma saman í miðbæ Reykjavíkur og ganga til minningar um Birnu.

### FEBRÚAR

*Fimmtudagur 2. febrúar*
- Öðrum skipverjanum er sleppt úr haldi en Thomas Møller er áfram í gæsluvarðhaldi.

*Föstudagur 3. febrúar*
- Birna er jarðsungin frá Hallgrímskirkju.

*Mánudagur 6. febrúar*
- Greint frá því að lögreglan telji að dánarorsök Birnu sé drukknun.

*Fimmtudagur 16. febrúar*
- Thomas úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald.

*Þriðjudagur 28. febrúar*
- Thomas hefur setið í gæsluvarðhaldi í rúmar fimm vikur í einangrun. Honum er nú sleppt úr einangrun en er áfram í haldi.

### MARS

*Fimmtudagur 2. mars*
- Héraðsdómur úrskurðar Thomas í fjögurra vikna gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna.
- Lögreglan staðfestir að lífsýni úr Thomasi tengi hann beint við Birnu.

*Fimmtudagur 16. mars*
- Rannsókn lögreglu á málinu er lokið. Það er sent til héraðssaksóknara daginn eftir sem hefur fjórar vikur til að gefa út ákæru í málinu.

*Fimmtudagur 30. mars*
- Héraðssaksóknari ákærir Thomas Møller fyrir manndráp. Þá er Thomas einnig ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot.
- Thomas er úrskurðaður í áframhaldandi fjögurra vikna gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna.

### APRÍL

*Mánudagur 10. apríl*
- Ákæran er þingfest í Héraðsdómi Reykjaness. Thomas neitar sök varðandi báða ákæruliðina en hann hafði áður játað fíkniefnalagabrotið við yfirheyrslu hjá lögreglu.

*Þriðjudagur 25. apríl*
- Héraðsdómur úrskurðar að Thomas skuli áfram sitja í gæsluvarðhaldi næstu fjórar vikurnar.

### MAÍ

*Þriðjudagur 9. maí*
- Verjandi Thomasar fer fram á mat bæklunarlæknis og réttarmeinafræðings við fyrirtöku í málinu í héraðsdómi. Síðar í mánuðinum eru þeir dómkvaddir Ragnar Jónsson bæklunarlæknir og Urs Oliver Wiesbrock, þýskur réttarmeinafræðingur.

*Þriðjudagur 23. maí*
- Thomas er úrskurðaður í áframhaldandi varðhald í fjórar vikur.

### JÚLÍ

*Þriðjudagur 18. júlí*
- Sjö skipverjar af Polar Nanoq gefa skýrslu vegna málsins í Héraðsdómi Reykjaness.
- Ekki er hægt að taka skýrslu af Thomasi þar sem matsgerð þýska réttarmeinafræðingsins liggur ekki fyrir.
- Skipverjarnir sem koma fyrir dóm bera Thomas vel söguna en segja frá því að hann hafi orðið órólegur og þurft róandi lyf eftir að hafa fengið sms-skilaboð frá íslenskum blaðamanni sem spurði hann út í rauða Kia Rio-bifreið.



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Greypt í minni þjóðarinnar

## Aðalmeðferð í máli Thomas Frederik Møller Olsen sem ákærður er fyrir að hafa orðið Birnu Brjánsdóttur að bana hefst á mánudag.

**Sunna Kristín Hilmarsdóttir**
sunnakristin@365.is

Aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins gegn Thomas Frederik Møller Olsen hefst í Héraðsdómi Reykjaness klukkan 9.15 á mánudag. Thomas er ákærður fyrir að hafa ráðið Birnu Brjánsdóttur bana þann 14. janúar síðastliðinn en Birna hvarf aðfaranótt þess dags og fannst lík hennar í fjörunni við Selvogsvita átta dögum síðar, þann 22. janúar.

Thomas hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan 19. janúar en sérsveit Ríkislögreglustjóra handtók hann um borð í grænlenska togaranum Polar Nanoq þann 18. janúar. Thomas, sem er grænlenskur, var skipverji á togaranum sem hafði legið í höfn í Hafnarfirði nóttina sem Birna hvarf.

Annar skipverji var handtekinn um borð á sama tíma og Thomas og einnig úrskurðaður í gæsluvarðhald en honum var sleppt að tveimur vikum liðnum. Þriðji maðurinn var svo einnig handtekinn síðar sama dag um borð í Polar Nanoq en sleppt að lokinni yfirheyrslu.

Leitin að Birnu stóð yfir í viku og má segja að hún hafi heltekið þjóðina sem var sem lömuð yfir örlögum þessarar ungu stúlku en Birna var aðeins tvítug þegar hún lést. Laugardaginn áður en hún fannst fór fram umfangsmesta leit sem björgunarsveitirnar hafa farið í en hátt í 500 björgunarsveitarmenn af öllu landinu tóku þátt í aðgerðum.

Þá tók almenningur virkan þátt í leitinni og var það til dæmis almennur borgari sem fann skó Birnu við höfnina í Hafnarfirði tveimur dögum eftir að hún hvarf. Reyndist sá fundur afar mikilvægur fyrir rannsókn málsins.

Thomas var með rauðan Kia Rio-bíl á leigu þegar Birna hvarf og var á ferð í miðbænum með öðrum skipverja aðfaranótt 14. janúar. Viðurkenndi Thomas í fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa tekið Birnu upp í bílinn í miðbænum þá um nóttina en bar að önnur stúlka hefði einnig komið upp í bílinn.

Sá framburður var ekki í samræmi við framburð hins skipverjans hjá lögreglu sem kvaðst aðeins muna eftir einni stúlku í bílnum.

Lögreglan lýsti eftir Kia Rio-bifreiðinni mánudaginn 16. janúar og fannst hún daginn eftir í Kópavogi. Hald var lagt á bílinn og hann rannsakaður ítarlega í kjölfarið en í honum fannst mikið af blóði sem reyndist vera úr Birnu.

Meðal annarra gagna málsins er ökuskírteini Birnu sem fannst um borð í Polar Nanoq með fingrafari Thomas. Þá fannst blóð úr Birnu á úlpu hans auk þess sem þekjufrumur Thomas og Birnu fundust á reimum úr skóm hennar en þekjufrumur finnast meðal annars á fingrum fólks.

Lögreglu grunaði fljótlega að Birnu hefði verið ráðinn bani þar sem Thomas og hinn skipverjinn sem einnig var úrskurðaður í gæsluvarðhald í upphafi voru settir í varðhald grunaðir um manndráp. Thomas er hins vegar einn ákærður, eins og áður segir, en í ákæru segir að hann hafi veist með ofbeldi að Birnu í Kia Rio-bílnum.

Er hann ákærður fyrir að hafa slegið hana ítrekað í andlit og höfuð, tekið hana kverkataki og hert kröftuglega að hálsi hennar. Við þetta fékk Birna meðal annars marga höggáverka í andlit auk þess sem hún nefbrotnaði. Í kjölfarið á Thomas síðan að hafa varpað Birnu í sjó eða vatn með þeim afleiðingum að hún drukknaði.

Thomas er einnig ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot en hann á að hafa haft í vörslu sinni 23.424 grömm af kannabisefnum í káetu sem hann hafði til umráða í Polar Nanoq. Efnin hugðist hann flytja til Grænlands í ágóðaskyni, að því er segir í ákæru.

Málið var þingfest þann 10. apríl síðastliðinn. Thomas lýsti þá yfir sakleysi sínu varðandi báða ákæruliðina. Thomas átti upphaflega að gefa skýrslu í júlí þegar aðalmeðferðin átti að hefjast en þar sem matsgerð þýsks réttarmeinafræðings lá ekki fyrir kom hann ekki fyrir dóminn.

Hins vegar voru teknar skýrslur af sjö skipverjum Polar Nanoq þann 18. júlí þegar fyrirtaka fór fram í málinu. Þá greindu þeir frá því að skilaboð sem Thomas fékk send hefðu orðið til þess að þá fór að gruna hann um eitthvað misjafnt.

Lýstu skipverjarnir því meðal annars hvernig Thomas hafi orðið grár og fölur í framan og taugaóstyrkur eftir að hann fékk skilaboðin. Um tvenn skilaboð var að ræða, annars vegar frá íslenskum blaðamanni sem spurði hann út í rauðan Kia Rio-bíl og hins vegar frá kærustunni hans sem sagði hann mögulega liggja undir grun í málinu.

Skipverjarnir báru Thomas vel söguna og lýstu honum sem vingjarnlegum og vinsælum manni sem væri mjög samviskusamur í vinnunni. Þeir sögðu ekkert óeðlilegt hafa verið í fari hans þann 14. janúar, daginn sem Birna hvarf, né dagana á eftir eða allt þar til hann fékk skilaboðin frá íslenska blaðamanninum og kærustunni.

Thomas hafi orðið mjög taugaóstyrkur við skilaboðin og til að mynda ekki viljað borða neitt. Skipstjórinn og stýrimaðurinn ákváðu að gefa honum róandi lyf vegna þess hversu taugaóstyrkur hann var.

Kokkurinn á Polar Nanoq var síðan að tala við Thomas þegar þeir heyrðu í þyrlu Landhelgisgæslunnar. Um borð voru sex vopnaðir sérsveitarmenn sem fengu það hlutverk að handtaka Thomas og annan skipverja.

„Þegar lögreglan var að koma þá sagði Thomas við mig: „Heldurðu að þeir séu komnir að sækja mig?““ sagði kokkurinn fyrir dómi í júlí.

Eins og áður segir hefst aðalmeðferðin á mánudag. Gert er ráð fyrir því að hún taki þrjá daga og verður henni fram haldið þriðjudaginn 22. ágúst og svo föstudaginn 1. september. Auk þeirra sjö skipverja sem þegar hafa borið vitni í málinu munu 38 manns gefa skýrslu fyrir dómi auk Thomas sjálfs.




# SPORTLEGUR LÚXUS

Ford Focus ST-Line er sérstök útfærsla af Ford Focus. Ford Focus ST-Line er sportlegur í útliti með álpedulum og sportstýri. Hann er sérlega skemmtilegur í akstri með hinni aflmiklu og margverðlaunuðu 150 hestafla EcoBoost vél. Sportleg sætin auka enn frekar á akstursánægjuna. Ford Focus ST-Line er vel búinn, með sportfjöðrun og stútfullur af sportlegum eiginleikum.

FORD FOCUS ST-LINE FRÁ

**3.390.000** KR.

FORD FOCUS FRÁ **2.890.000** KR.

## ST-Line búnaður

- 150 hestafla EcoBoost vél
- 8“ snertiskjár í miðjustokk
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- SYNC samskiptakerfi sem tengist snjallsíma
- Fimm stjörnu öryggi hjá EURO NCAP
- 17” Rock Metalic álfelgur
- ST-Line merkingar á hliðum
- ST-Line útlitskitt og innstigshlífar
- ST-Line LED framljós
- ST-Line þriggja arma leðurklætt stýri
- ST-Line sportsæti og sportpedalar

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus ST-Line***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16


Þyrn
St. Petersburg Festival Ballet
ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands
Eldborg
23. nóv. kl. 19:30
24. nóv. kl. 19:30
25. nóv. kl. 13 & 17
Miðasala í síma 528 5050 og á harpa.is.
Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt.
Ein ástsælasta perla ballettheimsins vaknar til lífsins.


HARPA
irós
harpa.is/thyrniros
#harpa
ICELANDAIR
Arion banki
CENTER HOTELS



Hanna Styrmisdóttir, fyrrverandi stjórnandi Listahátíðar, segir að ef við ætlum að byggja hér upp menningarferðamennsku þá þurfum við að auka fjárframlög til menningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Útilokar ekki pólitíkina

**Hanna Styrmisdóttir** var vakin og sofin yfir Listahátíð í fjögur ár en ákvað að sækjast ekki áfram eftir starfinu. Hún hefur þó mjög sterkar skoðanir á málefnum lista og menningar og ætlar áfram að starfa á þeim vettvangi.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Fyrir ári ákvað Hanna Styrmisdóttir að sækjast ekki eftir því að halda áfram sem stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík þrátt fyrir fjögur farsæl ár í starfi og mikla ástríðu fyrir menningu og listum. Hún hefur þó fullan hug á því að starfa áfram að framgangi listarinnar en baklandið er stórpólitískt þar sem hún er dóttir Styrmis Gunnarssonar, fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins, og Sigrúnar Finnbogadóttur. „Já, ég er fædd á milli pólitískra póla,“ segir Hanna og hlær. „Móðurafi minn, Finnbogi Rútur Valdimarsson, var sósíalisti og krati og bróðir Hannibals Valdimarssonar og móðuramma mín, Hulda Dóra Jakobsdóttir, var á sama stað í pólitík og afi. Þetta er umhverfið sem mamma kemur úr en pabbi hins vegar er alinn upp á hægri væng stjórnmálanna.

## Skoðanaskipti en ekki rætni

Hanna segir að foreldrar hennar hafi vissulega tekist á um pólitík og að hún hafi verið alin upp við mjög líflegar pólitískar umræður. „Þetta er eitthvað sem synir okkar systra hafa líka alist upp við, að mynda sér sjálfstæða skoðun og færa rök fyrir henni. Mér finnst þess vegna eðlilegt að fólk takist á um hlutina en líka að það skipti um skoðun. Ég á kannski erfiðara með að skilja þegar fólk skiptir aldrei um skoðun. “

Hanna segist ekki geta neitað því að hún hafi stundum upplifað að á hana væri settur pólitískur stimpill vegna skoðana og starfa föður hennar. „Ég var ekki fyrr komin á þann aldur að fara út að skemmta mér í bænum en fólk var farið að setjast um mig og skamma mig fyrir skoðanir pabba. En mín pólitík er ekki endurómun á hans pólitík.

Mér fannst ekki alltaf auðvelt að fylgjast með umræðunni um Styrmi Gunnarsson en smám saman hætti það að snerta mig jafn mikið. Fólk hefur sínar skoðanir og tjáir þær og það er óhjákvæmilegt þegar einhver er í stöðu eins og hann að því fylgi átök um manninn og störf hans. Þegar ég fór að vinna sem stjórnandi Listahátíðar áttaði ég mig á að það sama á við um menningarsviðið og að menningarpólitíkin getur verið erfið líka. Stundum geta þau átök jafnvel verið harðari en á hinu pólitíska sviði. En það er mikilvægt að greina á milli málefnalegra skoðanaskipta og pólitískra átaka annars vegar og persónulegrar rætni hins vegar.“

## Mamma og veikindin

Þrátt fyrir allt þetta pólitíska bakland valdi Hanna listina sem var ekki síður stór hluti af æsku hennar og uppvexti. „Það var mikið um listamenn í kringum báðar fjölskyldur mínar og ég var sjálf síteiknandi, aðallega myndasögur um mömmur og stelpurnar þeirra.“ Snerist það um veikindi móður þinnar? grípur blaðamaður fram í og virðist ekki kunna mannasiði en Hanna svarar hin rólegasta: „Nei, ég var ekki að teikna um það, a.m.k. var ég ekki meðvituð um það á þeim tíma. Ég var bara nýfædd þegar mamma veiktist og í raun og veru tók mig langan tíma að skilja að þetta var ekki alveg venjulegt ástand. Veikindi hennar byrjuðu sem fæðingarþunglyndi sem var reyndar sérstaklega erfitt í hennar tilfelli. Ég fæddist með skarð í góm og vör sem var foreldrum mínum mikið áfall. Fyrst var þeim sagt að það yrði ekki hægt að laga það en svo fór ég í aðgerð þegar ég var sex mánaða og þetta reyndist ekki svo alvarlegt mál. Hugsanlega hefði mamma veikst þó að þetta hefði ekki komið til en það er ekki hægt að vita það fyrir víst. Þegar ég var fjögurra mánaða var hún greind með geðklofa. Þá var hún orðin mjög veik og það hafði gerst mjög hratt. Síðar var hún greind með geðhvarfasýki.“

Hanna gefur sér góðan tíma til þess að hugsa næstu hugsun. „Við vorum mjög nánar og mjög líkar en samband okkar var alltaf erfitt líka. Ég var á fullorðinsárum ekki sátt við að finnast ég á einhvern hátt bera ábyrgð á því að hún hefði veikst. Það er alþekkt að börn kenna sér um ef eitthvað er að hjá foreldrum þeirra og mögulega ýtti mamma stundum undir það í veikindum sínum. Ég var líka hörð í þeirri afstöðu að hlífa henni ekki vegna veikindanna. Þetta var mamma mín og hún var svona. Við tókumst mikið á en vorum líka mjög góðar hvor við aðra. Þetta var mjög líflegt samband og mamma var óvenjuleg og heillandi manneskja. Og yndisleg. Ég sakna hennar mjög mikið.“

> ÍRAUN HELD ÉG AÐ VIÐ HÖFUM ÖLL FJÖLSKYLDAN ÞJÁÐST AF KRÓNÍSKRI ÁFALLASTREITURÖSKUN. EN ÞAÐ VORU LÍKA YNDISLEGIR TÍMAR OG SEINNA VARÐ MAMMA MJÖG MIKILVÆGUR AÐILI Í UPPELDI STRÁKANNA OKKAR HULDU SYSTUR MINNAR.

Hanna fær sér sopa af kaffinu og bætir svo við að fólk átti sig ekki alltaf á því hvað svona veikindi eru mikið áfall, bæði fyrir aðstandendur og þann sem veikist. „Mamma var 24 ára þegar hún veiktist og þurfti að horfast í augu við að lífið sem hún hafði séð fyrir sér myndi ekki verða. Þetta er sjúkdómur sem getur komið upp hvenær sem er og maður veit aldrei hvað er fram undan. Á milli veikindatímabila ríkir ákveðið áfallsástand og mikil sorg. Í raun held ég að við höfum öll fjölskyldan þjáðst af krónískri áfallastreituröskun. En það voru líka yndislegir tímar og seinna varð mamma mjög mikilvægur aðili í uppeldi strákanna okkar Huldu systur minnar.“

## Þetta gerðist bara

Hanna stundaði tungumálanám á unglingsárum og eftir það lá leiðin meðal annars til Parísar og New York í myndlistarnám við Parsons School of Design og í kjölfarið var hún víðar við nám og störf. Það fór þó svo að hún fór að starfa í menningarheiminum heima á Íslandi. „Þórunn Sigurðardóttir réð mig í fyrsta stóra verkefnið mitt á þessum vettvangi en þá var hún stjórnandi Menningarborgarinnar. Ég var ekki fyrr búin að taka við verkefninu en ég komst að því að ég væri ólétt og var dauðhrædd þegar ég fór að segja Þórunni frá því. Hún tók því mjög vel, samgladdist mér bara og fannst þetta nú ekki mikið mál.

Ég fann fljótlega að það hentaði mér vel að breyta nálgun minni að listinni. Ég á auðvelt með að skrifa og tjá mig og hafa yfirsýn yfir stór og flókin verkefni. Þetta er ekki hefðbundinn ferill og hann þróaðist án þess að ég væri með einhverja endastöð í huga. Fljótlega fór ég að vinna við fræðslu í Listasafni Reykjavíkur og síðan við sýningarstjórn, kennslu, fjölmiðlatengsl og ýmis önnur fjölbreytt verkefni.“

Hanna lagði eigin listsköpun á hilluna og hún segir að tvennt hafi komið til. „Annars vegar var það egóið, ég segi egó því þegar ég var nokkrum árum síðar að læra gagnrýnin fræði við Listaháskólann í Malmö þá sagði Gertrude Sandqvist, rektor skólans og leiðbeinandi minn, við mig: „Hanna, þú hefur ekki nógu stórt egó.““ Hanna hlær við tilhugsunina og viðurkennir að hún hafði aldrei velt þessu fyrir sér á þann hátt. „ Ég

40%



Nordic-borð. Hvít laminat borðplata, svartir fætur. 183 x 100 cm. 189.900 kr. Nú 99.900 kr.
Kato-stóll. Svart leður, svartbæsaðir beykifætur. 34.900 kr. Nú 19.900 kr.

40%



Lincoln-hillueining. 3 hillur og skápur. Svört eða hvít. 186,5 x 36 x 200 cm. 74.900 kr. Nú 44.900 kr.

# RÝMINGARSALA

## RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

70%



**Stockholm-kvörn.**
Hnota. 16,8 cm. 8.995 kr. Nú 2.495 kr. 19,5 cm. 9.995 kr. Nú 2.995 kr.
Eik. 16,8 cm. 9.995 kr. Nú 2.995 kr. 19,5 cm. 11.995 kr. Nú 3.495 kr.

40%



**Esrum-matarstell.**
Tekanna. 5.995 kr. Nú 3.495 kr. Matardiskur. 3.495 kr. Nú 1.995 kr.
Hliðardiskur. 1.495 kr. Nú 895 kr. Súpudiskur. 2.995 kr. Nú 1.795 kr.
Kanna m/handfangi. 1.295 kr. Nú 695 kr.

75%



**Glas.** Glerglas. 195 kr. Nú 45 kr.

60%



**Grinder-kvörn.** Hvít eða grá. 16 cm.
1.295 kr. Nú 495 kr.



40%

**Zoey-stóll.** Eikarseta, svartir fætur.
17.900 kr. Nú 9.900 kr.



50%

**Arthur-stóll.** Fléttuð seta, eikarfætur.
49.900 kr. Nú 24.900 kr.



50%

**Noak-stóll.** Svart textílleður, eikarfætur.
19.900 kr. Nú 9.900 kr.



50%

**Revolve-borðstofuborð.** Grá borðplata, eikarfætur. 220 x 100 cm.
119.900 kr. Nú 59.900 kr.



50%

**Prinze-stóll.** Svart leður, krómfætur.
39.900 kr. Nú 19.900 kr.



40%

**Lily-stóll.** Grátt áklæði, eikarfætur.
44.900 kr. Nú 24.900 kr.



60%

**Odin-barstóll.** Hvít seta, lakkaður
bambus. 24.900 kr. Nú 9.900 kr.



50%

**Beatnik-borðstofuborð.** Mattlakkaður eikarspónn, svartlakkaðir málmfætur.
200 x 95 cm. 119.900 kr. Nú 59.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró shop online

var að minnsta kosti ekki sannfærð um að ég hefði eitthvað fram að færa sem myndlistarmaður. En síðan var það líka þannig að þegar ég fór að vinna í myndlist þá komu upp erfiðir hlutir.“ Var það úr æsku þinni? „Ég ímynda mér það,“ segir Hanna og staldrar við. „En svo má líka segja að þó að myndlist hafi legið vel fyrir mér þá var það ekki endilega sá miðill sem hentaði mér best. Ég er mjög sátt við hvernig hlutirnir þróuðust en ég veit ekkert hvernig þeir halda áfram að þróast, það er annað mál. En það sem ég hef unnið við hefur mér þótt mjög gefandi og skapandi.“

**Sátt við mistökin**

Árið 2012 tók Hanna við Listahátíð í Reykjavík sem listrænn stjórnandi og var í því starfi næstu fjögur ár. En þetta var nú kannski ekki besti tíminn í íslensku efnahagslífi? „Nei, það er óhætt að segja það,“ segir Hanna. „Þetta er gríðarlega skemmtilegt og krefjandi starf og það er mjög gaman að takast á við áskorun af þessu tagi. Því fylgir að sjálfsögðu mikið vinnuálag og það eykst í beinu hlutfalli við niðurskurð sem var mjög verulegur á Listahátíð allt frá hruni. Á endanum kemur það niður á mannauðnum. Þegar ég tók við starfinu byrjaði ég á að eiga fundi með öllum helstu samstarfsstofnunum Listahátíðar og fann víða fyrir áhuga á að hátíðin yrði að tvíæringi á ný. Sá áhugi var til staðar á hinu pólitíska sviði líka, ekki til þess að skera enn frekar niður til hátíðarinnar, heldur þvert á móti til að efla hana og byggja upp á ný. Listahátíð er viðamikil og fjölbreytt þverfagleg hátíð, með merka sögu, og á veigamikinn stað í íslensku menningarlífi og samfélagi sem mikilvægt er að standa vörð um. Hún starfar líka með listamönnum og menningarstofnunum sem skipuleggja starf sitt langt fram í tímann og hátíðin þarf að geta gert það líka. Þess vegna var það hagsmunamál að hún yrði að tvíæringi á ný og mig langaði mikið til að stýra slíkri hátíð. Það á vel við mig að hafa góðan tíma til að ná saman ólíkum þráðum og hugsunum, leyfa þeim að gerjast hægt, en svo er ég hamhleypa til verka þegar kemur að framkvæmd þeirra.“

Hanna segir að það hafi gerst skyndilega að hún hafi ákveðið að sækjast ekki eftir að stýra Listahátíð áfram. „Tveimur mánuðum áður en síðasta hátíðin mín hófst lést mamma eftir mjög alvarleg og erfið veikindi.“ Nú þagnar Hanna og það er eilítið eins og hún sé aftur komin til þessa erfiða tíma. Hún játar því að þessi mikla saga á milli þeirra mæðgna hafi aukið enn á áfallið. Hún segist þó í raun ekki hafa hugmynd um hvernig hún hafi tekist á við þetta á þessum tíma. „Ég upplifði djúpa sorg. Við venjulegar aðstæður hefði ég tekið mér frí frá störfum en það er ekki hægt svona skömmu fyrir hátíð. Þegar ég lít til baka skil ég varla hvernig þetta hafðist.“ Nú er eins og Hönnu vefjist aðeins tunga um tönn og svo bætir hún við: „Þetta var mjög flókin sorg. En það var í kringum mig á Listahátíð afskaplega gott fólk og stuðningsnet fjölskyldu og vina kikkar inn þegar eitthvað svona gerist. Ég fékk ómetanlegan stuðning frá mörgum, sérstaklega frá einum manni sem er mér mjög nákominn.“

Svo líður þessu tími, Listahátíð hefst og henni lýkur og hvað þá? „Starf listræns stjórnanda er auglýst á fjögurra ára fresti og það var gert viku eftir að hátíðinni lauk. Ég hafði í raun ekki gert upp við mig hvað ég vildi gera, hafði efasemdir um að Listahátíð væri áfram réttur vettvangur fyrir mig eftir þetta erfiða tímabil. Svo vaknaði ég einn morguninn og vissi að ég þurfti að fara í annað samhengi og ákvað að sækjast ekki eftir endurráðningu. Ég er manneskja sem þarf á mikilli hreyfingu að halda, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu, og ég á ekki gott með að sjá mig á sama stað í heilan áratug. Það var rétt ákvörðun.“ Hefurðu ekkert séð eftir því? „Það er erfitt að hætta í svona

> ÞAÐ Á VEL VIÐ MIG AÐ HAFA GÓÐAN TÍMA TIL AÐ NÁ SAMAN ÓLÍKUM ÞRÁÐUM OG HUGSUNUM, LEYFA ÞEIM AÐ GERJAST HÆGT, EN SVO ER ÉG HAMHLEYPA TIL VERKA ÞEGAR KEMUR AÐ FRAMKVÆMD ÞEIRRA.

starfi og það kom tímabil þar sem ég fann fyrir því. Ég hafði verið vakin og sofin yfir Listahátíð í fjögur ár. Þegar ég var búin að taka þessa ákvörðun vissi ég að það skipti máli að ég færi ekki út með einhverjar flóknar tilfinningar og eftirsjá. Það hefði verið rangt gagnvart sjálfri mér og þeim sem tók við starfinu að geta ekki rofið þessi tengsl við hátíðina og gengið frá henni, sátt.

Mér þykir mjög vænt um það sem ég gerði þar og ég á góðar minningar úr starfinu, bæði um samstarfsfólk og verkefni og þá mörgu listamenn sem við unnum með. Ég hef breitt áhugasvið í listum og það skiptir mig miklu máli að hafa höfðað til breiðs hóps almennings og jafnframt starfað með breiðum hópi listamanna. Það er það sem Listahátíð gerir, hún þjónar almenningi og hún þjónar listinni. Það er margt sem ég er ánægð með og þakklát fyrir. Ég gerði líka fullt af mistökum og mér þykir líka vænt um þau. Maður lærir svo mikið af þeim.“

**List og ferðamenn**

Hanna hefur verið að vinna að ýmsum verkefnum undanfarið en hún er líka að hugsa um hvað það er sem hún vill gera ef hún ætlar að búa áfram á Íslandi. Hún segir að það skipti hana miklu máli að snúa sér í auknum mæli að myndlist aftur. „Mér fannst mjög mikilvægt á Listahátíð að gæta þess að jafnvægi væri á milli listgreina þar sem hátíðin er þverfagleg, en ég var líka farin að sakna myndlistarinnar.“ Og skilyrði listarinnar, starfsskilyrði stofnana og listamanna á Íslandi, eru Hönnu hugleikið viðfangsefni. „Hér eru einstaka stofnanir fjármagnaðar sæmilega en aðrar þannig að þær eiga jafnvel erfitt með að sinna hlutverki sínu. Tökum myndlistina sem dæmi: Það er ekkert ódýrara að setja upp myndlistarsýningu en leiklistarsýningu. Munurinn á fjármögnun leikhúsa og safna liggur helst í því að þeir sem vinna í leikhúsi fá allir greitt fyrir sína vinnu, hvernig svo sem þau laun eru. Hið sama á ekki að öllu leyti við um myndlistina og ég tek fram að það á ekki bara við um Ísland.

Ég hef áhuga á því að beita mér fyrir breyttri afstöðu til þessara mála og reyndar hefur verið unnið ötullega að því á síðustu misserum að bæta starfsskilyrði á vettvangi myndlistar. Ég hef líka áhuga á því að stuðla að enn auknum alþjóðlegum tengslum á þessu sviði. Tengsl eru áhugaverður hlutur því tengslanet hefur ekkert að segja ef þú getur ekki nýtt það. Það þarf ákveðnar aðstæður til að það sé hægt og þær snúast mikið um fjármagn. Síðan er ég líka með minn bakgrunn sem leiðsögumaður eftir að hafa starfað við það í 25 ár á sumrin með einhverjum hléum og ég er mjög hugsi yfir þróuninni í heiminum í ferðamálum. En svo að ég haldi mig við Ísland, þá hefur verið unnið markvisst að því á síðustu árum að gera Reykjavík að áfangastað menningarferðamanna og sumt hefur tekist mjög vel og annað ekki, eins og gengur og gerist.“



Hanna og kötturinn Jara heima í Grjótaþorpinu þar sem ferðamennirnir streyma hjá á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> LISTSTOFNANIR VERÐA AÐ HAFA FJÁRMAGNIÐ, TENGSLANETIÐ OG ÞEKKINGUNA – MANNAUÐINN – TIL ÞESS AÐ SKAPA ÞÆR AÐSTÆÐUR SEM TIL ÞARF, VERKEFNI OG VIÐBURÐI SEM LAÐA HINGAÐ FERÐAMENN SEM FERÐAST GAGNGERT Í ÞEIM TILGANGI AÐ NJÓTA MENNINGAR OG LISTA.

Hanna leggur áherslu á að margt verði að koma til ef á að virkja þessa auðlind til fulls. „Liststofnanir verða að hafa fjármagnið, tengslanetið og þekkinguna – mannauðinn – til þess að skapa þær aðstæður sem til þarf, verkefni og viðburði sem laða hingað ferðamenn sem ferðast gagngert í þeim tilgangi að njóta menningar og lista. Þannig ferðast menningarferðamenn. Ég þekki það því að ég er menningarferðamaður. Svo þarf að miðla því starfi alþjóðlega, til réttra markhópa hverju sinni. Það er gríðarlega stórt verkefni og það er er ekki bara menningarmál heldur snertir það mörg önnur svið þjóðlífsins.“

**Aukin fjárframlög**

Hanna er á því að það sé mun meira verið að gera í þessum málum en blasi við sjónum því að breytingar hér hafi verið hraðar og það taki alltaf tíma áður en árangur stefnumótunarvinnu lítur dagsins ljós. En hvernig sérð þú fyrir þér að koma að þessi verkefni? Ertu þarna ekki komin með annan fótinn inn í pólitík? Hanna hikar með svarið en svo er það afdráttarlaust: „Jú. Það hefur alltaf blundað í mér líka og ég hef oft velt því fyrir mér. Sé enga ástæðu til þess að útiloka það. En þar sem það eru sveitarstjórnarkosningar í vor er kannski rétt að taka fram að ég myndi fara í landspólitík,“ segir Hanna og hlær.

En þegar þú talar um ferðamálin og menninguna þá er ekki annað að heyra en að þú lítir svo á að menning og listir hafi setið eftir og að staða menningarstofnana sé alvarleg. „Listir eru mitt starfssvið og ástríða og það er eðlilegt að maður berjist fyrir sínum málaflokki. Eftir hrun var íslenskt samfélag á barmi gjaldþrots og þá eru listir ekki það fyrsta sem fólk hugsar um. Það er óhjákvæmilegt við slíkar aðstæður að velferðarmál hafi forgang en núna eru efnahagsaðstæður gjörbreyttar og það hlýtur að gefa tilefni til að huga að því hvernig þær aðstæður verða nýttar. Samfélagið er að breytast mjög hratt enda koma hingað á ársgrundvelli fimm sinnum fleiri en búa í landinu. Stór hluti þess fólks vill fá innsýn í menningu, og þá á ég við samtímamenningu og -listir, í landinu til þess að dýpka þekkingu sína og skilning á þessu samfélagi. Ég áttaði mig á þessu sem leiðsögumaður á hálendinu fyrir langalöngu. Á hverjum degi fylgist ég með miklum fjölda fólks hér í miðbænum og ég veit hvað það er mikið að gerast í íslensku menningarlífi. Það þarf átak til þess að tengja þetta tvennt saman með markvissari hætti. Ég segi þetta vitandi að það er unnið að því á öllum sviðum. En við verðum líka að átta okkur á að við getum ekki náð til þessa fólks og laðað hingað menningarferðamenn í þeim gagngera tilgangi að sækja menningarviðburði, án þess að auka fjárframlög til menningar.“

Hanna segir að í dag sé hún að vinna að verkefnum sem vonandi eigi eftir að stuðla að framförum í þessum efnum. „Mér finnst þetta mjög áhugavert og ég hef áhuga á því í framtíðinni að starfa á þessum nótum, koma að stefnumótun og að því að skapa nýjar aðstæður eða skilyrði, frekar en að fara inn í vistkerfi menningarinnar sem er til staðar og vinna innan þess.“

# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 19. ÁGÚST 2017




MYND/ERNIR

# Best að búa til börn og tónlist

Ása á ferskasta lag sumarsins, Always. Nokkuð nýlega komst hún í snertingu við náðargjafirnar sem hún hlaut í vöggugjöf. Komin sjö mánuði á leið ætlar Ása að útdeila fjöri og kynþokka um alla borg á Menningarnótt. ➔2



**Anna Gréta Sigurðardóttir djasspíanisti og frændi hennar, Sölvi Kolbeinsson saxófónleikari, ferðast um landið og flytja eigin tónlist.**

helgin ➔4











LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Maður á alltaf að elska. Það er svo mikið í húfi,“ segir Ása Elínardóttir af staðfestu. Hún hefur fundið fyrir því að vera pínu leiðinleg á þriðju meðgöngunni. Lag hennar Always hefur hitt landsmenn í hjartastað í sumar; dillandi og þokkafullt.

„Ég samdi Always til mannsins míns, Guðmundar. Lagið er um það þegar maður fer að rífast yfir fáránlegum hlutum sem skipta engu máli, eins og ruslapoka sem engin nennir með út í tunnu. Af hverju að eyða tímanum í að rífast í stað þess að elska og þakka fyrir það sem maður hefur?“

Ása á von á sínu þriðja barni í október. Hún er 28 ára og á fyrir ellefu ára dóttur og son á fjórða ári.

„Ég varð ófrísk sextán ára og nýorðin sautján þegar dóttir mín fæddist. Ég elska börn og dreymdi um að eignast þau fjögur en ætlaði mér það ekki svona ung. Ég er samt fegin að það gerðist og held að maður sé tilbúinn í þann slag þegar maður lendir í honum,“ segir Ása.

Hún ráðleggur unglingsstúlkum þó að bíða með barneignir fram yfir tvítugt. „Fyrst þarf maður að hlaupa af sér hornin. Ég fékk mikinn stuðning frá mömmu og var dálítið týnd orðin tvítug og stelpan þriggja ára. Þroski fyrir móðurhlutverkið fannst mér koma um 23 ára og þá sá ég alfarið um hana sjálf.“

Það er óvenjulegt að brátt þriggja barna móðir hasli sér völl og meiki það í tónlistarbransanum.

„Dóttir mín er alltaf að segja við mig að hún vilji venjulega mömmu sem fari í lækninn eða hjúkkuna, en við vinkonur mínar segist hún hafa gaman af því að ég sé í tónlist. Ég held að fæstum ellefu ára börnum þyki mömmur sínar vera kúl. Við erum búnar að vera saman síðan ég var krakki sjálf og við erum mjög tengdar. Það er heiður að vera mamma hennar og ég er þakklát fyrir að vera á draumastað í lífinu. Það er best í heimi að búa til börn og tónlist.“



Ása naut velgengni sem fyrirsæta í París á unglingsárunum. MYND/ERNIR

## Sálufélagarnir Jin og Jang

Fjórða barnið bíður betri tíma. Fyrst vill Ása gefa út plötur og sú fyrsta, Paradise of Love, er væntanleg í september.

„Lögin mín fjalla gjarnan um ástina. Lagið Paradise of Love er annað lagið sem ég samdi og þar syng ég um leitina að hamingjunni, sem fyrir mitt leyti finnst í kærleikanum og nærveru með fólkinu mínu. Crocodile Tears er um sambandsslit. Það eru alltof margir í samböndum sem þeim líður illa í og þegar maður er í sambandi sem ekki gengur upp verður maður dofinn og getur ekki elskað.“

Ása er ástfangin af Guðmundi sem reyndi fyrst að fanga hjarta hennar þegar hún var átján.

„En þá var ég í mínum heimi og vissi ekki neitt, eins og venjulega. Við hittumst svo aftur þegar ég var 23 og þá varð ekki aftur snúið. Við fluttum inn saman, nánast eftir fyrsta deit, og erum tengd sterkum böndum. Saman erum við eins og jin og jang; andstæður og bætum hvort annað upp og eigum stórt og fallegt líf saman.“

Þau Guðmundur eru dugleg að ferðast utan landsteina með börnin sín en heima finnst þeim best að vera hvort í annars faðmi.

„Við erum afar tengd fjölskylda og þykir best að vera saman. Við förum út að leika með börnunum og borðum góðan mat, því ég hef yndi af eldamennsku og ætlaði í kokkinn á sínum tíma. Ég er ekki eins liðtæk í tiltektinni en Gummi er góður í henni,“ segir Ása hláturmild.

## Grætur ef hreyfir við fólki

Ása var tvítug þegar hún tók sér gítar í hönd og hóf að kenna sjálfri sér að spila í gegnum YouTube. Ljóð samdi hún af kappi strax á unglingsárum.

„Ljóðin voru um allt milli himins og jarðar. Ég samdi fyrsta ljóðið til að fá útrás fyrir tilfinningar þegar vinkona mín lenti í bílslysi í 7. bekk. Mér liggur margt á hjarta enda er lífið svo stórt. Áhrif tónlistar eru heilandi og þegar ég veit til þess að hafa hreyft við fólki með lagasmíðum mínum get ég beinlínis grátið.“

Þegar Ása var komin með gítar í hönd smullu lög og textar saman hjá henni.

„Ég komst að því að ég get samið lög eftir pöntun. Ég hafði enga hæfileika sem barn, var aldrei góð í neinu og með enga menntun í tónlist, svo mín vöggugjöf hefur verið að geta samið lög eins og ekkert sé. Og þá hugsaði ég með mér að annaðhvort færi ég í háskólanám og rústaði því, eða ég rústaði þessum tónlistarferli. Það hefur gengið vonum framar og fyrir það er ég afar þakklát. Það er ekki sjálfgefið því svo mikið er til af góðri tónlist,“ segir Ása hamingjusöm.

Henni líður vel á sviði og er þríbókuð í dag, á Menningarnótt. Fyrst í Dillon-garðinum klukkan 15, svo á Menningarnótt X-ins í portinu á bak við Bar 11 klukkan 17 og í Garðpartíi Bylgjunnar í Hljómskálagarðinum í kvöld.

„Dagurinn verður samfellt partí og ég hlakka mikið til þótt það verði púsl að hlaupa á milli ólétt,“ segir hún hlæjandi. „Í fyrstu var ég smeyk við tilhugsunina um að koma fram því ég hafði verið í spilun í útvarpi áður en ég steig fyrst á svið í maí. Þann dag náði ég ekki andanum fyrir spenningi en eftirleikurinn var auðveldur. Nú hlakka ég alltaf til og er ekkert stressuð, enda hví ætti ég að vera óstyrk eða feimin? Þetta er mín tónlist og það getur enginn sungið hana eins og ég geri. Mér finnst bara heiður að fá að syngja eigin tónlist og að aðrir leggi við hlustir.“

Það voru Johnny Cash og frú hans, June Carter, sem gáfu Ásu hugrekki til að springa út sem söngfugl.

„Það er fortíðarþrá í takti mínum og tónum. Ég hlustaði mikið á Johnny Cash og June um tvítugt. Hann syngur ekki beint vel og það gaf mér kjark til að syngja sjálf. Mér fannst söngrödd mín alltaf skrýtin en uppgötvaði að röddin er mitt hljóðfæri sem mér ber að nýta og fagna eins og hún er.“

## Lyf við ADHD breyttu lífinu

Ása segir gefandi að umbreyta tilfinningum í tónlist.

„Ég var flækt barn, með mikinn athyglisbrest. Gekk illa í skóla, tengdi illa við hina krakkana og dvaldi oft í eigin heimi. Á unglingsárunum fór það að vera erfitt því ég hafði engin tök á náminu og gat ekki einbeitt mér,“ segir Ása sem á fullorðinsaldri, eða fyrir um tveimur árum, fékk loks lyf við athyglisbrestinum.

„Það breytti lífi mínu. Loksins náði ég að skilgreina sjálfa mig og fór að semja tónlist. Mér finnst miður þegar lyf við ADHD eru töluð niður, hefði ég verið sett á lyf sem barn hefði það gert svo mikið fyrir mig. Ég gat aldrei verið í hópíþróttum og var alltaf fyrir neðan í öllu og því óskaplega týnd og kvíðin.“

Að upplagi er Ása glaðlynd og kát en hún segir að sér hafi oft liðið illa á uppvaxtarárunum.

„Það er aldrei gott að vera unglingsstúlka með brotna sjálfsmynd; uppfull af vanmetakennd. Allir voru betri en ég í öllu og mín lausn var að gefa skít í allt nám þegar ég var á unglingastigi grunnskólans. Ég hafði sannarlega lagt mig alla fram og gert mitt besta, en kennarinn sagði jafnharðan að það væri ekki nógu gott,“ segir Ása, og fór að vinna í fiski og við módelstörf þar til hún varð ófrísk sextán ára.

„Ég tók þátt í fyrirsætukeppni á fjórtánda árinu og fór í kjölfarið til Parísar þar sem ég vann fyrir Wella og fleiri merki. Mér þótti það ekkert merkilegt. Mér gekk vel en fannst bransinn innihaldslaus og kúplaði mig út eftir tvö ár við módelstörf. Enn í dag er ég fegin að ég entist ekki í þeim bransa því fjórtán ára hefur maður ekki nógu sterk bein í hann.“

Nýjasta lag Ásu heitir Broken Wings og er komið á Spotify. Myndband er væntanlegt á næstu dögum.

„Ég samdi lagið þegar vinkonu minni leið illa. Það er sárt að finna til vanmáttar þegar kemur að vanlíðan annarra og geta ekki tekið sorgina frá þeim. Í myndbandinu lokast stelpa inni í húsi, sem ég tengi við eigin athyglisbrest. Mitt ADHD er þannig að ég lokast inni í eigin heimi og það er erfitt að ná í mig. Þá er eins og ég hafi lokað mig af en það er ekki raunin. Ég er bara læst inni. Þannig er athyglisbrestur; einhverfukeimur þar sem maður lokast inni í eigin hugarfangelsi.“

Hægt er að fylgjast með Ásu á Facebook og SnapChat undir Asaelinar.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Mælir heils hugar með Bio Kult

**Bio Kult Pro Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Guðlaug Jóna Matthíasdóttir hefur endurtekið haft þvagfæraóþægindi en er nú betri eftir að hún fór að taka Bio-Kult Pro Cyan.**



Guðlaug Jóna tekur Bio-Kult Pro Cyan þegar hún finnur fyrir einkennum þvagfæraóþæginda. MYND/GVA

Margar konur þjást af þvagfæraóþægindum og er algengt að það sé af völdum E. coli-bakteríunnar. Ein af hverjum þremur konum hefur þjáðst af þvagfæraóþægindum fyrir 24 ára aldur og að minnsta kosti helmingur allra kvenna fær þvagfæraóþægindi einu sinni á ævinni. Fjórðungur þeirra fær endurteknar sýkingar. „Ég hef verið með krónísk óþægindi í blöðrunni í rúmlega tvö ár og hefur það valdið mér mikilli vanlíðan og óþægindum. Ég gat til dæmis aldrei farið í heitan pott eða verið úti í miklu frosti því það olli mér strax mikilli vanlíðan. Þar sem ég stunda hestamennsku og þarf oft að vera á ferðinni í vinnu þá var þetta mjög óþægilegt og hamlandi fyrir mig,“ segir Guðlaug Jóna Matthíasdóttir. Henni var ráðlagt að fara á meðhöndlandi kúr í tólf mánuði en hún var ekki alveg tilbúin til þess. „Því ákvað ég að prófa Bio Kult Pro Cyan þegar ég sá umfjöllun um það í blöðunum og fann fljótlega að það virkaði mjög vel gegn þessum króníska vanda mínum. Í fyrstu tók ég bara eitt hylki á dag eða þegar ég fann að ég fékk einkennin, en núna tek ég tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst. Ég finn að Bio Kult Pro Cyan gerir mér gott, ég er í betra jafnvægi, meltingin er betri og ég er öll mun betri,“ segir Guðlaug ánægð.

» **Ég finn að Bio Kult Pro Cyan gerir mér gott, ég er í betra jafnvægi, meltingin er betri og ég er öll mun betri.**




### Tryggir heilbrigða þvagrás

Orsakir óþæginda í þvagrás geta verið nokkrar, meðal annars utanaðkomandi áhrif á þarmaflóruna, breyttur lífsstíll, aukið stress, ýmsir sjúkdómar og aukin lyfjanotkun. Einkennin eru meðal annars tíð þvaglát, aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi, verkir við þvaglát og óeðlileg lykt og litur á þvaginu. Trönuber hafa löngum verið þekkt fyrir að virka vel sem fyrirbyggjandi meðhöndlun gegn þvagfærasýkingum. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar og skola bakteríunni út með þvaginu. Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu, sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest, og á hún að tryggja heilbrigða þvagrás. Hylkin innihalda trönuberja-extrakt, vinveitta gerla og A-vítamín. Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio Kult Pro Cyan er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu. Bio-Kult Pro-Cyan er sérstaklega hannað fyrir barnshafandi konur en alltaf er mælt með því að ráðfæra sig við fagfólk áður en inntaka hefst. Börn mega líka nota Bio Kult Pro Cyan en þá er mælt með hálfum skammti af ráðlagðri skammtastærð fyrir fullorðna.

**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.**


# Melissa Dream-töflurnar

**– fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur**

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (Lemon balm) jurtin, Melissa officinalis, verið vinsæl meðal grasalækna.

Þetta vísindalega samsetta náttúrulyf er hannað til stuðla að góðum nætursvefn og vakna endurnærð(ur) án þess að innihalda efni sem hafa sljóvgandi áhrif.

Sítrónumelis (Lemon balm) taflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B vítamín, sem stuðlar að eðlilegri taugastarfsemi.

Auk þess inniheldur taflan mikið magn magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.




„Hvílist betur með Melissa Dream“
*Lísa Geirsdóttir”*

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.


# Stuðlar að líflegra og fallegra hári

**Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Aðeins ein tafla af Hair Volume á dag og hárið verður líflegra.**

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurrt og slitið. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljái á hárið og finn að það hefur þykknað þótt ég sé einungis búin að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef litað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég,“ segir Selma.

### Ný uppfinning

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit, hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.




**Eflir hárvöxt, styrkir og þykkir hárið. Innihald: elfting (horsetail extract), epla-extrakt, hirsi (millet ex tract), amínósýrur L-cyst eine og L-methinonine, bíótín, pantótenatsýra, sink og kopar.**

# Féll kylliflöt fyrir djassinum

Hinn snjalli djasspíanisti Anna Gréta Sigurðardóttir ferðast nú um landið ásamt frænda sínum, Sölva Kolbeinssyni. Þessir ungu tónlistarmenn flytja eigin djass undir þjóðlagaáhrifum.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Anna Gréta er ekki óvön því að koma fram þótt ung sé að árum. Hún verður 23 ára næsta miðvikudag. Hún stundar nám við konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi og fer utan í byrjun næsta mánaðar. Anna Gréta hlaut titilinn bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2015 og frændi hennar, Sölvi, fékk sama titil ári síðar. Saman hafa þau unnið við eigin tónsmíðar sem þau flytja nú á hringferð sinni um landið. Í fyrrakvöld komu þau fram í Edinborgarhúsinu á Ísafirði og í gærkvöldi voru þau á Hvammstanga. Síðan heldur ferðin áfram um Norður- og Austurland. „Við endum þessa tónleikaferð í Hannesarholti næsta laugardag,“ segir Anna Gréta. „Það er einstaklega skemmtilegt að leika tónlist þar, flygillinn æðislegur og hljómurinn svo fallegur,“ bætir hún við.

„Okkur finnst rosalega skemmtilegt að ferðast um landið. Við erum eingöngu með frumsamið efni sem við höfum samið í sitt hvoru lagi eða saman. Útsetningar hafa sömuleiðis verið í okkar höndum. Þetta eru spunaútgáfur í djassútsetningu undir einhverjum þjóðlagaáhrifum. Sölvi er saxófónleikari og ég spila á píanó,“ útskýrir Anna Gréta.

## Frændsystkini á ferð

Þau frændsystkinin vissu alltaf um hæfileika hvort annars. Þau fóru þó ekki að spila saman fyrr en þau hófu nám í Tónlistarskóla FÍH. Ég var 17 ára og hann 15. Við vorum saman í hljómsveit sem nefndist Gaukshreiðrið og tókum meðal annars þátt í Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskóla. Síðan höfum við tekið þátt í hinum og þessum verkefnum. Ég er í framhaldsnámi í Stokkhólmi og hann í Berlín. Fyrir ári ákváðum við að stofna dúett og halda eigin tónleika. Okkur var boðið að taka þátt í Young Nordic Jazz Comets sem fram fór í Umeå í Svíþjóð í október sem var mjög skemmtilegt. Við fengum frábæra dóma og góðar blaðaumsagnir,“ segir Anna Gréta sem er mikill hlaupari. Hún hefur hlaupið hálft maraþon en ákvað að sleppa því núna. „Ég hleyp til að hreinsa hausinn en er ekkert sérstaklega öguð núna.“

Það er mikill tónlistaráhugi í fjölskyldu Önnu. Faðir hennar er Sigurður Flosason saxófónleikari. Þau feðgin hafa oft leikið saman, meðal annars á Freyjujazzi í Listasafni Íslands í apríl. Þar tóku þau fyrir tónsmíðar kvenna á borð við Joni Mitchell og Cörlu Bley.

## Djassinn alla daga

Það er ekki algengt að Íslendingar leggi fyrir sig djasspíanónám. Anna Gréta segir að hún hafi byrjað í klassísku píanónámi þegar hún var átta ára. „Þá hafði ég engan áhuga á djassi þótt pabbi minn væri á kafi í honum. Þegar ég var fjórtán ára uppgötvaði ég að klassíkin ætti eiginlega ekki samleið með mér. Þá fór ég að spila meira eftir eyranu, spila popplög og lög sem mér þóttu skemmtileg. Síðan fór ég í FÍH og þar kynntist ég djassinum fyrir alvöru og féll fyrir honum. Það er algjör lúxus að læra og starfa við það sem manni finnst skemmtilegast að gera. Núna er ég á kafi í djassinum og það eru margir áhrifavaldar sem ég lít til. Til dæmis er Keith Jarrett í miklu uppáhaldi um þessar mundir,“ segir Anna Gréta.

> Okkur var boðið að taka þátt í Young Nordic Jazz Comets sem fram fór í Umeå í Svíþjóð í október sem var mjög skemmtilegt. Við fengum frábæra dóma og góðar blaðaumsagnir.

Anna Gréta og Stína Ágústsdóttir söngkona hafa unnið mikið saman í Svíþjóð þar sem þær eru báðar búsettar. Þær hafa verið með tónleika þar sem flutt er meðal annars djössuð útgáfa af lögum Bjarkar Guðmundsdóttur. Tónleikunum hefur verið mjög vel tekið af Svíum. „Við Stína höfum unnið mikið saman og það hefur verið sérstaklega ánægjulegt. Þetta hafa verið alls konar verkefni, bæði hér heima og úti. Við munum örugglega halda því áfram í vetur.“

## Næg verkefni

Fyrir utan tónlistina hefur Anna Gréta gaman af því að elda góðan mat og prófa nýja rétti. „Ég bý til alls konar grænmetisrétti og elda fisk ef hann er í boði. Það er ekki auðvelt að fá ferskan fisk í Stokkhólmi,“ segir Anna sem hefur sömuleiðis áhuga á líkamsrækt, sérstaklega hlaupum og jóga. „Stundum finnst mér æðislegt að slappa bara af og njóta lífsins.“

Hún segist kunna vel við sig í Svíþjóð. „Stokkhólmur er æðisleg borg og skólinn minn er frábær. Það er gott að búa í Svíþjóð og ég hef ekki hug á að flytja heim eftir námið. Ég hef verið að skapa mér tengslanet í tónlistinni og hef víða komið fram með bigbandi auk alls kyns tilfallandi verkefna sem hafa komið upp í hendurnar á mér. Ég er þegar bókuð á nokkra tónleika í september og október. Meðal annars verð ég á Djasshátíðinni í Stokkhólmi,“ segir Anna Gréta og bætir við að hún hafi einnig tekið að sér kennsluverkefni á Álandseyjum í október. „Það bíða mín því nokkur ferðalög,“ segir hún. „Ég hef verið heppin, það er alltaf nóg að gera í tónlistinni.“

Þeir sem vilja hlusta á frændsystkinin leika tónlistina sína geta séð hvar þau eru á landinu með því að kalla upp á Facebook: Tónleikar Önnu og Sölva.



Anna Gréta Sigurðardóttir hefur mikið að gera í djasstónlistinni þótt ung sé að árum. MYND/MAGNUS ANDERSEN



Frændsystkinin Anna Gréta og Sölvi ferðast um landið með eigin tónlist. MYND/HANS VERA



# FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

GOTT ÚRVAL AF FATNAÐI Í STÆRÐUM 14-28 EÐA 42-56
SJÁÐU ÚRVALIÐ Á WWW.CURVY.IS EÐA KOMDU VIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9

























VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Við erum á Snap chat > Curvy.is

Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# Hver sýning verður einstök

Sýndarveruleikasýningin Kassinn er einn fjölmargra spennandi viðburða sem fer fram á Menningarnótt í dag. Einungis einn áhorfandi sér hverja sýningu og getur hann haft áhrif á framvindu verksins.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Gagnvirka sýndarveruleikhússýningin Kassinn hlýtur að teljast með óvenjulegri viðburðum Menningarnætur þetta árið. Það er listviðburðahópurinn Huldufugl sem stendur á bak við sýninguna og segir Nanna Gunnars, annar höfundur sýningarinnar og um leið annar leikari hennar, að líklega sé um fyrstu sýndarveruleikhússýninguna að ræða hér á landi. „Sýningin fer þannig fram að einn áhorfandi í einu fer inn í kassa og setur þar upp Oculus Rift sýndarveruleikagleraugu. Áhorfendur fá einnig „hendur“ innan sýndarveruleikans og geta hreyft sig um en eru þó fastir inni í kassa í sýndarveruleikaheimi. Engar tvær sýningar eru eins þar sem áhorfandinn getur haft áhrif á framvindu sýningarinnar og er virkur þátttakandi. Hver sýning er aðeins um 10-15 mínútur og er í senn súrrealísk og kómísk. Ég vil ekki segja of mikið um hvað gerist innan kassans á þessum stutta tíma, fólk verður bara að mæta og prófa!“ Auk Nönnu leikur Ástþór Ágústsson í sýningunni en þau tvö skipta með sér eina hlutverki sýningarinnar.




Stór hluti hópsins sem kemur að sýningunni á morgun (f.v.): Ástþór Ágústsson leikari, Owen Hindley, sem hannar sýndarveruleikaheiminn, Nanna Gunnars og Jacob Andersson, sem hjálpar til við þrívíddarhönnun. MYND/EYÞÓR




## Margir hjálpast að

Hugmyndina að sýningunni má rekja til stutts leikverks sem Nanna skrifaði í fyrra og nefndist Kassinn. „Skyndileikhúsið Uppsprettan sýndi verkið í Tjarnarbíói og þegar Owen Hindley, félaga minn í Huldufugli, langaði að setja upp sýndarveruleikhússýningu fannst okkur þetta stuttverk tilvalið sem rammi utan um þá sýningu. Svo hefur sýningin auðvitað þróast mikið síðan og er nú frekar frábrugðin upprunalega verkinu.“

Hún segir Owen sjá algjörlega um að hanna sýndarveruleikaheiminn. „Sýningin hefði svo aldrei orðið að veruleika nema fyrir tilstilli fyrirtækisins PuppIT sem slóst í för með okkur og útvegar okkur hreyfigalla. Auk þess hafa starfsmenn fyrirtækisins tekið virkan þátt í að móta sýninguna. Einnig fengum við Ragnar Hrafnkelsson til að hanna hljóð og Jacob Andersson til að hjálpa til við þrívíddarhönnun. Söngkonan ÍRiiS ljær okkur rödd sína og útvaldir vinir munu hjálpa til sem sviðsmenn á Menningarnótt. Svo þessi litla sýning vatt fljótt upp á sig.“

Sýndarveruleikhússýningar eru nýtt fyrirbæri og segist Nanna ekki þekkja til margra slíkra sýninga erlendis. „Owen hefur verið að vinna við gerð sýndarveruleika undanfarið og Huldufugl hefur ætíð einblínt á að samræma tækni og leikhús, svo þetta lá beint við fyrir okkur. En ég veit að sýndarveruleiki er að ryðja sér til rúms og virt bresk leikhús eins og The Royal Shakespeare Company hafa verið að nýta sér tæknina í þágu leiklistar. Svo eru örugglega til einhver svipuð verk á jaðarhátíðum eins og Edinborgarhátíðinni en þetta er í fyrsta sinn sem sýndarveruleikhússýning fer fram á Íslandi svo ég viti til.“

## Margt á döfinni

Ýmislegt spennandi er á döfinni hjá Huldufugli í vetur að sögn Nönnu. „Við höfum undanfarið að setja upp gagnvirk ljóðakvöld sem kallast Rauða skáldahúsið í Iðnó, í samstarfi við skáldið Meg Matich.

> **Hver sýning er aðeins um 10-15 mínútur og er í senn súrrealísk og kómísk. Ég vil ekki segja of mikið um hvað gerist innan kassans á þessum stutta tíma**

Þar geta gestir keypt sér einkalestra, hlýtt á lifandi tónlist, dansað, sungið og notið „burlesque/boylesque“ skemmtiatriða. Svolítið eins og að ganga inn í franskan gleðiheim frá 3. áratug síðustu aldar. Næsta sýning verður í október eða nóvember og svo líklega aftur í janúar.“

Einnig hafa þau verið að hjálpa til við sýningar hjá Reykjavík Kabarett og munu halda því áfram eins lengi og kabarettinn vill nýta sér hjálp þeirra segir Nanna. „Owen er upptekinn með Horizons Studio að vinna að öðru sýndarveruleikaverki, sem tvinnar sýndarveruleikaheiminn saman við tónlist og við munum hugsanlega vera í samstarfi við söngkonuna Svanlaugu Jóhannsdóttur um að setja upp spennandi tangósýningu á næstunni. Svo erum við líka opin fyrir því að þróa Kassann meira, sýna verkið aftur eða jafnvel gera lengri sýningu ef áhugi er fyrir hendi og fjármagn næst. Við erum með fullt af fleiri hugmyndum, og alltaf með áhuga á samstarfi við alls kyns listafólk, svo hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér.“

Sýningin er haldin á Hlemmi milli kl. 12 og 22 og er aðgangur ókeypis. Uppselt er á fyrirframbókaðar sýningar en ein sýning er laus á hverjum klukkutíma á meðan sýningin stendur yfir.

Landsbankinn og Höfuðborgarstofa styrkja sýninguna.

Nánari upplýsingar um listviðburðahópinn og sýninguna má finna á www.huldufugl.is og á Facebook.

## SQL sérfræðingar - Microsoft sérfræðingar

Óskum eftir að komast í samband við SQL gagnagrunnssérfræðinga eða Microsoft kerfisstjóra með góða SQL þekkingu. Leitum að einstaklingum sem hafa sannað sig í faginu. Áhugaverð tækifæri í boði fyrir rétta aðila.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

*Birta lífeyrissjóður er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsmanna með yfir 18.000 virka sjóðfélaga.*

*Sjóðurinn tók formlega til starfa 1. desember 2016 en hann varð til við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs.*

*Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á* ***www.birta.is***

## Skrifstofustjóri

Birta lífeyrissjóður óskar eftir að ráða skrifstofustjóra. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem gerir kröfu um mikla samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Dagleg stjórnun skrifstofu og þjónustuvers
- Iðgjalda- og lífeyrismál
- Umsjón með mannauðsmálum
- Samskipti við hagsmunaaðila sjóðsins
- Yfirumsjón ársskýrslu og ársfunda
- Seta í nefndum sjóðsins
- Ýmis verkefni tengd starfsemi sjóðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af lífeyrissjóðsmálum og/eða störfum á fjármálamarkaði er kostur
- Ríkuleg hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund
- Skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Skipulagsstofnun

*Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi.*

*Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila.*

*Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.*

*Hjá stofnuninni ríkir góður starfsandi og í boði er mjög góð starfsaðstaða.*

*Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á* **www.skipulag.is**

## Sérfræðingar í skipulagi og umhverfismati

Skipulagsstofnun óskar að ráða metnaðarfulla sérfræðinga til starfa við fjölbreytt verkefni í skipulagsmálum og umhverfismati. Starfshlutfall er 100%.

**Meðal helstu verkefna:**

- Mótun landsskipulagsstefnu og eftirfylgni hennar með greiningar-, stefnumótunar- og leiðbeiningarverkefnum
- Mat á umhverfisáhrifum, vinna að ákvörðunum og álitum stofnunarinnar um einstakar framkvæmdir ásamt leiðbeiningum og ráðgjöf
- Innleiðing stafrænnar skipulagsgerðar og rafrænnar stjórnsýslu
- Aðkoma að öðrum verkefnum stofnunarinnar sem t.d. tengjast skipulagsgerð sveitarfélaga og ýmsu kynningar- og leiðbeiningarstarfi

**Við leitum að einstaklingum með:**

- Háskólamenntun ásamt framhaldsgráðu sem nýtist í starfi
- Þekkingu eða reynslu sem nýtist í starfi, svo sem af skipulagsgerð, umhverfismati, umhverfismálum, stefnumótun, samráði eða landfræðilegum upplýsingakerfum
- Hæfni til að hagnýta þekkingu og reynslu í ólíkum verkefnum og metnað til að ná árangri
- Áhuga á að takast á við fjölbreytt verkefni og getu til að leysa verk vel af hendi á eigin spýtur og í samstarfi við aðra
- Frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum og gott vald á íslensku í ræðu og riti

*Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 4. september 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Laus störf hjá Hringrás

Umsóknarfrestur
**3. september**

Sæktu um störfin á
**vinna.is/storf**

**VÉLAMENN Í REYKJAVÍK**
Helstu verkefni vélamanns eru flokkun og vinnsla brotajárns en aðal athafnasvæði félagsins er að Klettagörðum 9 í Reykjavík. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gild vinnuvélaréttindi og reynslu af vinnu á þungum vinnuvélum.

**STARFSMAÐUR Á REYÐARFIRÐI**
Starfsmaður Hringrásar á Reyðarfirði hefur umsjón með móttöku spilliefna og brotajárns á staðnum. Starfsmaðurinn þarf að hafa gild vinnuvélaréttindi og meirapróf. Vinnutími er samkomulagsatriði.

**VERKAMENN Í REYKJAVÍK**
Helstu verkefni verkamanns eru flokkun og móttaka spilliefna sem og brotajárnsvinnsla. Aðal athafnasvæði félagsins er að Klettagörðum 9 í Reykjavík og mun viðkomandi starfa þar en einnig er nokkuð um styttri vinnuferðir innanlands. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst þar sem umsóknir verða skoðaðar jafn óðum og þær berast.

Fyrirtækið Hringrás er leiðandi í endurvinnslu brotajárns og móttöku spilliefna á Íslandi. Hringrás ræður yfir hagkvæmum og góðum tækjakosti sem gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar öfluga og góða þjónustu. Hringrás vinnur eftir ströngum reglum gæðastjórnunar sem miða að því að bæta og straumlínulaga starfsemi fyrirtækisins. Hjá Hringrás starfa nú um 50 manns.

vinna.is capacent

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Menntasvið**
- Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs

**Leikskólar**
- Aðstoðarmaður í eldhús á Sólhvörfum
- Þroskaþjálfi og leikskólakennari á Álfatúni
- Aðstoðarmaður í eldhús á Læk
- Leikskólakennari á Austurkór
- Fagaðili í Austurkór
- Deildarstjóri á Austukór
- Leikskólakennari á Baug

**Grunnskólar**
- Frístundaleiðbeinendur í Lindaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Kópavogsskóla
- Matráður i Salaskóla
- Stuðningsfulltrúi í Smáraskóla
- Forfallakennari, stuðningsfulltrúi og frístundaleiðbeinendur í Kársnesskóla

**Velferðarsvið**
- Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk
- Stuðningsaðilar óskast fyrir Velferðarsvið Kópavogs

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

Landhelgisgæsla Íslands

# Vilt þú vera í sterku liði?

Landhelgisgæsla Íslands leitar að einstaklingum í starf lager- og innkaupastjóra og í starf lagermanns. Umsækjendur þurfa að standast kröfur Landhelgisgæslunnar um líkamlegt og andlegt atgervi. Einnig skulu umsækjendur uppfylla skilyrði fyrir öryggisheimild samanber varnarmálalög nr. 34/2008 og reglugerð nr. 959/2012.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5516**

**LAGER-/ INNKAUPASTJÓRI**
Helstu viðfangsefni:
- Yfirumsjón með lager og öllum innkaupum á varahlutum og rekstrarvöru frá erlendum og innlendum birgjum.
- Utanumhald lagers þ.m.t. lagerbókhald.
- Utanumhald varahlutalagers og innkaup honum tengd, varða að mjög stórum hluta flugvélavarahluti en að auki varahluti vegna skipa, almennrar rekstrarvöru og vinnufatnaðar.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Mjög góð reynsla af lagerstörfum og lagerbókhaldi er krafa.
- Reynsla af innkaupum á flugvélavarahlutum eða sambærileg reynsla sem nýtist í starfi er æskileg.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði.
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5515**

**LAGERMAÐUR**
Helstu viðfangsefni:
- Almenn lagerstörf.
- Utanumhald á lagervöru.
- Pantanir og móttaka á vörum og skráning.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Mjög góð reynsla af lagerstörfum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Einnig fer Landhelgisgæslan með daglega framkvæmd öryggis- og varnarmála samanber varnarmálalög nr. 34/2008, þ.m.t. er rekstur Öryggissvæða, mannvirkja, kerfa, stjórnstöðvar Atlantshafsbandalagsins/LHG og ratsjár- og fjarskiptastöðva.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Umsóknarfrestur
**4. september**

*Capacent — leiðir til árangurs* capacent

## Starfsfólk óskast

Styrktarsjóður í minningu
**Sigurbjargar**
Óskar eftir starfsfólki

### Rekstrarstjóri

**Hlutverk:** Umsjón með daglegum rekstri, áætlanagerð, starfsmannahald og yfirsýn.
**Hæfni:** Viðtæk þekking á viðskiptum og rekstri, almenn tölvu kunnátta og íslensku mælandi.
Aldur og menntun skiptir ekki máli.

### Sölumenn

**Hlutverk:** Sala á almennum vörum.
Föst laun í boði auk bónusa.
**Hæfni:** Hentar einungis hressu og brosmildu fólki með jákvætt hugarfar.
Aldur og menntun skiptir ekki máli.

**Umsóknarfrestur: 25. ágúst fyrir kl. 16:00**

*Nánar á facebook síðu sjóðsins: Styrktarsjóður Sigurbjargar*

## Laugargerðisskóli í Eyja og Miklaholtshreppi auglýsir eftir íþróttakennara og umsjónarkennara á miðstigi.



Um er að ræða fulla stöðu. Við leitum að skapandi og framsæknum kennara sem hefur áhuga á fjölbreyttum kennsluháttum.
Gott húsnæði er í boði á staðnum.
Við hvetjum alla áhugasama um vinnu með börnum og fullorðnum til að sækja um. Til greina kemur að ráða leiðbeinanda berist ekki umsókn frá kennara með full réttindi til kennslu við grunnskóla.

**Umsóknarfrestur er til 30. ágúst 2017.**

**Nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Ingveldur Eiríksdóttir, í síma 856 0465 eða í tölvupósti.** Vinsamlegast sendið umsóknir með upplýsingum um umsækjanda rafrænt á netfangið ***skolastjori@laugargerdisskoli.is***



*Laugargerðisskóli er öflugur samrekinn leik- og grunnskóli með 25 nemendur. Hér nýtum við okkur jákvæðan aga og erum heilsueflandi skóli. Áhersla er á einstaklingsmiðaða kennsluhætti þar sem áhugi, frumkvæði og styrkleikar hvers eins eru nýttir í leik og starfi. Gott samstarf er við aðra skóla, bæði á Snæfellsnesi og í Borgarbyggð. Á staðnum er gott íþróttahús og sundlaug auk dásamlega fallegrar náttúru. Löngufjörur eru rétt fyrir neðan skólann, Eldborg blasir við að ógleymdum öðrum gígum og formfögrum fjöllum Snæfellsness, vötnum, ám og fossum.*





# Mechanical Engineer

TELEDYNE GAVIA ehf.
Everywhereyoulook

Teledyne Gavia ehf. is looking for a mechanical engineer to work on mechanical development for the Gavia AUV.

Application deadline
**3rd of September**

Information and application
**capacent.is/s/5501**

### Main Tasks

Development for the Gavia AUV. The Gavia AUV is an autonomous underwater vehicle (AUV) capable of carrying out complex survey missions for commercial, scientific and defence applications.



### Requirements

- The position requires a BSc in Mechanical Engineering and experience in mechanical design.
- Experience with oceanographic equipment is a plus.
- Experience with SolidWorks or other design tools is preferred.
- He/she must be a self-starter and able to work in a fast-paced, team environment.
- Five years or more work experience is preferred.

Teledyne Gavia is part of Teledyne Technologies Inc. Teledyne Technologies is a leading provider of sophisticated electronic subsystems, instrumentation and communications products, engineered systems, aerospace engines and energy and power generation systems. The unit in Iceland was acquired by Teledyne in 2010 and currently has about 23 employees. Teledyne Gavia ehf. is located in Kópavogur, Iceland and the Gavia AUV is developed and manufactured in Iceland. For further information visit our website: http://www.teledynemarine.com/gavia

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Framkvæmdastjóri

Traust, öflugt og framsækið fyrirtæki óskar eftir að ráða dugmikinn og drífandi einstakling í starf framkvæmdastjóra. Um er að ræða krefjandi framtíðarstarf í síbreytilegu umhverfi. Leitað er að einstaklingi með reynslu á sviði rekstrar og sölu sem og stjórnunar starfsmanna. Viðkomandi aðili mun heyra undir stjórn og bera ábyrgð á stórum hluta fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur
**28. ágúst**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5520**

### Starfssvið

- Ábyrgð og umsjón með daglegum rekstri.
- Stjórnun starfsmanna og umsjón með starfsmannamálum.
- Verkefna- og sölustjórnun í samvinnu við sölustjóra.
- Leitun nýrra viðskiptatækifæra.
- Samninga- og tilboðsgerð til stærri viðskiptavina.
- Samskipti við erlenda birgja.
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit sem og þátttaka í stefnumótun.

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta-, rekstrar- eða tæknifræði skilyrði.
- A.m.k. 5 ára haldgóð starfsreynsla skilyrði, á sviði sölu og starfsmannamála.
- Reynsla af sölu, sölustjórnun og samningagerð skilyrði.
- Metnaður og framsækni í starfi.
- Góð kunnátta á upplýsingatækni og hagnýtingu hennar.
- Mjög góð enskukunnátta.
- Hæfni til þess að vinna undir álagi.

Hlutverk fyrirtækisins er innflutningur og sala á heilsutengdum vörum. Starfsmenn fyrirtækisins eru 10 til 20 talsins.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Yfirlæknir | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201708/1338 |
| Doktorsnemi í efnafræði | Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun | Reykjavík | 201708/1337 |
| Löglærður fulltrúi | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu | Kópavogur | 201708/1336 |
| Verkefnastjóri lögfræðiteymis | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201708/1335 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201708/1334 |
| Lager- og innkaupastjóri | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjavík | 201708/1333 |
| Lagermaður | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjavík | 201708/1332 |
| Skólahjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Efra Breiðholti | Reykjavík | 201708/1331 |
| Starfsmenn á lokaða deild | Barnaverndarstofa, Stuðlar | Reykjavík | 201708/1330 |
| Hópstjórar | Barnaverndarstofa, Stuðlar | Reykjavík | 201708/1329 |
| Sérfræðingur á efnahagssviði | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201708/1328 |
| Móttökuritari | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201708/1327 |
| Afleysing prests | Biskupsembættið | Þórshöfn | 201708/1326 |
| Sérfr. í fjármálum og rekstri | Dómsmálaráðuneytið | Reykjavík | 201708/1325 |
| Starfsmaður í býtibúr | Landspítali, Landakot | Reykjavík | 201708/1324 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Landspítali, smitsjúkdómadeild | Reykjavík | 201708/1323 |
| Starfsmaður í ræstingu og búri | Sjúkrahúsið á Akureyri, Kristnesspítali | Akureyri | 201708/1322 |
| Kennslustjóri | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201708/1321 |
| Móttökuritari | Heilsugæslan, göngudeild sóttvarna | Reykjavík | 201708/1320 |
| Barnalæknir | Heilsugæslan Mjódd | Reykjavík | 201708/1319 |
| Sérfræðingur í heimilislækningum | Heilsugæslan Árbæ | Reykjavík | 201708/1318 |
| Bókari | Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun | Reykjavík | 201708/1317 |
| Réttargæslumenn fatlaðs fólks | Velferðarráðuneytið | Rvk og fleira | 201708/1316 |
| Þjónustufulltrúi | Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201708/1315 |
| Forstöðum. tækni- og innkaupad. | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201708/1314 |
| Sérfræðingur | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201708/1313 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201708/1312 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201708/1311 |
| Starfsmaður í býtibúr | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201708/1310 |
| Starfsmaður við aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201708/1309 |
| Doktorsnemi í lífvísindum | Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201708/1308 |
| Markaðs- og vefstjóri | Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið | Reykjavík | 201708/1307 |
| Embætti prests | Biskupsembættið | Patreksfjörður | 201708/1306 |
| Ræstitæknir | Þjóðminjasafn Íslands | Reykjavík | 201708/1305 |
| Rekstrarstjóri lager og innkaup | Landspítali, eldhús | Reykjavík | 201708/1304 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, bráðaskurðdeild | Reykjavík | 201708/1303 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, endurhæfingad. Grensási | Reykjavík | 201708/1302 |
| Sjúkraliðar | Landspítali, bráðadeild | Reykjavík | 201708/1301 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, smitsjúkdómadeild | Reykjavík | 201708/1300 |
| Sjúkraliðar | Landspítali, smitsjúkdómadeild | Reykjavík | 201708/1299 |
| Aðstoðarmaður sjúkraþjálfara | Landspítali, Landakot | Reykjavík | 201708/1298 |
| Rafvirki | Landspítali, fasteignadeild | Reykjavík | 201708/1297 |
| Pípulagningamaður, verkstjóri | Landspítali, fasteignadeild | Reykjavík | 201708/1296 |
| Verkefnastjóri | Landspítali, innkaupadeild | Reykjavík | 201708/1295 |
| Trésmiður | Landspítali, fasteignadeild | Reykjavík | 201708/1294 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, almennar lyflækningar | Reykjavík | 201708/1293 |
| Fulltrúar | Tollstjóri | Reykjavík | 201708/1292 |
| Þjónustusérfræðingur | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201708/1291 |
| Lögfræðingar | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201708/1290 |
| Ræsting | Lögreglustjórinn á Vesturlandi | Stykkishólmur | 201708/1289 |
| Sérgreinaritari | Landspítali, röntgendeild | Reykjavík | 201708/1288 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, HNE-, lýta-/æðaskurðd. | Reykjavík | 201708/1287 |

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Húðfegrun

# MARKAÐSSTJÓRI

Við leitum að öflugum markaðsstjóra á húðmeðferðarstofuna Húðfegrun ehf.

**Hæfniskröfur**
- Háskólapróf á sviði markaðs- eða viðskiptafræða
- Reynsla af stýringu markaðs- og vöruþróunarmála
- Reynsla af greiningu markaða og markaðsrannsóknum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta og geta til að hagnýta sér upplýsingatækni
- Frumkvæði og skapandi hugsun
- Fagleg vinnubrögð

**Um er að ræða krefjandi starf í vaxandi fyrirtæki þar sem markaðsstjóri ber ábyrgð á faglegri vinnu við markaðsmál. Markaðsstjóri stýrir með markaðsfulltrúa öllum markaðsmálum fyrirtækisins.**

Starfshlutfall er umsemjanlegt (þó á bilinu 50-100%) og kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst.**
**Umsókn og ferilskrá sendist á hudfegrun@hudfegrun.is**

# Viltu starfa hjá framsæknu fyrirtæki?

Auglýsum eftir öflugu fólki í eftirtalin störf:

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Við leitum að jákvæðum og áreiðanlegum þjónustufulltrúa í fullt starf á skrifstofu okkar að Stórhöfða 25.

***Starfssvið***
- Símsvörun
- Svara fyrirspurnum af vef
- Einföld aðstoð við notendur
- Utanumhald um viðgerðabeiðnir
- Umsjón vefpantana
- Tilfallandi verkefni á skrifstofu

## SÖLUFULLTRÚAR Í VERSLUNUM

Óskum að ráða til okkar áreiðanlegt og jákvætt sölufólk til sölu- og afreiðslustarfa í verslunum okkar í Kringlunni og á Stórhöfða. Um er að ræða nokkrar stöður, sem fullt starf eða hlutastarf. Mikilvægt er að hlutastarfsfólk geti unnið á háannatímum í desember, janúar og júlí.

***Starfssvið***
- Vörusala og afgreiðsla
- Kynna vörur og eiginleika þeirra
- Hlusta á óskir viðskiptavina

Lögð er áhersla á þjónustulund og lipurð í samskiptum og að starfsmaður búi yfir jákvæðu viðhorfi og stundvísi. Almenn hreysti, hreint sakavottorð og reglusemi eru áskilin.

Áhugasamir, sem vilja starfa hjá framsæknu fyrirtæki þar sem lögð er áhersla á heilsu, lífsgæði og virkan lífstíl, eru hvattir til að senda umsókn fyrir 29. ágúst með starfsferilsskrá og mynd á atvinna@eirberg.is merkt Umsókn. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Samkeppnishæf laun eru í boði.

*Eirberg er eitt af 40 vinsælustu fyrirtækjum landsins 2017 skv. könnun sem gerð var á vegum Frjálsrar verslunar og yfir 30.000 manns fylgjast með okkur á Facebook.*

*Eirberg ehf. er framsækið innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf. Vakin er athygli á því að Eirberg er reyklaus vinnustaður.*

Eirberg



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 85437 08/17

# SUMARSTARF FLUGFREYJA OG FLUGÞJÓNA 2018

**Icelandair óskar eftir fólki í spennandi og krefjandi störf flugfreyja og flugþjóna í líflegu, alþjóðlegu starfsumhverfi. Við leitum að kraftmiklum og glaðlyndum einstaklingum sem fæddir eru 1995 eða fyrr. Við sækjumst eftir fólki sem er lipurt í samskiptum, á auðvelt með að vinna í hóp, er jákvætt og hefur vingjarnlegt og hlýlegt viðmót.**

**Um er að ræða sumarstarf með möguleika á framtíðarstarfi. Mikill kostur er ef viðkomandi getur hafið störf í maí og starfað út september.**

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði, önnur tungumálakunnátta er mikill kostur.
- Reynsla af þjónustustörfum er kostur.
- Hæfni í samskiptum.
- Umsækjendur þurfa að vera hraustir og vel á sig komnir.

Áður en til ráðningar kemur þurfa umsækjendur að standast læknisskoðun samkvæmt reglugerð flugmálayfirvalda.

**UNDIRBÚNINGSNÁMSKEIÐ:**

Umsækjendur þurfa að vera reiðubúnir að sitja krefjandi námskeið.

**UMSÓKNUM ÞURFA AÐ FYLGJA EFTIRFARANDI GÖGN:**

1. Afrit af stúdentsskírteini eða öðrum sambærilegum prófskírteinum ásamt einkunnum.
2. Afrit af hreinu sakavottorði, ekki eldra en sex mánaða.
3. Kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.
4. Hafi umsækjandi lokið grunnþjálfun (Attestation of Initial Training) þarf staðfesting á því að fylgja umsókn.

Umsækjendur þurfa að hafa vegabréf í gildi. Til þess að umsókn teljist gild þurfa umbeðin gögn nr. 1, 2 og 3 að fylgja. Athugið að ekki verður tekið við umsóknum né fylgigögnum eftir að umsóknarfrestur er liðinn.

**FYRIRSPURNIR OG NÁNARI UPPLÝSINGAR:**

Sími 5050-111 | netfang: ccstarf@icelandair.is

**UMSÓKNARFRESTUR:**

Umsóknarfrestur er til og með 3. september 2017. Eingöngu er hægt að sækja um starfið á vefsíðu Icelandair á www.icelandair.is/umsokn. Vinsamlegast endurnýið eldri umsóknir.

Icelandair er stór vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi. Við viljum jákvæða og áhugasama einstaklinga til liðs við okkur sem búa yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum og hafa metnað til þess að ná góðum árangri í starfi.

ICELANDAIR

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

# controlant

*Are you the one we are looking for?*

Controlant is an innovative Icelandic tech company which provides cloud-based, M2M connected wireless monitoring solutions for the food and pharma sectors. We provide our customers with the solutions they need for reducing waste and improving quality of products throughout their lifecycle. Controlant operates in international markets and has established business relationships with multiple customers and distributors around the globe.

We offer a friendly work atmosphere where everyone is encouraged to contribute their ideas and bring their strengths to the (foosball) table.

## Software Developer (C#, Java, Python)

We are looking for a talented software developer to take part in developing our APIs and services for both current and future solutions. As a Controlant software developer, you will be expected to take full part in both the design and the implementation processes. You will become part of an existing team within the R&D department, which is responsible for our APIs and services and reports directly to the CTO of the company.

**What we are looking for in applicants:**

* A college degree in computer science or similar – or equivalent work experience
* Experience and interest in modern development methodologies for APIs & services
* Solid knowledge of SQL, and C# or Java required
* Experience in any of the following technologies is a plus: Python, javascript, typescript, html/css, redis, kafka, .NET Core
* Ability to work on challenging tasks independently as well as in a team
* Proficiency in spoken & written English

**Please send your application to *job@controlant.com* before September 4th.**
**All applications will be answered and treated as confidential.**

Controlant ehf. | Grensásvegi 7, 108 Reykjavík | s. 517 0630 | www.controlant.com

## Verkefnisstjóri í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd

Um er að ræða tímabundið starf með mögulega framlengingu/fastráðningu.

**Helstu verkefni**

- Félagslegt hjálparstarf fyrir hælisleitendur
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Fræðsla og kynning fyrir stjórnvöldum, sveitarfélögum, Alþingi, fjölmiðlum, félagasamtökum og almenningi
- Þátttaka og stuðningur við annað starf Rauða krossins í málaflokknum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla af málefnum hælisleitenda og flóttamanna
- Reynsla af starfi með Rauða krossinum æskileg
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, önnur tungumál kostur
- Framúrskarandi hæfni í teymisvinnu, samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking og/eða reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og menningarlæsi

› Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2017. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf strax.

› Nánari upplýsingar veitir Atli Viðar Thorstensen, **atli@redcross.is** og umsóknir óskast sendar á sama netfang.

RAUÐI KROSSINN ICELANDIC RED CROSS

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 17-1720

**365 miðlar leita að**

## VERKEFNASTJÓRI Í MARKAÐSDEILD

MARKAÐSDEILD 365 LEITAR AÐ ÖFLUGUM OG METNAÐARFULLUM VERKEFNASTJÓRA.
VIÐKOMANDI ÞARF AÐ GETA UNNIÐ VEL Í HÓPI SEM OG TEKIÐ SJÁLFSTÆÐA ÁBYRGÐ Á EIGIN VERKEFNUM.

**Helstu verkefni:**

- Teymisvinna og umsjón með einstökum verkefnum
- Samskipti við auglýsingastofu
- Samskipti við hagsmunaaðila innan 365
- Notkun samfélagsmiðla í markaðsstarfi

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og markaðsstarfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð færni í ræðu og riti á íslensku

**Stefnt er að því að umsækjandi getið hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
*Elmar Hallgríms Hallgrímsson (elmar@365.is) í síma 893-9385.*

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: www.365.is undir „laus störf". Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 400 manns.

365




## Þá erum við að leita að þér

Vegna ört vaxandi starfsemi og aukinnar eftirspurnar leitum við að liðsauka í innleiðingu og þjónustu á **Microsoft Dynamics 365** fyrir viðskiptavini okkar.

### Ráðgjafi í Dynamics AX

**Við leitum að skipulögðum einstaklingum** til að taka þátt í verkefnum fyrir viðskiptavini okkar hér á landi sem og erlendis í **Microsoft Dynamics AX fjárhagskerfi.** Verkefnin felast í greiningu á ferlum, skjölun, aðlögunum, stillingum, kennslu og þjálfun notenda. Þekking og reynsla á ferlum tengdum innkaupum, fjárhag, vöruhúsum, birgðum er skilyrði.

### Forritari í Dynamics AX

**Við leitum að úrræðagóðum og sjálfstæðum einstaklingum** til að taka þátt í innleiðingu og þjónustu á **Microsoft Dynamics AX** fyrir viðskiptavini hér á landi sem og erlendis. Verkefnin felast í þróun, forritun, aðlögunum, stillingum, úrvinnslu gagna og samþættingu við önnur kerfi. Þekking og reynsla í forritun í Microsoft viðskiptakerfum er mikill kostur þó við kunnum vel að meta almenna forritunarreynslu.

### Forritari í Dynamics AX Retail

**Við leitum að reyndum einstaklingi** sem hefur reynslu af kassakerfum til að annast uppsetningu, þróun, aðlaganir og almenna þjónustu á kassakerfum sem byggjast á **Microsoft Dynamics AX Retail** fyrir viðskiptavini okkar.

### Aðalbókari

**Við leitum að öflugum einstaklingi** með viðamikla bókhaldsreynslu til að annast bókhald Annata og dótturfyrirtækja. Helstu verkefni eru:

- Umsjón með daglegri færslu bókhalds, afstemmingum, mánaðarlegri reikningagerð og innheimtu.
- Ábyrgð á gjaldmiðlabókhaldi, millifyrirtækjaviðskiptum og milliverðlagningu ásamt undirbúningi, gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana fyrir Annata og dótturfélög.
- Uppgjör virðisaukaskatts og skattskil í samstarfi við endurskoðanda.
- Afstemmingar og lokafrágangur á mánaðar,- árshluta- og ársuppgjöri.

Reynsla í bókhaldi er nauðsynleg og þekking á Microsoft Dynamics AX er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Um Annata

**Annata er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki** með höfuðstöðvar á Íslandi. **Fyrirtækið var stofnað árið 2001** og hefur frá stofnun lagt áherslu á þróun, ráðgjöf og þjónustu á lausnum byggðum á **Microsoft Dynamics AX** og **Microsoft Dynamics CRM** viðskiptalausnum sem í dag ganga undir heitinu **Microsoft Dynamics 365**.
Hjá Annata starfa yfir 170 manns á yfir 15 stöðum í heiminum, þar af um 70 starfsmenn á Íslandi. Við bjóðum uppá alþjóðlegt og spennandi starfsumhverfi þar sem starfsmenn hafa mikil tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Við bjóðum uppá frábæra starfsaðstöðu í nýju húsnæði í Norðurturninum við Smáralind.

**Umsóknarfrestur er til 31. ágúst n.k.**

Frekari upplýsingar veitir **Tinna Björk Hjartardóttir (tbh@annata.is),** rekstrarstjóri Annata.
Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Annata.

www.annata.is/is/um-annata/storf-i-bodi

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2017

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

ANNATA 365 FOR DYNAMICS

annata

# *SKAPALÓN vefstofa Premis

## Við leitum að Viðskiptastjóra // Verkefnastjóra

Við þurfum að bæta við okkur hæfileikaríkum og metnaðarfullum viðskiptastjóra og leitum því að aðila með áhuga og ástríðu fyrir vefþróun og samskiptum.

### Ábyrgðarsvið:
» Umsjón og skipulagning verkefna fyrir viðskiptavini
» Náið samstarf við forritara, hönnuði og aðra sem að verkefnum koma innan fyrirtækisins
» Bera ábyrgð á þróun viðskiptasambanda og öflun nýrra verkefna
» Sýna frumkvæði í samstarfi við viðskiptavini
» Uppgjör verkefna til bókhalds

### Hæfniskröfur:
» Framúrskarandi hæfileikar í samskiptum
» Geta leitt teymisvinnu
» Vera hugmyndagóður, skapandi og skemmtilegur
» Góð skipulagshæfni
» Reynsla af samstarfi við hugbúnaðarfólk er æskileg
» Góð enskukunnátta

### Við bjóðum:
Gott starfsumhverfi með hæfileikaríku starfsfólki, fjölbreytt og krefjandi verkefni með mörgum af fremstu fyrirtækjum landsins og tækifæri til að skara fram úr.

Ef þú hefur einhverjar spurningar sendu þá línu á Díönu Dögg Víglundsdóttir, diana@premis.is deildarstjóra vef- og hugbúnaðardeildar Premis og þér verður svarað um hæl.

Umsókn með ferilskrá sendist á job@premis.is. Umsóknarfrestur er til og með 3. sept. 2017.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.

PREMIS

---

BB RAFVERKTAKAR

## Rafvirkjar Rafvirkjar!

**Er ekki kominn tími á að breyta til?**

Vantar rafvirkja eða nema í skemmtilega og hreinlega innivinnu.

Unnið er við ljósleiðara,tölvulagnir,myndlyka,tölvur og ýmsan annan smáspennubúnað.

Ýmis hlunnindi fylgja starfinu og samkeppnishæf laun.

Starf með skóla kæmi einnig til greina.

**Upplýsingar í síma 6604090 einnig má senda póst á netfangið Birgir@bbrafverktakar.is**

---

fagtækni

## Rafvirkjar/Tæknimenn/Verkstjóri

Fagtækni hf leitar eftir rafvirkjum/tæknimönnum til starfa sem og verkstjóra til að stýra 3-5 manna hópum rafvirkja. Góð verkefnastaða og mikil vinna framundan. Framtíðarstörf í boði fyrir rétt fólk. Laun samkvæmt samkomulagi. Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið fagtaekni@fagtaekni.is eða hafið samband í síma 6606904 (Eiríkur)

Fagtækni hf er framsækið fyrirtæki sem sinnir þjónustu við fyrirtæki og stofnanir á breiðu sviði rafkerfa. Einnig sækir Fagtækni hf mikið á útboðsmarkað samhliða sterkum aðalverktökum sem ávallt hefur verið gott samstarf við. Starfsemi Fagtækni hf spannar allt frá flóknum tölvu-, smáspennu- og stýrikerfum yfir í lausnir fyrir stóriðju- og skiparafkerfi svo störfin eru fjölbreytt. Fagtækni hf leitast ávallt við að vera í fremstu röð þegar kemur að tækninýjungum sem koma starfsmönnum jafnt sem viðskiptavinum til góða.

---



# Þetta er ekki atriði úr nýjustu Stjörnustríðsmyndinni

Þetta er bara eitt af verkefnunum okkar.

Við leitum að nokkrum verk- og tæknifræðingum frá plánetunni Jörð til að vinna með okkur að fjölbreyttum og spennandi verkefnum.

kynntu þér málið nánar á www.vso.is

### Verkefnastjórnun og framkvæmdaeftirlit
Framkvæmdaráðgjöf, áætlanagerð, verkefnisstjórnun, hönnunarstjórn og eftirlit með framkvæmdum.

### Byggðatækni
Hönnun vega, gatna, stíga og veitukerfa, áætlanagerð og framkvæmdaeftirlit.

### Jarðtækni
Hönnun, eftirlit og almenn ráðgjöf við jarðtækni, grundun mannvirkja, bergtækni og jarðfræði.

### Rafkerfahönnun
Hönnun rafkerfa og lýsingar ásamt þátttöku í framkvæmdaeftirliti.

VSÓ RÁÐGJÖF
VERKFRÆÐISTOFA



Kynntu þér störfin og hæfniskröfur

**bluelagoon.is/atvinna**

og sæktu um

# SPENNANDI STÖRF Á HEITASTA STAÐ LANDSINS

Bláa Lónið óskar eftir að ráða metnaðarfulla starfsmenn í fjölbreytt og spennandi störf. Við leggjum áherslu á góða samskipta- og samstarfshæfni og bjóðum upp á þægilegan vinnutíma og góðan aðbúnað. Um er að ræða framtíðarstörf í lifandi og skemmtilegu umhverfi þar sem mikið er lagt upp úr góðum starfsanda.

## Gestgjafar

**Við leitum að:**
Lífsglöðum og mentaðarfullum einstaklingum sem vilja taka þátt í að gera einstaka afþreyingu enn betri. Meginhlutverk gestgjafa er að hámarka upplifun gesta, veita upplýsingar, skemmta og fræða.

## Móttökustarfsmaður

**Við leitum að:**
Jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi með brennandi áhuga á mannlegum samskiptum til starfa í móttöku Bláa Lónsins.

## Þjónustu- og gæslumaður í kvennaklefa

**Við leitum að:**
Jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi til að veita gestum upplýsingar, gæta öryggis þeirra og halda klefum snyrtilegum og aðlaðandi.

## Gæslumaður á spa-svæði

**Við leitum að:**
Jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi, 20 ára eða eldri, til að gæta að öryggi gesta auk þess að sinna ýmsum öðrum verkefnum. Unnið er á 2-2-3 vaktakerfi.

Einstakt umhverfi | Góður starfsandi | Þjálfun og fræðsla | Góður matur fyrir alla | Akstur til og frá vinnu | 2-2-3 vaktir

BLUE LAGOON
ICELAND

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is, like the European Commission, independent of the States and safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels and currently employs 70 staff members of 16 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

## Internal Market Affairs Officer (Transport)

ESA is recruiting an Internal Market Affairs Officer, who will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law relating to transport (safety, security, freedom to provide services and establishment) in the participating EFTA States (Iceland, Liechtenstein, and Norway).

The successful candidate will join the Internal Market Affairs Directorate, which is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law. This position sits within the Transport Unit of the Directorate.

For this position, we are looking for an experienced transport lawyer with the ability to handle legal and other documentation in Icelandic and/or Norwegian. The successful candidate will primarily be responsible for the aviation portfolio. Depending on their experience, as well as workload and other developments within the Unit, other responsibilities within the transport field may be allocated.

Tasks will include examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports, and may include participation in aviation and maritime security inspections. Depending on the overall needs of the Authority, the responsibilities may be changed to cover other general or specific issues relating to EEA law.

JOB REFERENCE 08/2017

**Deadline for applications:**
27 August 2017

**Start date:**
1 January 2018 or earlier

For full details, including eligibility and selection criteria, an overview of our favourable conditions and how to apply please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

# Tæknideild Smith & Norland

## Smith & Norland vill ráða starfsmann í tæknideild fyrirtækisins.




Aðalverksvið þessa starfsmanns verður umsjón með vörum frá hinu kunna þýska fyrirtæki **Rittal**. Rittal er í fremstu röð í framleiðslu rafbúnaðarskápa og fylgibúnaðar. Rittal-vörurnar eru í miklum metum hjá íslenskum rafiðnaðarmönnum og hönnuðum, þekktar fyrir mikil gæði og framúrskarandi hönnun.

Auk þessa mun viðkomandi starfa með fleiri erlendum birgjum.

Starfið felur í sér umsjón með innkaupum, erlend samskipti, kynningarstarf, tæknilega aðstoð og þjónustu við viðskiptavini, tilboðagerð, áætlanagerð o.fl.

Góð færni í íslensku og ensku er nauðsynleg, jafnt talaðri sem ritaðri.

Við leitum að **rafvirkjameistara** eða **rafiðnfræðingi** með góða starfsreynslu og þekkingu á margvíslegum rafbúnaði. Áhugi á nýjungum, sölustörfum og mannlegum samskiptum er algjört skilyrði.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til okkar fyrir **þriðjudaginn 29. ágúst**. Umsóknarform má nálgast á **www.sminor.is** (undir flipanum UM OKKUR).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

UMHVERFIS STOFNUN



# Svið náttúru – tvö störf

Hjá Umhverfisstofnun eru tvö störf á sviði náttúru laus til umsóknar.

**LÖGFRÆÐINGUR – LOFTSLAGSMÁL OG MÁLEFNI HAFS OG VATNS**

Helstu verkefni lögfræðingsins verða undirbúningur ákvarðana, leiðbeiningar og önnur stjórnsýsluverkefni á sviði loftslagsmála og haf- og vatnsmála, greining á löggjöf Evrópusambandsins og gerð tillagna að reglugerðum. Einnig er gert ráð fyrir almennum lögfræði- og stjórnsýsluverkefnum sem og umsögnum um þingmál. Gert er ráð fyrir þátttöku í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi.

**SÉRFRÆÐINGUR – FRIÐLANDIÐ HORNSTRÖNDUM**

Helstu verkefni sérfræðingsins verða eftirlit og umsjón með friðlandinu, gerð starfsáætlana og undirbúningur fyrir verndarráðstafanir, umsjón með landvörðum og sjálfboðaliðum innan friðlandsins, gerð verndaráætlana, skipulag og umsjón landvörslu, afgreiðsla stjórnsýsluerinda, seta í Hornstrandarnefnd, náttúruverndarverkefni á landsvísu, vöktun náttúru- og menningarminja og ferðamanna

**ÍTARLEGRI UPPLÝSINGAR**

Ítarlegri upplýsingar um störfin, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfanna er að finna á starfatorg.is og www.umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi

Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst 2017. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, á netfangið ust@ust.is

FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING

**365 miðlar leita að**

# TEXTASMIÐUM Á SÖLU- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ

STARFIÐ FELST Í SKRIFUM Í KYNNINGARSÉRBLÖÐ SEM FYLGJA FRÉTTABLAÐINU

**Helstu verkefni:**

- Viðtöl og samskipti við viðskiptavini
- Hugmyndavinna er viðkemur ritstjórnarefni
- Textaskrif

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af textaskrifum og góð ritfærni
- nauðsynleg
- Reynsla af blaðamennsku æskileg
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Gott vald á þriðja tungumáli æskilegt
- Hugmyndauðgi
- Góð samskiptahæfni

**Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum vef 365 miðla, www.365midlar.is - Umsóknarfrestur er til 21. ágúst.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 400 manns.

365

Sjóvá | 440 2000 | sjova.is

# Sérfræðingur í vöruhúsi gagna

Við leitum að metnaðarfullum aðila til að **leiða þróun og rekstur á vöruhúsi gagna** og starfa við fjölbreytt verkefni í líflegu starfsumhverfi. Í boði er spennandi starf í öflugu teymi hagdeildar sem sérhæfir sig í hagnýtingu gagna og vinnur þvert á fyrirtækið.

### Starfið felur í sér

› yfirumsjón með daglegum rekstri og þróun á vöruhúsi gagna.
› stýringu og þarfagreiningu verkefna sem snúa að hagnýtingu gagna.
› skýrslugerð, greiningu og túlkun á upplýsingum í samstarfi við aðrar deildir.
› þátttöku í gerð rekstraráætlana.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

› háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. verkfræði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði.
› reynsla af rekstri gagnavöruhúsa er nauðsynleg.
› þekking og reynsla af SSAS, SSIS, SSRS og T-SQL er nauðsynleg.
› þekking á Power BI og ValuePlan er kostur.
› sjálfstæð vinnubrögð og leiðtogahæfni.
› rík samskiptahæfni og lausnamiðuð hugsun.

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur fólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðaþjónustu. Nýleg könnun leiðir í ljós að starfsánægja hjá Sjóvá er með því mesta sem gerist hérlendis.

Umsóknarfrestur er til og með **28. ágúst nk.** Sótt er um á **www.sjova.is/starfsumsoknir.**

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir, forstöðumaður hagdeildar, **sigridur.vala.halldorsdottir@sjova.is.**

SJÓVÁ



# Þjónustustjóri innkaupa- og rekstrarþjónustu

## Finnst þér gaman að leysa krefjandi verkefni?

Við leitum að jákvæðum og skipulögðum einstaklingi í teymi sérfræðinga á Fjármálasviði.

Helstu verkefni eru greining á rekstri og tækifærum til umbóta ásamt miðlun upplýsinga til stjórnenda. Önnur verkefni eru stýring á lausafjármunum, s.s. bifreiðum og búnaði.

Þú þarft að hafa menntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði viðskipta-, verk- eða tæknifræði, og haldbæra reynslu af rekstrargreiningu. Reynsla af umsýslu bifreiða og þekking á verkefnastjórnun er kostur.

Hafir þú ríka þjónustulund, mikinn drifkraft, góða samskiptahæfni og kannt að miðla upplýsingum ættir þú að sækja um.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2017.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017 | JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

OR Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími · Tel. +354 516 6100 · www.or.is

# Rafvirki-tæknimaður

## Smith & Norland vill ráða tæknimann til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum og öðrum rafbúnaði, afgreiðslu varahluta, símsvörun og ýmis önnur störf á þjónustuverkstæði okkar.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum einstaklingi, rafvirkja eða aðila með **sambærilega menntun**, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf **fyrir 29. ágúst**.

**Umsóknareyðublöð** má nálgast á heimasíðu okkar, **sminor.is**, (undir flipanum UM OKKUR).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.




Framúrskarandi fyrirtæki 2016

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

## Starfsmaður óskast á Bílaleigu

Óskum eftir bifvélavirkja eða handlögnum starfmanni í léttar viðgerðir. Eldra fólk sérstaklega velkomið.

Einnig vantar okkur starsfólk í hlutastörf við þrif og afhendingar bílaleigubíla. Hentar vel fyrir skólafólk.

Bílpróf og góð enskukunnátta skilyrði.

**Umsóknir sendist á hjolli@icerental4x4.is**

ICERENTAL 4X4

## Bókari óskast

Kælitækni óskar eftir að ráða bókara

Kælitækni

**Starfið felur í sér:**
• Umsjón með daglegu bókhaldi, en fjárhagsbókhald er fært til endurskoðanda
• Færslur banka færðar í fjárhag í bókhaldskerfi
• Launavinnslu, útreikninga og skil á skilagreinum því tengdu
•Gerð sölureikninga og birgðaskráningu
•Önnur skrifstofustörf

**Hæfniskröfur:**
Góð almenn tölvufærni, þekking á DK, Stólpi og Excel.
Frumkvæði, nákvæmni, stundvísi, metnað í vinnubrögðum og rík hæfni í mannlegum samskiptum.



Upplýsingar gefur Vilhjálmur í s. 777-1901.
Skriflegar umsóknir óskast sendar á cooltech@cooltech.is fyrir 25. ágúst.

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is





# BÓKARI

## RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Laust er til umsóknar fullt starf bókara. **Bókarinn verður hluti af fjármálahópi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, Háskóla Íslands.** Fjármálahópur starfar á skrifstofu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og hefur umsjón með fjármálum sviðs og stofnana þess. Meginverkefni bókara verður færsla fjárhags-, viðskipta- og lánardrottnabókhalds og uppgjör ferðaheimilda. Starfið felst í samskiptum og aðstoð við starfsmenn sviðs og stofnunar. Starfið er nýtt og spennandi, það krefst skipulagshæfni og leikni í mannlegum samskiptum.

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða viðurkenndur bókari.
- Góð þekking og reynsla af bókhaldi.
- Góð almenn tölvukunnátta og kunnátta í excel.
- Gott vald á ensku í ræðu og riti.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, nákvæmni, útsjónarsemi og jákvæðni.
- Sjálfstæð, skipulögð og lausnamiðuð vinnubrögð.

### STARFSSVIÐ

- Færsla fjárhags-, viðskipta- og lánardrottnabókhalds.
- Ferðauppgjör rannsakenda og eftirfylgni.
- Samskipti við rannsakendur og starfsmenn stofnunar og sviðs.
- Önnur tilfallandi verkefni í fjármálahópi.

Sótt er um starfið rafrænt: www.hi.is/laus_storf
Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. september 2017.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir:
**Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar, sgudna@hi.is eða 525-4810.**

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði starfa 360 manns við rannsóknir og kennslu á sviði verkfræði og náttúruvísinda. Starfsumhverfið er alþjóðlegt enda eykst sífellt hlutfall erlendra starfsmanna og nemenda við sviðið, en fjórðungur bæði starfsmanna og framhaldsnema eru erlendir.

Raunvísindastofnun Háskólans er vettvangur grunnrannsókna á fræðasviðum sínum og starfar í alþjóðlegu vísindaumhverfi. Undir Raunvísindastofnun heyra Eðlisvísindastofnun og Jarðvísindastofnun.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

## Vélvirki, vélstjóri vélfræðingur rafvirki

Kælitækni

Kælitækni óskar eftir að ráða vélvirkja, vélfræðing, vélstjóra, rafvirkja eða mann með reynslu í faginu.

**Starfið felur í sér:**
Viðhald og uppsetningu véla og tækja tengd kæli- og frystibúnaði, auk annarra tilfallandi verkefna.

Kælitækni leitar eftir laghentum og sveigjanlegum starfsmanni, með góða færni í mannlegum samskiptum.



Upplýsingar gefur Vilhjálmur í s. 777-1901.
Skriflegar umsóknir óskast sendar á cooltech@cooltech.is fyrir 25. ágúst.
Fyllsta trúnaðar heitið.

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is



# NetApp Iceland is hiring!

Contact careers@qstack.com



NetApp
Data Driven

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - **Sími: 552-1600**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

---

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

## Starf við launavinnslu í Kjaradeild

Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar og þróun þess. Hjá Kjaradeild starfa 25 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við launavinnslu. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er með mannauðs- og launakerfi SAP og krefst vinnan skipulagshæfni og nákvæmni.

**Helstu verkefni:**
- Skráning og yfirferð ráðningar- og launagagna
- Eftirlit með rafrænni skráningu
- Eftirlit með réttri framkvæmd kjarasamninga
- Samskipti og leiðbeiningar til stjórnenda vegna launa- og viðverkerfa

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu og þekking á kjarasamningum
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Umsóknarfrestur er til og með 2. september 2017.**

Nánari upplýsingar veita Atli Atlason, deildarstjóri Kjaradeildar í netfangi atli.atlason@reykjavik.is og Þorbjörg Atladóttir í Kjaradeild í netfangi thorbjorg.atladottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

## Seltjarnarnesbær
## Laus störf

### Leikskóli Seltjarnarness
- **Leikskólakennari,** fullt starf.

### Grunnskóli Seltjarnarness
- **Stuðningsfulltrúar,** fullt starf og hlutastörf.

### Frístundamiðstöð Seltjarnarness
- **Frístundaleiðbeinendur og stuðningsfulltrúa vantar í Skólaskjól / Frístund.**

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 31. ágúst næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

---

## HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STARFA HJÁ FRAMSÆKNU OG SKEMMTILEGU FYRIRTÆKI?

A4

# A4 ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA VEFSTJÓRA

### HLUTVERK OG HELSTU VERKEFNI:
- Rekstur á vefsölu til viðskiptavina á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði ásamt samskiptum við samstarfsaðila og viðskiptavini
- Ábyrgð á miðlun efnis til viðskiptavina og gerð rafrænna fréttabréfa
- Dagleg umsjón, efnisinnsetning og almennar uppfærslur
- Framsetning á vörum í samstarfi við markaðsdeild
- Aðlögun og vinnsla myndefnis fyrir vef
- Ábyrgð og framsetning markaðsefnis í samfélagsmiðlum, ásamt vefmælingum
- Áframhaldandi þróun vefsvæða fyrirtækisins

### HÆFNISKRÖFUR OG PERSÓNULEGIR EIGINLEIKAR
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af vefstjórnun
- Reynsla og hæfni í textagerð ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu
- Haldbær reynsla af notkun og innleiðingu vefumsjónarkerfa
- Brennandi áhugi á vefmálum
- Frumkvæði í starfi og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Færni í framsetningu efnis fyrir vefi, notkun vefmælinga og leitarvélabestun
- Færni og skilningur á notkun samfélagsmiðla og markaðssetningar á netinu
- Reynsla af myndvinnslu, photoshop og þekking á HTML

Umsóknarfrestur er til og með **30. ágúst 2017**. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á **umsokn@a4.is** merkt „**vefstjóri**". Nánari upplýsingar um starfið veitir Alfa Lára Guðmundsdóttir í síma 580-0000 eða í alfa@a4.is. Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, skemmtilegan starfsanda og samkeppnishæf laun. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

A4 er framsækið fyrirtæki og leggur metnað sinn í að vera í fararbroddi á sviði skrifstofu-, skóla-, föndur- og hannyrðavara og leggur áherslu á góða og trausta þjónustu við viðskiptavini. Við erum stolt af því að geta boðið upp á heimsþekkt vörumerki sem eiga það öll sameiginlegt að vera í háum gæðaflokki. Hjá fyrirtækinu starfa um 100 starfsmenn.

## Tannlæknastofa í Borgartúni óskar eftir tanntækni eða vönum aðstoðarmanni

Æskilegt er að umsækjandi hafi frumkvæði, tölvukunnáttu og geti starfað sjálfstætt. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Um er að ræða fullt starf.

Umsóknir sendist á **osktannl@simnet.is** eigi síðar en 24. ágúst.

---

Olíudreifing

## Laust starf hjá Olíudreifingu ehf.

### Verkfræðingur / tæknifræðingur / iðnfræðingur

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða rafmagnsverkfræðing, tæknifræðing eða iðnfræðing í tæknideild félagsins í Reykjavík.

Starfið felst í hönnun lagna, búnaðar og stýringa, gerð verklýsinga og kostnaðaráætlana, ásamt umsjón og eftirliti með verkum. Einnig tæknileg aðstoð við starfsmenn þjónustudeildar varðandi uppsetningar og viðhald búnaðar.

Leitað er að þjónustu-og samstarfsliprum einstaklingi með reynslu á ofangreindu sviði og getur starfað sjálfstætt. Um er að ræða framtíðarstarf sem stendur báðum kynjum jafnt til boða.

**Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður.**
**Árni Ingimundarson s.5509940 / 8923529**

**Umsóknir berist í tölvupósti til arni@odr.is**
**eða á skrifstofu að Hólmaslóð 8 -10 101 Reykjavík**

**Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is**

---

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið



## Heilbrigðisfulltrúi – Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Starf heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er laust til umsóknar. Um er að ræða tímabundið starf í eitt ár.

Leiðarljós Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að tryggja borgarbúum heilbrigð lífsskilyrði, vernda heilnæmt og ómengað umhverfi og tryggja sem kostur er að neysluvatn og matvæli borgarbúa séu örugg og heilnæm.
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skiptist í tvær deildir: Umhverfiseftirlit og Matvælaeftirlit auk eininga vöktunar umhverfis og hundaeftirlits.
Starfið er hjá Umhverfiseftirliti. Deildarstjóri er næsti yfirmaður.

**Í starfinu felst m.a. :**

- Að hafa reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um matvæli nr. 93/1995 og reglugerðir skv. þeim.
- Að sinna skráningum, skýrslugerð og bréfaskriftum, sinna kvörtunum og annast fræðslu.
- Að beita þvingunarúrræðum í samráði við deildarstjóra.
- Að undirbúa útgáfu starfsleyfa og vinna starfsleyfisskilyrði og umsagnir.
- Að sinna öðrum verkefnum samkvæmt fyrirmælum deildarstjóra.
- Að vinna með hópi sérfræðinga Heilbrigðiseftirlitsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði raunvísinda s.s. líffræði, umhverfisfræða, matvælafræði, heilbrigðisvísinda, verkfræði eða sambærileg menntun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleiki og samstarfshæfni.
- Geta unnið vel undir álagi.
- Jákvæðni, samviskusemi og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Færni til að setja fram ritað mál á greinargóðri íslensku.
- Reynsla af eftirlitsstörfum og réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi er kostur.
- Ökuréttindi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga og Reykjavíkurborgar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Rósa Magnúsdóttir deildarstjóri Umhverfiseftirlits Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, frá kl. 9-16 í síma 411 1111 og með tölvupósti til ***rosa.magnusdottir@reykjavik.is***

Sótt er um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir flipanum **Störf í boði**.

Umsóknarfrestur er til og með **3. sepember 2017**.

Nánari upplýsingar um Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er að finna á vefslóðinni: ***http://reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur***

Vakin er athygli á því markmiði mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreina og eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

---

## VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

Leitað er að stafsmönnum sem hafa lipra og þægilega framkomu, eiga auðvelt með að vinna undir álagi, sýna af sér frumkvæði í starfi, eru skipulagðir í verkum sínum og áhugasamir.

### VAKTSTJÓRI FARÞEGAÞJÓNUSTU
Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Helstu verkefni eru stýring raðakerfa í flugstöðinni, upplýsingagjöf og aðstoð við farþega og utanumhald hóps starfsmanna sem veita farþegum bestu mögulegu þjónustu. Vaktstjóri er ábyrgur fyrir því að öllum verkefnum farþegaþjónustu sé sinnt.
Um vaktavinnu er að ræða.

**Hæfniskröfur**

- Góðir stjórnunarhæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Menntun/starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Yfirburða þjónustulund og jákvæðni
- Líkamleg hreysti fyrir göngur og stöður
- Góð samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þriðja tungumál er kostur

### KERFISSTJÓRI
Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

Við leitum að kerfisstjóra við tölvukerfi Isavia á Reykjavíkurflugvelli með áherslu á rekstur miðlægra kerfa. Helstu verkefni tengjast uppsetningu á tölvu- og tækjabúnaði, bilanagreiningum, notendaþjónustu og öðrum tilfallandi verkefnum.

**Hæfniskröfur**

- Kostur er að hafa lokið Microsoft prófgráðu eins og MCSA eða MCITP
- Kostur er að hafa lokið kerfisþjónustu eða kerfisstjóranámi
- Skilningur og þekking á Microsoft Windows
- Reynsla af notendaþjónustu er kostur

Nánari upplýsingar veitir Axel Einarsson, deildarstjóri Kerfisþjónustu, í síma 424 4531 eða í tölvupósti á **axel.einarsson@isavia.is**.

Umsækjendur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.



**Maren** hefur starfað við uppbyggingu á Keflavíkur-flugvelli í tvö ár. Hún er hluti af góðu ferðalagi.

UMSÓKNARFRESTUR:
**3. SEPTEMBER 2017**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

ÖRYGGI - SAMVINNA - FRAMSÆKNI

# Sjúkrahúsið á Akureyri

~ fyrir samfélagið ~



## Forstöðumaður tækni- og innkaupadeildar

Við leitum að áhugasömum, jákvæðum og metnaðarfullum starfsmanni í 100% stöðu forstöðumanns tækni- og innkaupadeildar. Hlutverk deildarinnar er að tryggja SAk rekstrarumhverfi með þjónustu á sviði fasteigna, vörustjórnunar og tækniþjónustu.
Forstöðumaður er ábyrgur fyrir rekstri tækni- og innkaupadeildar og að uppfylltar séu kröfur sem settar eru með lögum og reglugerðum og varða starfsemina, m.a. hvað varðar innra eftirlit með tækjum og búnaði, skipulagningu og samhæfingu starfsemi vegna viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og tækjabúnaðar.

Háskólapróf á sviði tæknifræði, verkfræði eða sambærilegs náms er skilyrði. Framhaldsnám eða meistaranám sem nýtist í starfi er æskilegt. Stjórnunarreynsla er skilyrði.

UMSÓKNARFRESTUR:
4. SEPTEMBER 2017

UMSÓKNIR:
SAK.IS/ATVINNA

Nánari upplýsingar um starfið og hæfnikröfur eru á sak.is/atvinna og starfatorg.is.
Staðan veitist frá 1. desember eða eftir nánara samkomulagi og er veitt til 5 ára.
Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Auður Elva Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, í síma 463 0100 eða netfang audur@sak.is.

*Sjúkrahúsið hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni.*

*Toys "R" Us í Norðurlöndunum er vinsæl leikfangakeðja sem selur hágæða leikföng. Við erum þekkt fyrir okkar fjölbreytta úrval af leikföngum, samkeppnisverð og frábæra þjónustulund. Við höfum yfir 50 búðir í 5 mismunandi löndum. Toys "R" Us er partur af TOP-TOY A/S Group. Þú getur lesið meira um okkur á www.toysrus.is*

Í september verður opnuð ný verslun í Reykjavík og við erum að auglýsa eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf

**Við leitum eftir deildarstjórum í fullt starf sem geta hjálpað við að undirbúa búðina fyrir opnun og koma henni í frábært ástand. Sem deildarstjóri muntu sjá um eftirfarandi atriði:**

- Þjónusta viðskiptavini við kassa og inn í búð
- Taka þátt í sölu, þjónustu, lagervinnu og viðhaldi á búðinni
- Sjá til þess að búðin er ávallt í frábæru ástandi og hillur séu fullar af viðeigandi vörum, sem fer eftir árstíðum
- Búa til eftirminnilega upplifun fyrir viðskiptavini
- Skjót viðbrögð við vandamálum viðskiptavina og útvega lausn á fagmannlegan hátt
- Vinna í mismunandi deildum til að hjálpa viðskiptavinum og samstarfsfélugum að ná sem mestum árangri á hverjum degi

Deildarstjórar taka öllum verkefnum með miklum áhuga og vanir líkamlegri vinnu. Þú hefur viljann og orkuna til að þróast innan sífellt stækkandi fyrirtækis sem býður upp á frábæra atvinnumöguleika.

Þú ert manneskjan sem við leitumst eftir, ef þú:

- Hefur reynslu af verlsunarstarfi
- Býður uppá góða þjónustu til viðskiptavina
- Hefur hæfileikann til að sinna mörgum verkefnum í einu og forgangsraða
- Ert jákvæður, öruggur og orkumikill einstaklingur
- Getur átt samskipti við fólk á íslensku og ensku




Við munum ráða inn bæði í fullt starf og hlutastarf og þarf starfsmaður að geta hafið störf í byrjun September.

Fyrir frekari upplýsingar um starfið hafið samband við verslunarstjóra Smáratorgs, Sigurður Þorgeir Jónasson í síma 550-0800.

Ef þú hefur áhuga á að vinna í Toys "R" Us í nýju og spennandi umhverfi, sendið umsókn sem fyrst á:
sijon@toysrus.is

# Ertu söngfugl?

Nýstofnaður kvennakór auglýsir eftir áhugasömum kórkonum. Fyrsta verkefni kórsins er þátttaka í árlegum jólatónleikum, til styrktar Landspítala Háskólasjúkrahúsi, sem fyrihugaðir eru í byrjun desember. Tónleikarnir fara fram í Fríkirkjunni í Reykjavík, þar sem kórinn kemur fram ásamt einvala liði einsöngvara og hljómsveit.

Til að byrja með er um tímabundið verkefni að ræða en með möguleika á áframhaldandi starfi.

Æfingar verða í Mosfellsbæ á miðvikudagskvöldum undir stjórn Lilju Eggertsdóttur og gert er ráð fyrir að æfingar taki u.þ.b. eina og hálfa klukkustund.

Raddprufur verða miðvikudaginn 30. ágúst.
Áhugasamar hafi samband í gegnum netfangið: korconcordia@gmail.com

korconcordia

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Lausar stöður réttindagæslumanna fatlaðs fólks

**Reykjavík og Seltjarnes, Hafnarfjörður og Suðurnes, Austurland.**
Velferðarráðuneytið auglýsir lausar til umsóknar þrjár stöður réttindagæslumanna fatlaðs fólks skv. 4. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, og reglugerð nr. 973/2012. Búseta í viðkomandi landshluta er æskileg.
**Reykjavík** – fullt starf frá og með 1. janúar 2018.
**Hafnarfjörður og Suðurnes** – fullt starf frá og með 1. janúar 2018.
**Austurland** – 75% starf frá og með 1. janúar 2018.

Helsta verkefni réttindagæslumanna er að fylgjast með högum fatlaðs fólks, veita því nauðsynlegan stuðning við að leita réttar síns og koma með ábendingar til þjónustuaðila.
Nánari upplýsingar um réttindagæsluna er að finna á www.vel.is/rettindagaesla.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og áhugi á réttindum fatlaðs fólks.
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki.
- Þekking á mismunandi tjáskiptaleiðum fatlaðs fólks.
- Færni í að vinna sjálfstætt og skipulega.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf um næstu áramót. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir;
Halldór Gunnarsson, halldor.gunnarsson@vel.is.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en **5. september nk.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

*Velferðarráðuneytinu, 19. ágúst 2017*




# Við leitum að sex snillingum

### Bifvélavirki

Sækjumst eftir lærðum bifvélavirkjum sem passa vel inn í frábæra liðsheild á einu stærsta bifreiðaverkstæði landsins.

Við bjóðum uppá fullkomna starfsaðstöðu og möguleika á að eflast og þróast í starfi.

### Bílamálari

Þurfum menntaðan bílamálara sem er vandvirkur og mjög fær í sínu fagi.

Við bjóðum uppá fullkomna starfsaðstöðu með nýjustu tækni og þjálfun í starfi.

### Starfsmaður á Verkstæði

Við leitum að mikilvægum hlekk á verkstæðið okkar sem sinnir smurþjónustu og smærri viðgerðum.

Viðkomandi þarf ekki að vera lærður bifvélavirki en hefur möguleika á að mennta sig með starfi.

### Þjónustuver

Starfið snýst um upplýsingagjöf til viðskiptavina fyrir allar deildir.

Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður og hafa gaman af að eiga samskipti við fólk. Góð þekking á bílum og viðgerðum er kostur.

### Auka- og varahlutaverslun

Hér vantar okkur vandvirkan og skipulagðan einstakling sem er sölumaður af líf og sál.

Það er mikið um að vera í þessari deild og því væri ekki verra að fá hressan og lipran einstakling.

### Lagerstarfsmaður

Það er mikið að gera á lagernum hjá okkur og því vantar harðduglegan starfsmann í hópinn.

Hann þarf að vera vandvirkur og fljótur að tileinka sér þau vinnubrögð sem eru viðhöfð, reynsla af lagerstörfum er kostur.

**Sækið um á vef félagsins www.toyota.is/storf þar má finna allar upplýsingar um störfin**
**Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir fanny@toyota.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst 2017**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

www.toyotakauptuni.is info@toyota.is

bsi. ISO 14001 Environmental Management



# Gott mál!

Við auglýsum eftir þýðanda í afleysingar í eitt ár. Þýtt er úr ensku. Staða þýðanda er fullt starf innan markaðsdeildar fyrirtækisins. Viðkomandi sinnir fjölbreyttum þýðingum, t.d. á efni fyrir verslun, vöruupplýsingum, efni fyrir starfsfólk, prófarkalestri bæklinga o.fl. Vinnutími er að jafnaði 8-16 virka daga á skrifstofu IKEA.

**Hæfniskröfur:**
- Mjög góð íslenskukunnátta
- Mjög góð enskukunnátta
- Skipulagshæfni
- Vandvirkni
- Frumkvæði
- Nákvæmni
- Góð almenn tölvukunnátta
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi

Áhugasamir eru beðnir að fylla út umsókn á umsokn.IKEA.is fyrir 3. september. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Lind Steingrímsdóttir, markaðsstjóri, kristin.steingrimsdottir@IKEA.is

Í dag starfa um 350 manns hjá IKEA á Íslandi, í lifandi alþjóðlegu umhverfi. Þessi stóri samheldni hópur vinnur daglega að framgangi hugmyndafræði IKEA: „Að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta". Starfsemi fyrirtækisins býður upp á skapandi og skemmtileg störf og mikla möguleika á að þróast og vaxa í starfi – með jákvæðni að leiðarljósi.

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2017

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**



# Verkstjóri rafdreifikerfis

## Það er mikið um að vera hjá Veitum og því viljum við bæta í hópinn

**Hjá okkur er frábær starfsandi, mikil ánægja með stjórnendur og allur aðbúnaður fyrsta flokks. Við leggjum mikla áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi.**

Úrræðagóðir stjórnendur gegna lykilhlutverki við að halda viðskiptavinum okkar í sambandi – alla daga. Við leggjum áherslu á að stjórnendur okkar gegni forystuhlutverki í öryggismálum, efli og styðji starfsfólk til góðra verka, sýni virðingu og ábyrgð í samskiptum og heiðarleika í upplýsingagjöf.

Verkstjóri rafdreifikerfis leiðir hóp rafiðnaðarmanna sem sinnir viðhaldi og bregst við bilunum auk þess að taka þátt í nýframkvæmdum við rafdreifikerfi höfuðborgarsvæðisins.

Til að sækja um þarftu að vera með **meistararéttindi í rafiðn eða hafa lokið iðnfræði og hafa reynslu af verkstjórn**. Þekking á rafdreifikerfum og háspennutengingum er æskileg.

**Við tökum á móti umsóknum á www.veitur.is** þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Frekari aðstoð veitir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@veitur.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst.**

Veitur eru stærsta veitufyrirtæki landsins sem rekur vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu þar sem hver einasti starfsmaður er mikilvægur hlekkur í að veita viðskiptavinum okkar áreiðanlega þjónustu. Við tökum jafnréttið alvarlega og viljum hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna. Því hvetjum við jafnt konur sem karla til að sækja um.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

JAFNRÉTTISRÁÐ

**Kynntu þér vinnustaðinn Veitur á veitur.is og á Facebook**

VEITUR

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Flataskóli**
- Leikskólakennari
- Matráður í mötuneyti kennara
- Þroskaþjálfi

**Garðaskóli**
- Íþróttakennari

**Sjálandsskóli**
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi

**Bæjarból**
- Deildarstjóri

**Holtakot**
- Leikskólakennari

**Krakkakot**
- Starfsmaður í eldhúsi – 50% staða

**Sigurhæð – heimili fyrir fatlaða**
- Þroskaþjálfi

**Ægisgrund – heimili fyrir fatlaða**
- Starfsmaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## ALMENN STÖRF Í VERSLUN OG LAGER

### HJÁ LEIÐANDI FYRIRTÆKI Í BÍLALAKKI, RÉTTINGUM OG BÍLAHREINSIEFNUM.

Málningarvörur leita að starfsmanni í lagerstörf og afgreiðslu en einnig við tilfallandi verkefni eins og t.d. útkeyrslu á vörum og heimsóknir til viðskiptavina. Verkefnin geta sem sagt verið margvísleg og undir duglegum starfsmanni komið, sem getur sýnt frumkvæði og vaxið í starfi til frekari ábyrgðar innan fyrirtækisins. Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja menntun eða reynslu í störfum tengdum réttinga- og sprautuverkstæðum, eða brennandi áhuga á bílum og bíltengdum störfum.

Við getum boðið nýjum starfsmanni upp á spennandi starf hjá markaðsleiðandi fyrirtæki.

Málningarvörur ehf er eitt öflugasta fyrirtæki landsins í þjónustu við réttinga- og sprautuverkstæði. Einnig er fyrirtækið leiðandi í bílahreinsivörum með heimsþekkt vörumerki, Meguiar's og Concept.

**Umsóknir sendist til:** Málningarvörur ehf, Lágmúla 9, 108 Reykjavík eða á karlj@malningarvorur.is.
Öllum umsóknum verður svarað og fyllsta trúnaði heitið.
Umsóknarfrestur rennur út 31. ágúst 2017

Málningarvörur ehf. Lágmúla 9, 108 Reykjavík • Sími 581 4200
malningarvorur@malningarvorur.is • www.malningarvorur.is

MÁLNINGARVÖRUR

## Lögfræðingur

**Helstu verkefni:**
- Réttaraðstoð við hælisleitendur á lægra og æðra stjórnsýslustigi
- Samskipti við samstarfsaðila innan lands og utan
- Þátttaka í málsvarastarfi í þágu hælisleitenda
- Þátttaka og stuðningur við annað starf Rauða krossins í málaflokknum

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Þekking og/eða reynsla af málefnum hælisleitenda
- Reynsla af starfi með Rauða krossinum er kostur
- Mjög góð rit- og talfærni á íslensku og ensku
- Önnur tungumál eru kostur
- Þekking og/eða reynsla af verkefna-stjórnun er kostur
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og menningarlæsi

› Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst n.k. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

› Nánari upplýsingar veitir Atli Viðar Thorstensen, **atli@redcross.is** og umsóknir óskast sendar á sama netfang.

RAUÐI KROSSINN ICELANDIC RED CROSS

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 16-1559

Coca-Cola EUROPEAN PARTNERS

## Framtíðarstörf í vöruhúsi CCEP á Íslandi

Reykjavík

Coca-Cola á Íslandi leitar að framtíðarstarfsmönnum í vöruhús okkar að Stuðlahálsi í Reykjavík. Um er að ræða fjölbreytt starf í umhverfi þar sem miklar kröfur eru gerðar til öryggis-, umhverfis- og gæðastjórnunar. Um fullt starf er að ræða. Á veturna er unnið frá kl. 8 til 16 virka daga, en á vöktum á sumrin. Störfin felast í tiltekt pantana, pökkun, talningu o.fl.

**Hæfniskröfur:**
- Lyftarapróf er æskilegt
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni og geta til að vinna undir álagi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, áreiðanleiki og heiðarleiki

Allir einstaklingar sem uppfylla hæfniskröfur auglýsta starfa eru hvattir til að sækja um störf, óháð kyni, trúarbrögðum, litarhætti, uppruna, kynhneigð, aldri eða fötlun.

Tekið er við umsóknum á vefsíðu okkar
**ccep.is/mannaudur/laus-storf**

Við bjóðum spennandi vinnustað í alþjóðlegu umhverfi þar sem við erum í sífelldum breytingum og umbótavinnu að mæta þörfum viðskiptavina. Viðskiptavinahópur okkar er fjölbreyttur og við viljum að starfsmenn okkar endurspegli þá fjölbreytni.

Coca-Cola á Íslandi starfar eftir virkri jafnréttisstefnu og stjórnendur gera sér grein fyrir því að aukinn fjölbreytileiki í hópi starfsmanna skilar sér í auknum árangri fyrirtækisins. Við trúum því með því að styrkja fjölbreytni og jafnrétti innan fyrirtækisins, búum við til góðan vinnustað sem laðar að sér gott starfsfólk.

Coca-Cola á Íslandi (áður Vífilfell) hefur djúpar rætur í íslensku samfélagi og hefur verið starfrækt síðan 1942.
Fyrirtækið hefur síðan 29. júlí 2016 verið hluti af af Coca Cola European Partners sem er stærsta átöppunarfyrirtæki Coca-Cola í heiminum. Coca-Cola European Partners starfar á 13 mörkuðum í Evrópu með 25.000 starfsmenn og býður neytendum og viðskiptavinum fjölbreytt úrval drykkja undir merkjum þekktustu vörumerkja í heimi.

Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk.
Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Sverrisson | olafur@ccep.is

Coca-Cola EUROPEAN PARTNERS

Coca-Cola European Partners Ísland ehf.
Stuðlaháls 1, 110 Reykjavík
525 2500, Info@ccep.is




## Geðgóður hjúkrunarfræðingur

Tækniskólinn leitar að geðhjúkrunarfræðingi

Menntunar- og hæfniskröfur eru hjúkrunarfræðimenntun og æskilegt að viðkomandi hafi sérmenntun á geðheilbrigðissviði.

Gerð er krafa um góða hæfni í mannlegum samskiptum. Sjálfstæði í starfi og áhugi á geðheilbrigði ungmenna og ungs fólks. Starfsreynsla við heilsugæslu og eða skólahjúkrun er kostur. Um er að ræða 50% starf.

Umsóknarfrestur er til og með 1. september. nk. en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá til aðstoðarskólameistara, Þórs Pálssonar thp@tskoli.is, sem einnig veitir nánari upplýsingar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

• www.tskoli.is

## Starfsmenn á lager

ÓJ&K/SD óskar eftir hraustum, drífandi og jákvæðum starfsmönnum á lager.

**Starfssvið og hæfniskröfur:**
- Móttaka og frágangur á vörum í vöruhúsi
- Tiltekt og afgreiðsla á pöntunum
- Almenn lagerstörf
- Þjónustulund og lipurð í almennum samskiptum

ÓJ&K Ó. Johnson & Kaaber ehf
SD Sælkeradreifing ehf.

Umsóknir sendist á:
kjartan@ojk.is
merkt **OJK/SD lager**
fyrir 28. ágúst. n.k.

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

## SÁLFRÆÐINGUR ÓSKAST

Reykjanesbær óskar eftir að ráða sálfræðing í fullt starf á fræðslusvið bæjarsins. Sálfræðingur starfar í þverfaglegu samstarfi við kennsluráðgjafa, talmeinafræðinga, starfsfólk skóla, velferðarþjónustu og aðra sérfræðinga. Faglegt starfsumhverfi, þar sem lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð, klínískar leiðbeiningar og að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi.

**Starfssvið sálfræðings:**
- Sálfræðilegar athuganir á börnum í leik- og grunnskólum.
- Fræðsla til barna og fjölskyldna þeirra.
- Ráðgjöf við starfsfólk í skólum.
- Vinnur í þverfaglegu teymi skólaþjónustu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur.
- Reynsla á sviði skólasálfræði og félagsþjónustu er æskileg.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst 2017.**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur, einar.t.einarsson@reykjanesbaer.is og Helgi Arnarson sviðsstjóri Fræðslusviðs, helgi.arnarson@reykjanesbaer.is. Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf.






## ÞAÐ GETUR BORGAÐ SIG AÐ SELJA STÓRSTJÖRNUR!

Það getur borgað sig að selja Gylfa Sig, Jurgen Klopp, Ellen, Pogba, Ólafíu Þórunni, Tiger Woods, gsm og netþjónustu á hverjum degi.

Vegna mikillar eftirspurnar á sjónvarps- og fjarskiptaþjónustu hjá 365 óskum við eftir hressum sölumönnum. Við erum að leita að öflugu, kraftmiklu og skemmtilegu fólki sem hefur gaman af því að bjóða upp á fyrsta flokks afþreyingar og fjarskiptaþjónustu hjá ört stækkandi þjónustufyrirtæki.

Gott tækifæri, mjög góð laun fyrir metnaðarfullt fólk. Spennandi og fjölbreytt starf í boði fyrir rétta aðila. Hentugt með námi eða í fullu starfi. Sveigjanlegur vinnutími.

**Hæfniskröfur:**
· Færni í samskiptum, jákvæðni, samviskusemi og heiðarleg framkoma
· Reynsla af sölustörfum æskileg
· Reynsla af sölu á fjarskiptaþjónustu æskileg en ekki skilyrði

**Sæktu um á www.365.is**
Umsóknarfrestur til 27. ágúst 2017

365



## Þrif

Óska eftir að ráða starfmann við þrif á bílum, verkstæðinu, skrifstofum og önnur tilfallandi verkefnum

**Umsóknir sendast á bilaretting@bilaretting.is**

BÍLARÉTTING & SPRAUTUN SÆVARS

Skútuvogi 12 H

## Ertu söngfugl?

Nýstofnaður kvennakór auglýsir eftir áhugasömum kórkonum. Fyrsta verkefni kórsins er þátttaka í árlegum jólatónleikum, til styrktar Landspítala Háskólasjúkrahúsi, sem fyrihugaðir eru í byrjun desember. Tónleikarnir fara fram í Fríkirkjunni í Reykjavík, þar sem kórinn kemur fram ásamt einvala liði einsöngvara og hljómsveit.

Til að byrja með er um tímabundið verkefni að ræða en með möguleika á áframhaldandi starfi.

Æfingar verða í Mosfellsbæ á miðvikudagskvöldum undir stjórn Lilju Eggertsdóttur og gert er ráð fyrir að æfingar taki u.þ.b. eina og hálfa klukkustund.

Raddprufur verða miðvikudaginn 30. ágúst.

Áhugasamar hafi samband í gegnum netfangið: korconcordia@gmail.com

korconcordia



# GOTT FÓLK ÓSKAST

## SÖLUMAÐUR VARAHLUTA

Við leitum að starfsmanni með reynslu og góða hæfni til sölu varahluta í vinnuvélar.

Góð ensku- og tölvukunnátta ásamt bílprófi skilyrði. Lyftarapróf æskilegt.

## VIÐGERÐARMENN

Við leitum að starfskröftum með reynslu og góða hæfni til vinnuvélaviðgerða.

## MECHANICS

We seek to employ mechanics with experience and good qualifications to work on machinery repairs.

Umsóknir sendist á **hg@velafl.is**
Umsóknarfrestur er til **30. ágúst nk.**

VÉLAFL
VÉLA- & TÆKJASALA

Rauðhellu 11 | 220 Hafnarfirði | S: 575 2400 | www.velafl.is



# Staða sérfræðings í fjármálum og rekstri

Dómsmálaráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að taka þátt í mótun nýrra vinnubragða með hópi áhugasamra starfsmanna við uppbyggingu nýs ráðuneytis.

**Helstu verkefni:**

- Rekstrarúttektir og greiningar
- Eftirlit með framkvæmd fjárlaga
- Samstarf og samvinna við stofnanir ráðuneytisins
- Stefnumótun og eftirfylgni stefna
- Árangursmælingar og skýrslugerð
- Samþætting opinberra stefna

Krafist er háskólamenntunar á sviði viðskipta, hagfræði eða sambærilegrar menntunar ásamt framhaldsmenntunar eða sambærilegrar reynslu.

Frekari upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur má finna á vefsíðu ráðuneytisins www.dmr.is eða á www.starfatorg.is

Nánari upplýsingar veitir Guðný E. Ingadóttir, mannauðsstjóri, í síma 545 9000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Umsóknarfrestur er til 4. september nk.**

**Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið starf@DMR.is merkt sérfræðingur.**

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Um fullt starf er að ræða.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Dómsmálaráðuneytið Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík Sími 545 9000

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ



# Við leitum að mannauðsstjóra

## Parlogis leitar að öflugum mannauðsstjóra með víðtæka reynslu – 50% starfshlutfall

**Starfssvið:**

- Skipulag og umsjón með ráðningum
- Þróun og viðhald mannauðsstefnu
- Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda
- Starfsþróunar- og frammistöðumál
- Móttaka nýliða
- Umsjón og skipulag starfsmannasamtala
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði starfsmannamála

**Hæfniskröfur:**

- Víðtæk reynsla á sviði mannauðsmála
- Menntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að greina upplýsingar og túlka niðurstöður
- Sjálfstæði í störfum, frumkvæði og drifkraftur
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Ef þú hefur áhuga á að starfa með okkur biðjum við þig vinsamlegast að senda umsókn á halfdan@parlogis.is fyrir 31. ágúst nk. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.

*Parlogis er leiðandi þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í vörustjórnun fyrir lyfja-, heilbrigðis- og neytendavörugeirann á Íslandi. Hjá okkur starfa 80 manns í góðu starfsumhverfi. Helstu viðskiptavinir eru sjúkrahús, apótek, heilsugæslustöðvar og dagvöruverslanir um allt land. Parlogis leggur metnað sinn í að vera fyrirmyndarvinnustaður þar sem lögð er áhersla á jafnrétti og fjölskylduvænt umhverfi.*

parlogis

Parlogis | Krókháls 14 | 110 Reykjavík | Sími 590 0200 | Fax 590 0201

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Þjónustufulltrúi óskast

Við óskum eftir öflugum þjónustufulltrúa í flotastýringu Akstursþjónustu Strætó

**Helstu verkefni:**
- Skipulag ferða Akstursþjónustu Strætó
- Samskipti við bílstjóra og viðskiptavini
- Teymisvinna

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til þess að sækja um.**

Um er að ræða 100% starfshlutfall, bæði framtíðarstarf og til skemmri tíma vegna fæðingarorlofs.

Umsóknarfrestur er til og með 2. september 2017.
Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Strætó og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf
- Góð þekking á skipulagi höfuðborgarsvæðisins
- Lausnamiðuð hugsun og góð skipulagsfærni
- Mjög góð kunnátta í Excel og góð almenn tölvuþekking
- Hreint sakavottorð

Umsóknir skulu sendar í gegnum **radningar.straeto.is**




## ÁS STYRKTARFÉLAG

### Starfsmaður í mötuneyti

Ás vinnustofa óskar eftir starfsmanni í nýtt og glæsilegt mötuneyti í Ögurhvarfi 6 Kópavogi.

Um er að ræða afleysingu í 10-12 mánuði í 80-100% stöðu. Vinnutíminn er frá kl. 8.00-16.00 virka daga og möguleiki er á áframhaldandi starfi hjá félaginu þegar afleysingu líkur. Vinnustofan er vinnustaður fyrir fólk með fötlun. Staðan er laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.

Starfsmaður í eldhúsi sér m.a um skömmtun máltíða, þvott, frágang eftir matar-og kaffitíma og almenn þrif á eldhúsi. Hann vinnur í samvinnu við matráð og starfar eftir reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Þ. Jónsdóttir í síma 4140500 og 4140530 á virkum dögum.

Umsókn sendist á netfangið halla@styrktarfelag.is. Upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is.

**Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# LAUSAR STÖÐUR

**Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausar til umsóknar eftirfarandi stöður frá og með 2018.**

## FIÐLU-LEIKARAR

**TVÆR STÖÐUR Í 1. FIÐLU**

**Hæfnispróf fer fram 27. nóvember 2017 í Hörpu.**

**Einleiksverk:**
1. **Mozart:** Fiðlukonsert (1. kafli með kadensu) nr. 3 í G-dúr, nr. 4 í D-dúr eða nr. 5 í A-dúr.
2. Rómantískur fiðlukonsert að eigin vali (1. kafli með kadensu).

## ALMENN KONTRBASSA-STAÐA

**Hæfnispróf fer fram 7. nóvember 2017 í Hörpu.**

**Einleiksverk:**
1. **Dittersdorf:** Konsert í D-dúr (original E-dúr) (útg.Schott)
   1. kafli, allegro moderato, m/kadensu
2. **Bottesini:** Konsert nr. 2 í a-moll (original h-moll) (útg. York Ed.)
   1. kafli, moderato (með cadenzu)
   2. kafli, andante

Umsóknarfrestur er til og með **9. september 2017.** Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur, mannauðsstjóra (starf@sinfonia.is). Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra (starf@sinfonia.is) í síma 898 5017.



# Skrifstofustjóri Landsréttar

Landsréttur auglýsir laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra Landsréttar.

Landsréttur tekur til starfa 1. janúar 2018 á grundvelli laga nr. 50/2016, um dómstóla. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta réttarins og í umboði hans, auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um, sbr. 23. gr. laga nr. 50/2016. Skrifstofustjóri mun koma að undirbúningi og skipulagningu Landsréttar með forseta og dómurum réttarins og æskilegt að hann geti hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:
- Embættispróf í lögfræði eða grunnnám ásamt meistaraprófi í lögum
- Þekking og reynsla á sviði réttarfars og stjórnsýslu
- Þekking á rekstri og starfsemi dómstóla
- Stjórnunarhæfileikar, samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Tölvufærni og þekking á sviði upplýsinga- og tæknimála

Stjórn dómstólasýslunnar ákveður laun og starfskjör skrifstofustjóra.

**Umsóknarfrestur er til 8. september 2017.**
Áskilið er að umsóknir og fylgigögn berist með rafrænum hætti á netfangið landsrettur@domstolar.is.

Nánari upplýsingar veitir
Hervör Þorvaldsdóttir forseti
Landsréttar, hervor@domstolar.is.

LANDSRÉTTUR

ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR
Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér
365
365ASKRIFT.IS

## Tannlæknastofa í Borgartúni óskar eftir tanntækni eða vönum aðstoðarmanni

Æskilegt er að umsækjandi hafi frumkvæði, tölvukunnáttu og geti starfað sjálfstætt. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða fullt starf.

Umsóknir sendist á **osktannl@simnet.is** eigi síðar en 24. ágúst.

---

# ATVINNA

## FRAMTÍÐARSTÖRF Í RÚMFATALAGERNUM Á SMÁRATORGI

**Óskum eftir að ráða hresst og jákvætt fólk til starfa í metravörudeild, smávörudeild, baðdeild, fatadeild og á kassa. Bæði fullt starf og hlutastarf í boði. Gott atvinnutækifæri sem býður upp á frábæra framtíðarmöguleika. Einnig bjóðum við upp á áfyllingavaktir virka daga frá kl. 7:00 - 11:30.**



**Vinsamlegast sendið ferilskrá á ivar@rfl.is eða fyllið út umsókn á staðnum.**
*Umsóknarfrestur er til 25. ágúst.*

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
**www.rumfatalagerinn.is**

---

## Fjallabyggð

## Staða Forstöðumanns Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

Fjallabyggð auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar.
Leitað er eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að leiða stofnunina. Forstöðumaður sér um flokkun og skráningar safngagna, daglegan rekstur, starfsmannamál, skipulag og umsýslu. Hann sér jafnframt um upplýsingamiðstöð ferðamála sem staðsett er í bókasafni. Starfsstöðvar bóka- og héraðsskjalasafns eru á Siglufirði og í Ólafsfirði. Næsti yfirmaður forstöðumanns er deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála. Starfshlutfall er 100%

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun í bókasafns- og upplýsingafræðum æskileg.
- Reynsla í starfi æskileg.
- Reynsla og þekking af málefnum sveitarfélaga er kostur.
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og metnaður í starfi.
- Góð kunnátta í íslensku auk kunnáttu í öðru tungumáli.
- Góð tölvukunnátta.
- Bílpróf.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. október n.k.

**Nánari upplýsingar um starfið gefa:**
Ríkey Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri fræðslu- frístunda og menningarmála, netfang: rikey@fjallabyggd.is og Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri, netfang: gunnarb@fjallabyggd.is
Sími: 464 9100

Umsóknum með upplýsingum um menntun, starfsferil og nöfnum tveggja umsagnaraðila ásamt kynningarbréfi um viðkomandi skal skilað á bæjarskrifstofur Fjallabyggðar, Gránugötu 24, 580 Siglufirði eða með rafrænum hætti á netföng áðurgreindra aðila.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. september 2017.**
**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

---

» **Ráðningarþjónusta**

# Starfsmaður á verkstæði

Fást ehf. óskar eftir að ráða röskan og laghentan einstakling til starfa á verkstæði.
Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl 17:00 alla virka daga.



### » Starfslýsing

Starfið felst m.a. í vinnu við tölvustýrðar vélar þar sem verið er að hanna, fræsa og skera út plast og plexígler.

### » Hæfniskröfur

- · Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð við fjölbreytt verkefni
- · Smíðareynsla kostur
- · Kunnátta á teikniforrit kostur

**Fást**
*Fást ehf. var stofnað árið 1988 og starfar m.a. við ráðgjöf, hönnun, sölu og framleiðslu á plexígleri og vélaplasti.*

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---




### BIFVÉLAVIRKJAR Á ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

Við erum að stækka þjónustuverkstæðið okkar og flytjum í nýtt og betra húsnæði. Við leitum að bifvélavirkjum til að sinna fjölbreyttum verkefnum í nýrri og vandaðri vinnuaðstöðu.
Verkstæði Arctic Trucks er viðurkenndur þjónustuaðili fyrir Toyota.
Mikilvægt er að viðkomandi sé vandvirkur, metnaðarfullur og búi yfir góðri þjónustulund.

### STARFSMAÐUR Í VERKSTÆÐISMÓTTÖKU

Við leitum að frábærlega þjónustuliprum starfsmanni með góða þekkingu á bílum til að starfa í verkstæðismóttöku okkar. Starfið felur í sér yfirumsjón með innbókunum á verkstæði, móttöku viðskiptavina og frágang reikninga frá verkstæði.
Góð þekking á bílum, þjónustulund og góð almenn tölvukunnátta eru skilyrði.

### STARFSMAÐUR Á LAGER

Við leitum að vandvirkum og röskum lagermanni til að annast almenn lagerstörf, vörumóttöku og afgreiðslu á lager. Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum, vera stundvís og áreiðanlegur. Gild ökuréttindi skilyrði og lyftarapróf er kostur. Góð almenn tölvukunnátta skilyrði.

### SÖLUFULLTRÚI AT EXPERIENCE

Við leitum að þjónustuliprum og metnaðarfullum starfsmanni til að annast sölu og bókanir á self-drive ferðum sem **Arctic Trucks Experience** býður uppá um hálendi Íslands og víðar, sjá **www.atx.is**.
Starfið felur einnig í sér undirbúning og skipulagningu ferða. Viðkomandi þarf að búa yfir mjög góðri enskukunnáttu og hafa umtalsverða þekkingu á Íslandi og þeim ferðamöguleikum sem hér er að finna. Góð almenn tölvukunnátta er kostur, sem og reynsla úr ferðaþjónustu og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Arctic Trucks er þjónustufyrirtæki sem vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í jeppabreytingum og er þekkt vörumerki á því sviði víða um heim.**

**Nánari upplýsingar um störfin veitir Hallveig Andrésdóttir í síma 540 4911. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@arctictrucks.is.**

## Umsóknarfrestur er til 1. september 2017.

**ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF. | KLETTHÁLSI 3 | 110 REYKJAVÍK | WWW.ARCTICTRUCKS.IS**

---

## Sterk tengsl
## í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**






## Störf við innri endurskoðun hjá PwC

### Hefur þú áhuga á að starfa við fjölbreytt verkefni og öðlast dýrmæta reynslu?

PwC auglýsir eftir starfsmönnum til starfa við innri endurskoðun á áhættustjórnunarsviði PwC. Áhættustjórnunarsvið er sjálfstæð eining innan PwC en starfar í nánu samstarfi við önnur svið. PwC tekur að sér verkefni á sviði innri endurskoðunar fyrir félög, sjóði, stofnanir, fjármálafyrirtæki og félagasamtök. Meðal viðskiptavina okkar eru ýmis konar félög svo sem almenn hlutafélög, fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir, verðbréfafyrirtæki, fjárfestingafyrirtæki, byggðasamlög og opinberar stofnanir.

Sérfræðingur með reynslu - þarf að uppfylla eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur:

- Faggilding á sviði innri endurskoðunar er kostur.
- Reynsla af störfum innri endurskoðunar.
- Háskólamenntun sem nýtist á sviði innri endurskoðunar.
- Samviskusemi, nákvæmni í vinnubrögðum og áhugi á framþróun í starfi.
- Jákvæðni, frumkvæði og samskiptahæfni.

Um er að ræða fullt starf sérfræðings.

Meistaranemi – þarf að uppfylla eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur:

- Að vera í meistaranámi sem nýtist við starfið.
- Reynsla af samskiptum við eða störfum með innri endurskoðanda kostur.
- Samviskusemi, nákvæmni í vinnubrögðum og áhugi á framþróun í starfi.
- Jákvæðni, frumkvæði og samskiptahæfni.

Um er að ræða hlutastarf meistaranema.

PwC leggur mikið upp úr sjálfstæðum og faglegum vinnubrögðum og gerir miklar kröfur til starfsfólks síns í þeim efnum.

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2017.

Vinsamlegast sækið um á vef PwC, https://pwc.rada.is/is og látið ferilskrá sem inniheldur upplýsingar um menntun og fyrri störf fylgja umsókninni. Frekari upplýsingar um starfið veitir Jón Sigurðsson með tölvupósti á netfangið jon.sigurdsson@is.pwc.com. Auðbjörg Fridgeirsdóttir á netfangið audbjorg.fridgeirsdottir@is.pwc.com og Vilhjálmur Kári Haraldsson, mannauðsstjóri á netfangið vilhjalmur.k.haraldsson@is.pwc.com.

Öllum umsóknum verður svarað og verða þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

pwc

PwC á Íslandi er þekkingarfyrirtæki og hluti af stærsta alþjóðlega endurskoðunar- og fjármálaráðgjafafyrirtæki heims. PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki á sviði endurskoðunar, reikningsskila, áhættustjórnunar, fyrirtækjaráðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar.

PricewaterhouseCoopers ehf. • Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • www.pwc.is

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Utanríkisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra rekstrar- og þjónustuskrifstofu á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

**Helstu verkefni skrifstofunnar eru:**

- Fjárlagagerð og fimm ára fjármálaáætlun fyrir utanríkismál samkvæmt lögum um opinber fjármál.
- Rekstraráætlanir og eftirlit með þeim, þ.á.m. fyrir sendiskrifstofur Íslands erlendis.
- Fjármál þróunarsamvinnu.
- Húsnæðismál og öryggismál utanríkisþjónustunnar á Íslandi og erlendis.
- Mötuneyti og móttaka aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins.
- Eftirlit með og stjórn á innkaupum utanríkisþjónustunnar.
- Tölvu- og upplýsingatækni í allri utanríkisþjónustunni.
- Þátttaka í norrænu samstarfi um rekstur utanríkisþjónusta.

Hlutverk skrifstofustjóra er að leiða starf skrifstofunnar undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á stefnumótun og því að framfylgja markmiðum og stýra daglegum störfum skrifstofunnar að öðru leyti. Hann stuðlar að faglegri og metnaðarfullri starfsemi í almannaþágu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á sviði viðskipta- og/eða hagfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Víðtæk þekking og reynsla á sviði fjármálaáætlana og rekstrar.
- Stjórnunarreynsla.
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar, þekking á utanríkisþjónustunni er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, kunnátta í Norðurlandamáli kostur.
- Góð reynsla og færni í notkun töflureikna (Excel) og hæfni til að greina og setja fram tölulegar upplýsingar með skilmerkilegum hætti.
- Forystu-, samskipta- og skipulagshæfni.
- Frumkvæði, samskiptalipurð, hæfni í teymisvinnu og geta til að vinna undir álagi.
- Hæfni til að setja fram mál og upplýsingar í ræðu og riti.

Að auki skulu umsækjendur fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. september nk.**

Umsóknir ásamt ferilskrám og kynningarbréfi skal senda til Capacent: capacent.is/s/5523
Í kynningarbréfi skulu umsækjendur m.a. lýsa hvernig þeir uppfylla menntunar- og hæfniskröfur.

Í samræmi við 19. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands verður skipuð ráðgefandi hæfnisnefnd til að mæta hæfni umsækjenda, sbr. einnig reglur nr. 393/2012.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru í samræmi við kjarasamninga ríkisins og FHSS. Skipað er í embættið til 5 ára.

**Nánari upplýsingar veitir Auður Bjarnadóttir hjá Capacent, audur.bjarnadottir@capacent.is, s: 540-1000.**



## Ertu að leita að ævintýri?

*Skátahreyfingin er alþjóðleg uppeldis- og friðarhreyfing.*

*Markmið hennar er að leggja sem mest af mörkum við uppeldi ungs fólks til þess að skapa betri heim.*

*Skátahreyfingin er vettvangur fyrir þá sem vilja láta gott af sér leiða.*

Skátarnir

# Framkvæmdastjóri

## BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA LEITAR AÐ FRAMKVÆMDASTJÓRA Í FULLT STARF

Framkvæmdastjóri vinnur að uppbyggingu skátastarfs í landinu. Hann sér um daglegan rekstur Skátamiðstöðvarinnar og samræmir störf dótturfyrirtækja BÍS. Hann framfylgir stefnumótun skátahreyfingarinnar um að auka fagmennsku og gæði í skátastarfi, sér um að efla þjónustu við skátafélög, annast samskipti við hagsmunaaðila og er málsvari hreyfingarinnar út á við.

### Ábyrgðar- og stjórnunarsvið:

- Framfylgja stefnumótun í samvinnu við stjórn.
- Fjármálastýring, samninga- og áætlanagerð og eftirlit.
- Daglegur rekstur.
- Markaðs- og kynningarmál.
- Starfsmannahald og gæðastjórnun.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Stjórnunarreynsla.
- Reynsla af verkefna- og viðburðastjórnun.
- Sjálfstæð vinnubrögð, góð samskiptafærni og frumkvæði.
- Reynsla af skátastarfi og/eða félags-/sjálfboðastarfi.
- Reynsla af alþjóðastarfi og góð tungumálakunnátta æskileg.

### Umsóknarfrestur er til 27. ágúst nk.

Umsóknum skal skilað til Mörtu Magnúsdóttur, skátahöfðingja Íslands, á netfangið marta@skatar.is



Kynntu þér störfin og hæfniskröfur

**bluelagoon.is/atvinna**

og sæktu um

# VILTU VAXA MEÐ OKKUR?

Bláa Lónið óskar eftir að ráða metnaðarfulla starfsmenn í fjölbreytt og spennandi störf. Við leggjum áherslu á góða samskipta- og samstarfshæfni og bjóðum upp á þægilegan vinnutíma og góðan aðbúnað.

### Sérfræðingur á fjármálasviði

**Við leitum að:**
Öflugum starfsmanni í fjármálateymið okkar sem sér um bókhald, afstemmingar, reikningagerð, uppgjör, frávikagreiningar, áætlanagerð og skýrslugerð auk þess að sjá um að uppfæra ávallt fjárhagsupplýsingar.

### Prófari á upplýsingatæknisviði

**Við leitum að:**
Metnaðarfullum prófara fyrir fjölbreytt verkefni á upplýsingatæknisviði. Prófari heldur utan um allar hugbúnaðar- og notandaprófanir. Unnið er náið með verkefnastjóra og viðskiptagreini í hugbúnaðardeild.

### Sölumaður í verslun

**Við leitum að:**
Jákvæðum og þjónustulunduðum sölumanni með brennandi áhuga á húðvörum og mannlegum samskiptum í okkar frábæra teymi í verslunum okkar í Bláa Lóninu og Flugstöð Leifs Eirkssonar.

### Sölu- og þjónustufulltrúi

**Við leitum að:**
Öflugum sölu- og þjónustufulltrúa með ríka þjónustulund og metnað til að veita gestum Bláa Lónsins einstaka upplifun og ráðgjöf.

Einstakt umhverfi | Góður starfsandi | Þjálfun og fræðsla | Góður matur fyrir alla | Akstur til og frá vinnu | 2-2-3 vaktir

BLUE LAGOON
ICELAND

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið



## Heilbrigðisfulltrúi – Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Starf heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er laust til umsóknar. Um er að ræða tímabundið starf í eitt ár.

Leiðarljós Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að tryggja borgarbúum heilbrigð lífsskilyrði, vernda heilnæmt og ómengað umhverfi og tryggja sem kostur er að neysluvatn og matvæli borgarbúa séu örugg og heilnæm.
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skiptist í tvær deildir: Umhverfiseftirlit og Matvælaeftirlit auk eininga vöktunar umhverfis og hundaeftirlits.
Starfið er hjá Umhverfiseftirliti. Deildarstjóri er næsti yfirmaður.

**Í starfinu felst m.a. :**

- Að hafa reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um matvæli nr. 93/1995 og reglugerðir skv. þeim.
- Að sinna skráningum, skýrslugerð og bréfaskriftum, sinna kvörtunum og annast fræðslu.
- Að beita þvingunarúrræðum í samráði við deildarstjóra.
- Að undirbúa útgáfu starfsleyfa og vinna starfsleyfisskilyrði og umsagnir.
- Að sinna öðrum verkefnum samkvæmt fyrirmælum deildarstjóra.
- Að vinna með hópi sérfræðinga Heilbrigðiseftirlitsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði raunvísinda s.s. líffræði, umhverfisfræða, matvælafræði, heilbrigðisvísinda, verkfræði eða sambærileg menntun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleiki og samstarfshæfni.
- Geta unnið vel undir álagi.
- Jákvæðni, samviskusemi og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Færni til að setja fram ritað mál á greinargóðri íslensku.
- Reynsla af eftirlitsstörfum og réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi er kostur.
- Ökuréttindi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga og Reykjavíkurborgar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Rósa Magnúsdóttir deildarstjóri Umhverfiseftirlits Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, frá kl. 9-16 í síma 411 1111 og með tölvupósti til ***rosa.magnusdottir@reykjavik.is***

Sótt er um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir flipanum **Störf í boði**.

Umsóknarfrestur er til og með **3. sepember 2017**.

Nánari upplýsingar um Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er að finna á vefslóðinni: ***http://reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur***

Vakin er athygli á því markmiði mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreina og eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

## Starfsfólk óskast

Styrktarsjóður í minningu
**Sigurbjargar**
Óskar eftir starfsfólki

### Rekstrarstjóri

**Hlutverk:** Umsjón með daglegum rekstri, áætlanagerð, starfsmannahald og yfirsýn.
**Hæfni:** Viðtæk þekking á viðskiptum og rekstri, almenn tölvu kunnátta og íslensku mælandi.
Aldur og menntun skiptir ekki máli.

### Sölumenn

**Hlutverk:** Sala á almennum vörum.
Föst laun í boði auk bónusa.
**Hæfni:** Hentar einungis hressu og brosmildu fólki með jákvætt hugarfar.
Aldur og menntun skiptir ekki máli.

**Umsóknarfrestur: 25. ágúst fyrir kl. 16:00**

*Nánar á facebook síðu sjóðsins: Styrktarsjóður Sigurbjargar*

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF



## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Flataskóli**
- Leikskólakennari
- Matráður í mötuneyti kennara
- Þroskaþjálfi

**Garðaskóli**
- Íþróttakennari

**Sjálandsskóli**
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi

**Bæjarból**
- Deildarstjóri

**Holtakot**
- Leikskólakennari

**Krakkakot**
- Starfsmaður í eldhúsi – 50% staða

**Sigurhæð – heimili fyrir fatlaða**
- Þroskaþjálfi

**Ægisgrund – heimili fyrir fatlaða**
- Starfsmaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## *SKAPALÓN vefstofa Premis

### Við leitum að Viðskiptastjóra // Verkefnastjóra

Við þurfum að bæta við okkur hæfileikaríkum og metnaðarfullum viðskiptastjóra og leitum því að aðila með áhuga og ástríðu fyrir vefþróun og samskiptum.

**Ábyrgðarsvið:**
- » Umsjón og skipulagning verkefna fyrir viðskiptavini
- » Náið samstarf við forritara, hönnuði og aðra sem að verkefnum koma innan fyrirtækisins
- » Bera ábyrgð á þróun viðskiptasambanda og öflun nýrra verkefna
- » Sýna frumkvæði í samstarfi við viðskiptavini
- » Uppgjör verkefna til bókhalds

**Hæfniskröfur:**
- » Framúrskarandi hæfileikar í samskiptum
- » Geta leitt teymisvinnu
- » Vera hugmyndagóður, skapandi og skemmtilegur
- » Góð skipulagshæfni
- » Reynsla af samstarfi við hugbúnaðarfólk er æskileg
- » Góð enskukunnátta

Við bjóðum:
Gott starfsumhverfi með hæfileikaríku starfsfólki, fjölbreytt og krefjandi verkefni með mörgum af fremstu fyrirtækjum landsins og tækifæri til að skara fram úr.
Ef þú hefur einhverjar spurningar sendu þá línu á Díönu Dögg Víglundsdóttir, diana@premis.is deildarstjóra vef- og hugbúnaðardeildar Premis og þér verður svarað um hæl.

Umsókn með ferilskrá sendist á job@premis.is. Umsóknarfrestur er til og með 3. sept. 2017.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.

PREMIS

## STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

### Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

HS ORKA

**Brúarvirkjun**
**BRÚ-10 Mannvirki**
**Útboð nr. 201702**

HS Orka hf óskar eftir tilboðum í mannvirkjagerð fyrir Brúarvirkjun í Tungufljóti í Biskupstungum, Bláskógabyggð, samkvæmt útboðsgögnum nr. 201702.

Verkið felst í uppbyggingu mannvirkja fyrir 9,9 MW virkjun í Tungufljóti, Brúarvirkjun, Biskupstungum. Um er að ræða stíflur og skurði sem og steinsteypt virki fyrir inntak, botnrás, yfirfall og stöðvarhús, uppsetningu vélbúnaðar og glertrefjahluta þrýstipípu. Mannvirki skulu fullkláruð með öllum lögnum og loftræsingu eins og vera ber.

## Helstu kennistærðir eru:

| | |
|---|---|
| Gröftur í lausu | 150.000 m3 |
| Sprengigröftur | 36.000 m3 |
| Fyllingar | 220.000 m3 |
| Steinsteypa | 4.500 m3 |
| Járnbending | 310.000 kg |
| Mótafletir | 7.800 m2 |
| Uppsetning á glertrefjapípu | 1.630 m |
| Uppsetning vélbúnaðar | 2 stk 4,95 MW vélar |

Áætlað er að rafmagnsframleiðsla hefjist í maí 2019 og verklok verði í ágúst 2019.

Útboðsgögn verða aðgengileg á útboðsvef HS Orku hf, og skulu bjóðendur senda tölvupóst á netfangið **bruarvirkjun@hsorka.is** til þess að fá aðgang að vefnum.

Tilboðum skal skilað til HS Orku, Svartsengi, 240 Grindavík fyrir klukkan 12:00 þann 5. október 2017 og verða tilboð opnuð klukkan 14:00 sama dag.

MANNVIT | Urðahvarf 6 - 203 Kópavogur - 422 3000 - mannvit@mannvit.is - www.mannvit.is

HS ORKA SVARTSENGI 240 GRINDAVÍK 520-9300 HSORKA@HSORKA.IS



# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Reykjavík 2017 - 2020, Breiðholt** – EES útboð nr. 14049.
- **Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Reykjavík 2017 - 2020, Árbær** – EES útboð nr. 14050.
- **Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Reykjavík 2017 - 2020, Grafarvogur og Grafarholt - Úlfarsárdalur** – EES útboð nr. 14051.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is



ONIK-2017-15/ 19.08.2017

# Útboð

Orka náttúrunnar ohf. óskar eftir tilboðum í:

## Flotkolla, flotskó og miðjustilla

Óskað er eftir tilboðum í flotkolla, flotskó og miðjustilla.

Nánar lýst í útboðsgögnum „ONIK-2017-15 Float equipment and centralizers"

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vefsíðu OR https://www.or.is/fjarmal/utbod

Tilboð verða opnuð hjá Orku náttúrunnar ohf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, mánudaginn 04.09.2017 kl. 11:00.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is
Allar fyrirspurnir vegna útboðs skal senda á utbod@on.is



» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Tekur allt að 32GB microkort
Loop upptaka




**34.000**
ILIFE A4s, ryksuguvélmenni
Fjarstýring,
fallvörn og heimastöð



**36.000**
ILIFE V5PRO, ryksuguvélmenni
Blautmoppun, fjarstýring,
fallvörn og heimastöð




**46.000**
ILIFE A6, ryksuguvélmenni
Ósýnilegur veggur, fjarstýring,
fallvörn og heimastöð

**www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030**

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um óvenjulega þjóðflutninga.



Skólabörn í velska samfélaginu í Argentínu.

# Y Wladfa

Einhver metnaðarfyllsta en um leið óraunhæfasta hugmynd Íslandssögunnar var Alaskaævintýri ritstjórans Jóns Ólafssonar á ofanverðri nítjándu öld. Tildrögin voru þau að árið 1867 keypti ríkisstjórn Bandaríkjanna Alaska af Rússum. Kaupverðið var af mörgum talið hátt og óljóst að margir fengjust til að flytjast til hinna hrjóstrugu og afskekktu landssvæða í norðrinu á meðan enn væri gnótt lands að finna annars staðar í Bandaríkjunum.

Ævintýramaðurinn Jón Ólafsson sá í þessu sóknarfæri. Jón hrökklaðist frá Íslandi til Vesturheims árið 1873 eftir að hafa lent upp á kant við yfirvöld vegna hvatvíslegra blaðaskrifa sinna. Í Ameríku dvaldist hann næstu tvö árin og þar kviknaði hugmyndin um að beina Íslendingum, sem um þær mundir fóru til Kanada í stríðum straumum, frekar til Alaska.

Jón sá fyrir sér að í Alaska yrði til nýtt Ísland, þar sem íslensk tunga og menning yrðu í öndvegi. Í krafti eðlislægra yfirburða sinna og auðugra náttúruauðlinda á nýja staðnum yrðu Íslendingar stórþjóð og myndu jafnvel með tímanum ráða stórum hluta Norður-Ameríku. Slík var sannfæring ritstjórans í málinu að honum tókst að hrífa bandaríska ráðamenn með sér, kjaftasagan hermdi jafnvel að Jón hefði komist á rækilegt fyllerí með Grant forseta í Washington, þar sem Alaskalandnámið var handsalað. Hvað svo sem er hæft í því féllst Bandaríkjastjórn á að lána skip til að kanna landkosti og studdi útgáfu ritlings þar sem hvatt var til stofnunar Íslendinganýlendunnar.

Þótt Alaskahugmyndir Jóns hljómi eins og hálfgerðir skýjakastalar, þá áttu þær sér fyrirmyndir eða í það minnsta samsvaranir. Nokkrum árum fyrr hafði svipuðu verkefni verið hrint af stokkunum, sem byggði á keimlíkri hugmyndafræði. Þar voru á ferðinni þjóðernissinnar í Wales og fyrirheitna landið var öllu sunnar á veraldarkúlunni.

### Velsk vakning

Iðnbyltingin hafði í för með sér mikið samfélagslegt umrót í Wales. Gamlir búskaparhættir létu undan síga en fram kom stétt róttækra verkamanna, einkum í kolanámugeiranum. Í trúmálum náðu smásöfnuðir utan ensku biskupakirkjunnar sterkri stöðu og urðu lykilstofnanir í sjálfsmynd Walesverja, sem fannst menningu og tungu sinni ógnað af sívaxandi enskum áhrifum í landinu. Í hugum margra var baráttan í raun töpuð, velskan dæmd til að víkja fyrir enskunni á öllum sviðum og Wales til að verða jaðarsvæði innan Stóra-Bretlands.

Einn þeirra fyrstu til að veita mótspyrnu var prestur að nafni Michael D. Jones, sem fæddur var árið 1822. Hann ferðaðist ungur til Bandaríkjanna, þangað sem ófáir landar hans höfðu flutt á liðnum árum. Jones var gallharður velskur þjóðernissinni og var því á báðum áttum í afstöðu sinni til vesturfara. Honum fannst að sönnu illt að missa ungt fólk úr landi, en leit þó svo á að fólksflutningar til Ameríku væru óhjákvæmilegt fyrirbæri sem vonlaust væri að berjast gegn.

Jones rann hins vegar til rifja hversu hratt velsku innflytjendurnir virtust gleyma siðum sínum og menningu. Enskan var allsráðandi í nýbúasamfélögum þeirra vestanhafs og í stað þess að halda hópinn virtist fólkið kappkosta að hverfa í fjöldann.

Niðurstaða klerksins var einföld: til þess að standa vörð um menningu og gildi Walesverja yrðu þeir að byggja ný samfélög sín í einangrun og án of mikillar blöndunar við aðra hópa, einkum enskumælandi. Í þessu skyni tók Jones að svipast um eftir vænlegum búsvæðum. Vancouvereyja á Kyrrahafsströnd Kanada þótti fýsilegur kostur, með mildu loftslagi og ýmsum landkostum. Önnur hugmynd, sem rædd var af fullri alvöru, var á þá leið að flytja á Biblíuslóðir í Palestínu. Sú hugmynd hafði augljóslega fremur trúarlegar skírskotanir en hagnýtar, enda fátt sameiginlegt með staðháttum í Wales og Palestínu.

Hálfri öld eftir að Michael D. Jones leitaðist við að skapa þjóð sinni nýtt þjóðarheimili lagði ungverski gyðingurinn Theodor Herzl grunn að zíonismanum þegar hann kynnti hugmyndir sínar um að stórir hópar evrópskra gyðinga flyttust búferlum og kæmu sér upp nýju ríki. Herzl endaði á að velja Palestínu sem vænlegasta kostinn, en hafði áður velt fyrir sér fjölmörgum möguleikum, þar á meðal í Afríku og á sléttum Patagóníu í Argentínu. Það var hins vegar nákvæmlega þar sem Michael D. Jones kaus hinni nýju velsku nýlendu stað.

Samningar náðust við ríkisstjórn Argentínu, sem sá sér hag í að fá evrópska landnema til að setjast að á sléttum Patagóníu. Landið var nær einvörðungu byggt fámennum hópum innfæddra og ekki talið sérlega búsældarlegt. Útsendarar stjórnarinnar hikuðu þó ekki við að gylla það fyrir hinum verðandi nýbúum og Jones og félagar hófu að prédika landkosti svæðisins fyrir löndum sínum og sögðu það minna mjög á blómlega dalina í sunnanverðu Wales.

### Skrykkjótt gæfa

Skipuleggjendur Argentínufararinnar tóku skip á leigu árið 1865 fyrir á annað hundrað manns sem vildu freista gæfunnar í nýju landi. Hið fyrirhugaða skip til fararinnar kom hins vegar of seint á brottfararstað í Liverpool og þurfti því í skyndingu að bjarga öðrum farkosti, hálfgerðum fúadalli sem ekki hafði verið ætlaður til farþegaflutninga, með reynslulitla áhöfn og skipstjóra sem var betur fallinn til að flytja varning en manneskjur.

Eftir erfiða tveggja mánaða siglingu kom hópurinn að landi í Suður-Ameríku nánast með tvær hendur tómar. Fólkið hafði litlar vistir og vantaði flest tæki og tól til að fóta sig á ókunnum slóðum og fljótlega kom í ljós að loforðin um blómlegu bújarðirnar voru orðum aukin. Margir létu lífið fyrstu mánuðina og hætt er við að landnámið hefði farið algjörlega út um þúfur ef ekki hefði komið til aðstoð vinveittra frumbyggja sem veittu góð ráð varðandi lífið á sléttunni.

Eftir nokkurra missera barning og hokur við erfiðar aðstæður á ræktarlandi sem var hálfgerð eyðimörk, fór landið að rísa. Rachel Jenkins, eiginkona helsta forystumanns landnemanna, hafði frumkvæði að því að koma upp áveitukerfi með því að veita vatni úr nálægu fljóti á ræktarlönd. Með því móti urðu til afbragðsgóðir akrar til ræktunar á hveiti og öðrum landbúnaðarvörum. Fregnir af velgengni hópsins bárust til heimalandsins og næstu áratugina bættust stórir hópar Walesverja við samfélagið í „Nýlendunni“ eða Y Wladfa eins og hún nefndist á velsku.

Stofnendur nýlendunnar höfðu búist við að öðlast mikið pólitískt sjálfstæði í nýja landinu, en ekki leið á löngu uns ráðamenn í Argentínu vildu færa nýju landnemabyggðirnar undir miðstjórnarvald sitt. Járnbrautarsamgöngur undir lok nítjándu aldar juku samskiptin milli héraðsins og stjórnarinnar í Buenos Aires og vöxtur landbúnaðarins dró til sín spænskumælandi íbúa Argentínu ekki síður en innflytjendur alla leið frá Wales. Með fyrri heimsstyrjöldinni tók endanlega fyrir innflutning Walesverja til Argentínu og tengslin við gamla landið voru fljót að rofna.

### Tengslin endurvakin

Argentínustjórn fyrirskipaði að spænska skyldi vera aðaltungumálið í öllum skólum og í opinberum samskiptum. Yngra fólkið sá ekki tilganginn með því að halda í velskuna og leit á hana sem fjötur um fót. Hægt og bítandi var velska samfélagið að renna inn í argentínskt þjóðfélag. Stöku siðir lifðu þó áfram, þar á meðal velska ávaxtakakan sem enn í dag er vinsælt bakkelsi víða í Argentínu.

Þegar leið að aldarafmæli velska landnámsins jókst áhuginn á að rifja upp söguna. Stór sendinefnd frá Wales ferðaðist til Argentínu árið 1965 og ný tengsl mynduðust. Walesverjum fannst mikið til þess koma að kynnast þessu litla velskumælandi samfélagi á suðurhveli Jarðar og áhugi þeirra varð líka örvandi fyrir Suður-Walesverjana að rækta menningararfleifð sína.

Á síðustu áratugum hefur miklu fé og orku verið varið í að varðveita og byggja upp patagóníska velsku. Hún er sérkennileg mállýska með spænskum hreim og fjölda spænskra tökuorða. Nokkur þúsund manns tala mállýsku þessa, en fáir eða engir þó sem fyrsta mál. Áhuginn er engan veginn bundinn við afkomendur Walesverjanna sem fluttust til Patagóníu á sínum tíma og þykir nokkurt stöðutákn að geta slegið um sig á velsku. Tilkoma útvarps- og sjónvarpssendinga á tungumálinu á vegum BBC hefur sömuleiðis hjálpað til við varðveisluna.

Að mörgu leyti minnir suðurvelska samfélagið í Argentínu á hið vestur-íslenska í Kanada. Íbúar þeirra beggja skilgreina sig fyrst og fremst sem Argentínumenn og Kanadabúa, en finnst skemmtilegt að halda í ræturnar með gagnkvæmum heimsóknum og með því að kunna hrafl í tungumálinu. En í hvorugu tilvikinu rættust draumarnir um nýtt fósturland sem að lokum yrði öflugt ríki með tungu og menningu gömlu ættjarðarinnar.

**JÓN HEFÐI KOMIST Á RÆKILEGT FYLLERÍ MEÐ GRANT FORSETA ...**

OKKAR SÉRSVIÐ ER
Háræðaslitsmeðferðir
HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA


PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098
Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com



GARÐPARTÝ BYLGJUNNAR
Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM 19. ÁGÚST, KL. 18:00 - 22:45
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN, GRILL OG TÓNLISTARVEISLA
BAGGALÚTUR
JÓNAS SIG
DIKTA
ÁSA
SYCAMORE TREE
RAVEN
BIRGIR
ELÍSABET ORMSLEV
ARON HANNES
Í beinni útsendingu
visir.is
BYLGJAN 989
BYLGJAN 989
Ali
SAMSUNG
Floridana
LIFÐU VEL!
nettó
Kræsingar & kostakjör
ORKAN

ÞETTA GERÐIST 19. ÁGÚST 1952

## Kristinn H. Gunnarsson fæddist



Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður fyrir Vestfjarðakjördæmi og Norðvesturkjördæmi, fæddist 19. ágúst 1952. Hann er því 65 ára gamall í dag. Kristinn hóf stjórnmálaferil sinn í Alþýðubandalaginu. Hann var bæjarstjóri fyrir flokkinn í bæjarstjórn Bolungarvíkur á árunum 1982 til ársins 1998. Hann var kjörinn þingmaður Vestfjarðakjördæmis fyrir Alþýðubandalagið árið 1991. Árið 1998 sagði hann skilið við Alþýðubandalagið, gekk í Framsóknarflokkinn og náði kjöri í kosningum 1999. Síðar gekk hann til liðs við Frjálslynda flokkinn. Kristinn hætti á þingi árið 2009.



✝

Innilegar þakkir fyrir hlýjar kveðjur og ómetanlegan vinarhug vegna andláts elskulegrar móður okkar,

**Guðlaugar Karlsdóttur**

kaupmanns,
Merkurgötu 3, Hafnarfirði.

**Þórður Sæmundsson**
**Drífa Sigurbjarnardóttir**
**Guðrún Sæmundsdóttir**
**Sjöfn Sæmundsdóttir**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju, vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður, ömmu og langömmu,

**Lilju Gunnarsdóttur**

Birkihvammi 21, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sunnuhlíðar í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Sigurjón Antonsson**
**Anton Smári Sigurjónsson**
**Andri Snær Sigurjónsson**
**Stefán Friðleifsson**
**Hildur Friðleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Sýningin er haldin í Reiðhöllinni Svaðastöðum í Skagafirði.** MYND/STEINUNN GUNNSTEINSDÓTTIR

# Þrautabraut fyrir bændur og hrútaþukl í Skagafirði

**Margir bændur í Skagafirði munu slíta sig lausa frá störfum sínum um helgina þegar bændahátíðin Sveitasæla verður haldin. Þangað mæta vélasalar, handverksfólk og fleiri og þar á hrútaþuklið sér langa sögu. Bænda-fitness ekki síður vinsæll liður.**

Bændahátíðin Sveitasæla verður haldin í Skagafirði um helgina líkt og undanfarinn áratug. Hátíðahöldin eru í höndum skagfirskra bænda og Reiðhallarinnar Svaðastaða við Sauðárkrók og munu þeir einnig blása til landbúnaðarsýningar.

Tímasetning hátíðarinnar er að sögn aðstandenda hennar sérstaklega valin með það fyrir augum að sem flestir bændur geti slitið sig lausa frá störfum sínum í stutta stund og haft gagn og gaman saman í Skagafirði. Á sýningunni koma saman vélasalar, landbúnaðarfyrirtæki, handverksfólk og bændur sem vilja sýna sig og sjá aðra. Að henni lokinni tekur við skemmtidagskrá sem inniheldur meðal annars hrútaþukl og bænda-fitness.

„Hrútaþuklið á sér langa sögu og er fyrir mörgum ómissandi þáttur í hátíðahöldum sem þessum. Þátttakan er alltaf mjög góð,“ segir Steinunn Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri sýningarinnar.

> **Hrútaþuklið á sér langa sögu og er fyrir mörgum ómissandi þáttur í hátíðahöldum sem þessum.**
>
> Steinunn Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitasælunnar



„Við fáum landbúnaðarráðunauta sem fara á milli og meta fé. Bændur koma svo með sína hrúta og gestir og gangandi koma og þukla á þeim, finna lærin og hryggjarstykkið. Hver skrifar svo niður sinn dóm og sá sem kemst næst dómnum sem dómnefnd komst að stendur uppi sem sigurvegari.“

Steinunn segir að bænda-fitness sé ekki síður vinsæll liður í hátíðahöldunum.

„Við veljum bændur úr hópnum og látum þá keppa í sérstakri þrautabraut. Þeir sem eru valdir úr komast ekki upp með að sleppa, enda reynir það enginn. Þetta er mjög skemmtilegt og fólk bíður spennt eftir þessu og það er óhætt að segja að þar myndist rífandi stemning,“ segir framkvæmdastjórinn um hátíðina sem sett verður í dag klukkan 13.00.

**haraldur@frettabladid.is**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Einars Magnúsar Erlendssonar**

Kleifahrauni 3b, áður til heimilis á Illugagötu 12, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Vestmannaeyjum, fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Ása Ingibergsdóttir**
**Ingibergur Einarsson**
**Sigríður K. Finnbogadóttir**
**Sigríður Einarsdóttir**
**Baldvin Örn Arnarsson**
**Ágúst Einarsson**
**Iðunn D. Jóhannesdóttir**
**Helgi Einarsson**
**Agnes B. Benediksdóttir**
**Hrefna Einarsdóttir**
**Pétur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**Kristjáns Björns Tryggvasonar**
**(Kidda)**

Sérstakar þakkir færum við Jakobi Jóhannssyni lækni, séra Vigfúsi Bjarna Albertssyni, hjúkrunarþjónustu Karitas og starfsfólki líknardeildar Kópavogs fyrir einstaka alúð, stuðning og umhyggju.

**Kristín Þórsdóttir**
**Ísak Þór Kristjánsson**
**Agla Björk Kristjánsdóttir**
**Bóas Örn Kristjánsson**
**Helga Kristjánsdóttir**
**Tryggvi Örn Björnsson**
**Anna Kristín Tryggvadóttir**
**Lóa Birna Tryggvadóttir**
**Bjarney Sigurðardóttir**
**Þór Sverrisson**

# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI














GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

# Blómstrandi dagar í Hveragerði ná hámarki

**Blómstrandi dagar í Hveragerði eru haldnir um helgina og ná hámarki í dag. Ein elsta bæjarhátíðin á landinu. Bæjarstjórinn segist ekki óttast samkeppni við Menningarnótt Reykjavíkurborgar. Fullt af fólki heimsæki Hveragerði til að njóta öðruvísi hátíðarhalda.**

Blómstrandi dagar í Hveragerði fara fram þessa helgi og segir bæjarstjórinn, Aldís Hafsteinsdóttir, að hátíðin nái hámarki í dag. „Ætli þetta sé ekki 25. eða 27. skiptið,“ segir Aldís þegar hún er spurð hversu oft hátíðin hafi farið fram. Hún bætir við að Blómstrandi dagar séu ein elsta bæjarhátíðin á landinu.

Hátíðin hófst á fimmtudagskvöld með tónleikum Ágústu Evu Erlendsdóttur, sem er einmitt Hvergerðingur. „Við erum svo lánsöm að héðan úr bænum eru svo margir listamenn á hinum ýmsu sviðum sem taka þátt í hátíðarhöldunum eins og allir bæjarbúar,“ segir Aldís. Hún fagnar því hversu margir taki þátt með bílskúrssölu og að selja varning á alls kyns mörkuðum. Svo séu aðrir sem haldi tónleika í görðunum sínum. „Þannig að það er alveg bullandi stemning.“

Aldís segir að hátíðin nái hámarki eftir hádegi í dag. Þá verður boðið upp á söguferðir í gamalli rútu um Hveragerði undir leiðsögn sagnfræðingsins Njarðar Sigurðssonar. Svo tekur við Ísdagur Kjöríss, þar sem boðið er upp á hinar undarlegustu bragðtegundir af ís. Eftir það tekur við dagskrá í Lystigarðinum. Um kvöldið fer fram brekkusöngur og flugeldasýning.

Aldís segist ekkert óttast samkeppni við Menningarnótt í Reykjavíkurborg, sem fer fram í dag eins og flestir vita. „Við áttum okkur á því að það er fullt af fólki sem vill koma til okkar, en svo eru aðrir sem fara á Menningarnóttina. Þetta lendir stundum á Menningarnótt af því að við erum alltaf á annarri helgi eftir verslunarmannahelgina á meðan Menningarnóttin er að rokka svolítið,“ útskýrir Aldís. Hvergerðingar séu hins vegar ekkert að telja hausa heldur sé markmiðið einfaldlega að búa til skemmtilega hátíð með góðri stemningu. „Það er fullt af fólki sem velur það að koma hingað og njóta öðruvísi hátíðarhalda,“ segir Aldís.

jonhakon@frettabladid.is



Aldís Hafsteinsdóttir fagnar því hve margir listamenn búa í bænum. MYND/EGILL BJARNASON

> Við áttum okkur á því að það er fullt af fólki sem vill koma til okkar, en svo eru aðrir sem fara á Menningarnóttina.




Ástkær móðir okkar, dóttir og systir,

**Una Rós Evudóttir**

lést á Landspítalanum 13. ágúst. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 22. ágúst kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ástrós Eva Pétursdóttir**
**Anton Ólafur Pétursson**
**Gréta Líf Pétursdóttir**
**Júlíus Róbert Pétursson**
**Eva Þórarinsdóttir**
**Jóna Vigdís Evudóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jófríður Kristjana Sigurðardóttir**
frá Hoftúnum,

andaðist sunnudaginn 13. ágúst í Brákarhlíð, Borgarnesi. Útförin fer fram frá Staðastaðarkirkju föstudaginn 25. ágúst kl. 14.00.

**Ingólfur Narfason**
**Helga Steina Narfadóttir**
**Kristján Narfason**
**Sigurður Nafason**
**Veronika Narfadóttir**
**Snæbjörn Viðar Narfason**
**tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jónas Kristjánsson**
vélstjóri
frá Hrísey,
Mýrarvegi 115, Akureyri,

lést mánudaginn 14. ágúst. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 25. ágúst kl. 13.30.

**Arnfríður Jónasdóttir** — **Vilhjálmur Hallgrímsson**
**Kristján Jónasson** — **Sigríður Rut Pálsdóttir**
**Ester Jónasdóttir** — **Þórður Ármannsson**
**Bryndís, Rakel, Karen, Jónas Atli, Pálmi, Axel Birkir og fjölskyldur.**



Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Kristjáns Ágústs Bjarnasonar**
húsasmíðameistara,
Grandahvarfi 8, 203 Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar LSH.

**Kristín Sveinbjörnsdóttir**
**Guðrún Kristín Kristjánsd.** — **Smári Rúnar Þorvaldsson**
**Hulda Karlotta Kristjánsd.** — **Hugo Poge**
**Steinar Karl Kristjánsson** — **Unnur Guðlaug Þorsteinsd.**
**og barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Högni Tómas Ísleifsson**
viðskiptafræðingur,
Ljósheimum 14,

lést þriðjudaginn 25. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sveina Helgadóttir**
**Magnea Berglind Högnadóttir**
**Helga Dröfn Högnadóttir** — **Ralph Tiedemann**
**Magnús Rafn og Kristín Erla**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




Ástkær eiginkona, móðir, amma og langamma,

**Sigríður Andersen**
(Sirrý)

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 16. ágúst. Útför fer fram 23. ágúst kl. 13.00 í Fella- og Hólakirkju.

**Rögnvaldur Gíslason**
**Kristín Valdemarsdóttir** — **Jón Jónsson**
**Friðrik Valdemarsson**
**Rögnvaldur Rögnvaldsson** — **Þórunn I. Einarsdóttir**
**Lilja Rós Rögnvaldsdóttir** — **Sigurður A. Hrafnkelsson**
**barnabörn og langömmubarn.**



Með hlýju í hjarta viljum við systkinin þakka ykkur sem minntust mömmu okkar,

**Sigríðar Sigurðardóttur**

sem lést þann 30. júlí síðastliðinn. Innilegar þakkir fyrir að vera með okkur á jarðarfarardaginn og fyrir að minnast hennar með góðum kveðjum, skrifum, gjöfum og hugskeytum. Eins viljum við þakka þeim sem fylgdu henni á lífsleiðinni og þeim sem hjúkruðu henni síðasta spölinn.

**Njótum minninganna,**
**Birna, Tryggvi, Halla og Kristbjörn Helgabörn**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Oddur Björn Sveinsson**

lést miðvikudaginn 9. ágúst 2017. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 25. ágúst kl. 13.00.

**Jóhannes Oddsson** — **Hlín Guðjónsdóttir**
**Lilja Oddsdóttir** — **Hákon Zimsen**
**og barnabörn.**



Við færum vinum og ættingjum innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður ömmu, systur og mágkonu,

**Jónu Haraldsdóttur**

Starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Mörk færum við hjartans þakkir fyrir að hlúa vel að og annast Jónu í veikindum hennar.

**Margrét Gunnlaugsdóttir** — **Sigurhans Vignir**
**Halldór Gunnlaugsson** — **Hildur Sveinsdóttir**
**Erla Haraldsdóttir** — **Sigurður Einarsson**
**Jóna Rut, Tómas, María, Óttar, Rúrik og Grímur**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Leifur Eyjólfsson**
fyrrv. skólastjóri,
Grænumörk 2, Selfossi,

lést á Heilsustofnun Suðurlands miðvikudaginn 16. ágúst. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ásdís Guðnadóttir**
**Hallbera Stella Leifsdóttir** — **Bárður Guðmundarson**
**Linda Guðbjörg Leifsdóttir** — **Axel Skúlason**
**Leifur Eyjólfur Leifsson** — **Agnes Gunnarsdóttir**
**Erlingur Jens Leifsson** — **Kristjana Guðlaugsdóttir**
**Guðrún Erla Leifsdóttir** — **Samúel Guðmundsson**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Jón Víðir Njálsson**
frá Súgandafirði,

lést þann 14. ágúst. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju miðvikudaginn 23. ágúst kl. 15.00.

**Ingibjörg Elín Sigfúsdóttir**
**Njáll Jónsson** — **Ingigerður Gísladóttir**
**Guðbjörg Salóme Jónsdóttir** — **Jac Norðquist**
**Sigfús Bergmann Önundarson** — **Þórhildur Sandra Davíðsdóttir**
**börn og barnabörn.**



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 35. STARFSÁR

Menningarnótt í Reykjavík 2017

# SÁLMAFOSS Í HALLGRÍMSKIRKJU

19. ágúst kl. 15-21

## DAGSKRÁ

**15.00 Sex nýir sálmar frumfluttir - allir syngi með!**

Tónmenntasjóður kirkjunnar fékk sex organista til að velja sér skáld til samstarfs um gerð nýs sálms. Afraksturinn er sex nýir sálmar, sem bætast nú í flokk sálma sem Tónmenntasjóðurinn hefur pantað hjá skáldum og tónskáldum á undanförnum árum. Mótettukór Hallgrímskirkju frumflytur sálmana, kirkjugestum er boðið að syngja með.

Sálmarnir eru:

1. Ég finn þinn anda eftir sr. Hildi Eir Bolladóttur og Eyþór Inga Jónsson organista Akureyrarkirkju
2. Í birtu vonarinnar eftir sr. Þórhall Heimisson og Guðnýju Einarsdóttur organista Hjallakirkju
3. Í svörtum himingeimi eftir sr. Davíð Þór Jónsson og Arngerði Maríu Árnadóttur organista Laugarneskirkju
4. Jesús mér leggur litla sögu á hjarta eftir sr. Sigurð Jónsson og Magnús Ragnarsson organista Langholtskirkju
5. Þú ert þar eftir Vilborgu Davíðsdóttur og Láru Bryndísi Eggertsdóttur organista í Horsens í Danmörku
6. Vertu hans kraftaverk eftir Friðrik Erlingsson og Steingrím Þórhallsson organista Neskirkju

**15.30 Mótettukór Hallgrímskirkju syngur sálmaútsetningar og mótettur undir stjórn Harðar Áskelssonar**

**16.00 Sálmasöngur -allir syngi með!** Schola cantorum leiðir sönginn.

**16.10 "Dagur er nærri" Schola cantorum syngur hugljúfa kórtónlist undir stjórn Harðar Áskelssonar**

**16.30 Björn Steinar Sólbergsson flytur fjölbreytta orgeltónlist.**

**17.00 Sálmasöngur -allir syngi með!** Söngsveitin Fílharmónía leiðir sönginn.

**17.10 Söngsveitin Fílharmónía flytur fjölbreytta kórtónlist undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar**

**17.45 Vestfossen Blandakor frá Noregi undir stjórn Gróu Hreinsdóttur flytur norska kórtónlist**

**18.00 Sálmasöngur -allir syngi með!** Kór Neskirkju í Reykjavík leiðir sönginn

**18.10 Kór Neskirkju ásamt stjórnanda sínum Steingrími Þórhallssyni organista Neskirkju flytur fjölbreytta kór- og orgeltónlist.**

**19.00 Sálmasöngur -allir syngi með!** Lára Bryndís Eggertsdóttir organisti leiðir sönginn.

**19.10 Lára Bryndís Eggertsdóttir** spilar og spjallar um sálmforleiki

**19.30 ORGA, íslenskt danskt gítar- og orgeldúó flytur útsetningar og eigin tónlist.**

Dúóið skipa Þór Arnarsson gítar og Sebastian Thunbo Pedersen orgel

**20.00 Sálmasöngur -allir syngi með!** Björn Steinar Sólbergsson organisti leiðir sönginn

**20.10 Orgel, trompet, og selló**

Baldvin Oddsson trompetleikari, Inga Rós Ingólfsdóttir sellóleikari og organistarnir Steinar Logi Helgason, Björn Steinar Sólbergsson og Hörður Áskelsson ljúka Sálmafossi með sindrandi tónum.

**Ókeypis aðgangur og allir velkomnir!**

Kynnar eru dr. Sigurður Árni Þórðarson sóknarprestur Hallgrímskirkju, Margrét Bóasdóttir söngmálastjóri þjóðkirkjunnar og Inga Rós Ingólfsdóttir framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju. Listrænn stjórnandi og ábyrgðarmaður Sálmafoss er Hörður Áskelsson kantor Hallgrímskirkju.

**www.listvinafelag.is**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**FORGENGILEIKI**



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist lið sem við getum illa verið án (14).
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 24. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „19. ágúst“.



FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Heimför** eftir **Yaa Gyasi** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ástríður Þorsteinsdóttir, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Heiða hrygg, því hér eru óbyggðir (9)
**8** Nú skemmir klunni, skal þá bót á (6)
**11** Ós umlykur kvæði svívirðu (7)
**12** Vökvar elsku með dropum blíðu (7)
**13** Tortryggi ummæli um þessa spurningu (6)
**14** Allar bifreiðar ríkisins löðrandi í vagnafeiti (9)
**15** Viltu eignast vitran maka eða vitlausan? (7)
**16** Kópía smitar bleki og ruglar öllu (6)
**17** Þau sem best duga biðu þess að byrjað yrði að nýta þau (9)
**22** Á braut eru ræmur frá stofnbrautum (8)
**23** Hólmi fyrir heljarmenni á árbökkum (5)
**26** Brýt sykurmola (9)
**27** Einstök bera lausn einstakra barna (8)
**29** Kvendýr hafa flækjufætur (5)
**30** Bera blak af góli Óðríks (9)
**31** Miðdegisverður í uppnámi við Unnarmót (8)
**34** Bjóst að því að finna hús í fjöru (5)
**35** Besta kemban fer í peysur fyrir skjóllausan víðavanginn (7)
**36** Flekahlaup við dyratré (8)
**38** Búinn er fleki fyrir inngangi (7)
**42** Þekkja minnismerki deyjandi stéttar (9)
**46** Um fátæka en frjóa konu (7)
**47** Mun lið frá Astana grafa lið frá Akureyri? (6)
**48** Af skorum í skotvopnum (7)
**49** Segja að dýptin sé mikil við bakkann (7)
**50** Bráðabragur er illa bilaður (8)
**51** Máttur heita er dreginn af öðru (7)
**52** Sér að viðskeyti hangir við (7)
**53** Austrænir sækja krána hans Össa (6)

### LÓÐRÉTT

**1** Braskarar útvega sauði (12)
**2** Enn leitar starfsemin aftur í tímann (12)
**3** Á gærudreka til sílaveiða (10)
**4** Forbjóða ávexti eyðimerkurfólksins (8)
**5** Ris söngflokks í guðshúsi (7)
**6** Segi bless við blund í þreyttu þorpi (7)
**7** Úr því sem komið er (7)
**8** Mitt er það sem ég hef þráð og teygt mig eftir (7)
**9** Mal um seyða ruglar hefðardömu (8)
**10** Fundur á torginu í bænum (8)
**18** A-gras í ormi líkist regnfangi (9)
**19** Njósnakvendi í Álfheimum (9)
**20** Til sjómennsku heyrir að fá bein úr sjó (9)
**21** Býð molahnút fyrir sætabrauð! (9)
**23** Þú ert sál sem eggjar mjög (7)
**24** Hirtu holtaþór og gerðu úr honum kássu (7)
**25** Settuð kross við söguflæg raus (7)
**28** Megi otrar eta þig ef þú kýlir mig kaldan (5)
**32** Ormur vekur ótta, enda böl (9)
**33** Geri mömmu veika af æsingi (9)
**37** Fljót snýst um kærar (7)
**39** Gríptu sleða með ákveðna hnappa (7)
**40** Þetta mun baga Bifröst (7)
**41** Skrautfiskur heldur gólfunum hreinum (7)
**43** Fatlafól ærist ef ilskór fer úr skorðum (6)
**44** Ég kýs krakka en þið krumpið föt (6)
**45** Írönsk borg ver íslenskt votlendi (6)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | 6 | 9 |
| 9 | | | 2 | 6 | | 5 | | |
| 2 | | 7 | | 9 | | | 1 | 4 |
| | | | | | 8 | | | 3 |
| | 9 | | | 7 | 4 | | 8 | 1 |
| | 4 | 3 | | | | 7 | | |
| 4 | | 9 | 5 | | | | | |
| | 5 | | | 8 | 2 | | | |
| | 2 | | 7 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 3 | 4 | | 2 | 6 | 8 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 5 | | | 1 | | 7 | | |
| | | | | | 4 | 8 | 2 | |
| 8 | 1 | 4 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | | 6 | | | |
| 4 | | | | 7 | | 5 | 1 | |
| | 3 | | | | | | | 2 |
| 6 | | 9 | | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | 7 | |
| | 5 | | 7 | | 6 | | 8 | 2 |
| 4 | | | | | | | | |
| 9 | 7 | | 4 | | | | 3 | |
| 5 | 4 | 6 | | | | | 9 | |
| | | | | 9 | | 1 | | |
| 1 | | 4 | | | 8 | | | |
| | 3 | | 9 | | | | | 7 |
| | 8 | | | | | | 5 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 6 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 5 | 8 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 4 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 |
| 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 7 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 | 6 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 6 | 2 | 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 5 | 9 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson



Caruana (2.807) átti leik gegn Karjakin (2.773) á at- og hraðskákmótinu í St. Louis
**Hvítur á leik**
**27. Bxg6! fxg6 28. De6+ Kh7 29. Bxd6 Dxd6 30. Hf7+ Kh6 31. Dh3+ Kg5 32. g3! 1-0.** Aronian var efstur fyrir lokaáfanga mótsins sem fram fór í gærkveldi. Stórmót TR fer fram í Árbæjarsafni á morgun.

**www.skak.is:** St. Louis-mótið

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Hjartaíferð

Íslensk pör tóku þátt í boðsmótinu „Riga invites to Jurmala“ sem haldið er í Lettlandi ár hvert. Mótið var spilað 9.-13. ágúst. Íslendingarnir á mótinu voru parið Sveinn Rúnar Eiríksson og Magnús Eiður Magnússon og Júlíus Sigurjónsson sem spilaði við Finnann Kauko Koistinen. Í sveitakeppninni gerði „íslenska“ sveitin vel og komst alla leið í úrslitaleikinn. Andstæðingarnir voru ekki af verri endanum, sveit Vitas (Andrejs Gromov, Aleksanders Dubinin, Vitas Vainkonis og Mihails Krasnoselskij). Íslendingarnir þurftu að sætta sig við tap, 13-41, í úrslitaleiknum. Dubinin og Gromov náðu góðri niðurstöðu á mótinu, því þeir unnu einnig tvímenningskeppni mótsins. Í úrslitaleik mótsins kom þetta spil fyrir. Norður var gjafari og AV á hættu.

**Norður**
♠ ÁKD965
♥ 3
♦ G7
♣ G854

**Vestur**
♠ 10432
♥ Á7
♦ D62
♣ Á962

**Austur**
♠ G87
♥ KD10986
♦ ÁK10
♣ D

**Suður**
♠ -
♥ G542
♦ 98543
♣ K1073

Á báðum borðum í leiknum opnaði norður á einum spaða og austur kom inn á tveimur hjörtum. Rússarnir (Gromov-Dubinin) fetuðu sig upp í 4 ♥ í AV og þar lauk sögnum. Sá samningur virðist fara niður. Óhjákvæmilegir 3 tapslagir á spaða og svo virðist sem tapslagur sé á hjarta. Eftir laufútspil norðurs, var spilað tígli á ás og sagnhafi spilaði hjartatíunni og hleypti henni óhikað með góðum árangri og stóð samninginn. Á hinu borðinu í leiknum fóru Íslendingarnir í 4 ♥ en andstæðingarnir fetuðu sig upp í 5 ♣ fórn í NS. Sá samningur fór 3 niður (500) og Íslendingarnir töpuðu 3 impum á spilinu í stað þess að græða vel.

# ego dekor

## ÚTSALAN ER HAFIN!
## 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



GRANDOIS TUNGUSÓFI
Stærð: 305X175cm
~~Verð: 239.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 191.200,-



CANNON HORNSÓFI
Stærð: 265X175cm
~~Verð: 219.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 175.200,-



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 216X163cm - færanleg tunga
~~Verð: 169.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 127.425,-



VANCOUVER BORÐSTOFUBORÐ
Stærð: 180X90cm
~~Verð: 85.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ. 59.500,-



MOBI TV SKENKUR
Breidd: 195cm
~~Verð: 109.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 32.700,-



STÓLL 133
~~Verð: 15.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 9.540,-



CALE STÓLL
~~Verð: 15.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 10.335,-



MILO STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 14.320,-



TWIST STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 13.425,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00  Sun 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

# KRAKKAR




## Konráð og félagar á ferð og flugi 263

„Þetta finnst mér gaman, eldspýtnaþraut!“ sagði Lísaloppa og ljómaði öll. Ekki var Kata eins ánægð. „Þú og þínar eldspýtnaþrautir,“ sagði hún önug. „Þér finnst þær bara skemmtilegar af því að þú ert betri í þeim en við,“ bætti hún við. „Sko,“ sagði Lísaloppa. „Hérna eru átta jafn stórir þríhyrningar, hvað þarf að taka margar eldspýtur til að eftir verði aðeins fjórir?“ Róbert horfði vantrúaður á eldspýtnaþrautina. „Það er ekkert hægt að leysa þessa þraut,“ sagði hann fúll. „Svona nú,“ sagði Lísaloppa. „Þið getið nú reynt að leysa þessa þraut.“ „Nei,“ sagði Kata önug. „Ég neita að leysa fleiri eldspýtnaþrautir.“ „Þér gekk nú ekkert svo illa með þá síðustu var það nokkuð?“ sagði Lísaloppa. Kata hugsaði sig um smá stund. „Allt í lagi,“ tilkynnti hún stundarhátt og það mátti heyra að keppnisskapið var komið í hana. „Upp með ermarnar, við leysum þetta.“





Halla Elísabet Viktorsdóttir.

# Finnst skólamatur ekkert svo geggjaður

Halla Elísabet Viktorsdóttir, 9 ára, hefur ferðast innan lands og utan þetta sumarið. Henni finnst allt skemmtilegt við að vera í útlöndum, ætlar að verða atvinnukona í fótbolta þegar hún er orðin stór og er búin að skora rosalega mikið af mörkum í sumar.

**Hvað ertu búin að gera í sumar?** Ég er búin að vera á sundnámskeiði, reiðnámskeiði, fótboltaæfingum, fótboltaskóla og spila á fjórum fótboltamótum.

**Hefurðu farið eitthvað til útlanda?** Ég fór til Kaupmannahafnar og Malmö með ömmu minni í vor því frænka mín var að útskrifast. Við fórum á ströndina og í Tívolí sem var mjög gaman.

**Ferðu oft til útlanda?** Ég fer stundum til útlanda.

**Hvað er skemmtilegast við að fara til útlanda?** Það er allt rosalega skemmtilegt við að fara til útlanda.

**En út á land á Íslandi?** Já, ég er búin að fara út á land. Fór til Vestfjarða og svo í tjaldútilegu um verslunarmannahelgina.

**Er gaman á Vestfjörðum?** Já, það er gaman.

**Finnst þér langt að keyra?** Já, en ég finn lítið fyrir því því ég er sofandi alla leiðina.

**Ertu búin að vera mikið í fótbolta í sumar?** Já, er á æfingum á hverjum degi og var svo líka í fótboltaskólanum í KR í sumar.

**Hver er uppáhalds fótboltakonan þín eða -maður?** Sara Björk Gunnarsdóttir og uppáhaldsfótboltamaður minn er pabbi.

**Ertu búin að skora mikið?** Uuu já.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?** Atvinnukona í fótbolta.

**Hlakkarðu til að byrja aftur í skólanum?** Já, já, miðlungs.

**Hvað finnst þér skemmtilegast við skólann?** Stærðfræði og að vera með vinkonum mínum.

**En leiðinlegast?** Matartíminn. Finnst skólamaturinn ekkert svo geggjaður.




LÆGSTA VERÐIÐ á notuðum námsbókum og
MESTA ÚRVALIÐ af öllum námsbókum
samkvæmt könnun ASÍ*
*Könnun gerð fimmtudaginn 10. ágúst 2017
Stærsti skiptibókamarkaður A4 er í Skeifunni.
Tekið er á móti skiptibókum í öllum verslunum A4.
Skrúfblýantur
Tilboðsverð 299 kr.
Verð áður 469 kr.
Faber Castell blýantur
Tilboðsverð 199 kr.
Verð áður 219 kr.
Stabilo áherslupennar
Tilboðsverð 499 kr.
Verð áður 789 kr.
Stílabækur A4, línustrikaðar
5 stykki í pk.
Tilboðsverð 999 kr.
Verð áður 1.699 kr.
Fánamiðar
Tilboðsverð 349 kr.
Verð áður 499 kr.
Explore pennaveski
Tilboðsverð 1.399 kr.
Verð áður 1.999 kr.
Ogio skólatöskur
Tilboðsverð 6.495 kr.
Verð áður 12.900 kr.
Casio Reiknivél
Verð 1.698 kr.
Boxy strokleður
Verð 199 kr.
Opið allan sólarhringinn
í A4 Skeifunni
24/7
Opið til kl. 21 í Smáralind
Herschel fartölvuslíður 15"
Verð 5.995 kr.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.
Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is
Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.
A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook pinterest.com/a4fondur og instagram.com/a4verslanir
A4
SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Minnkandi norðanátt í dag og dálítil væta norðan heiða, en léttskýjað sunnanlands. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast syðst.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 18° | Oslo 18° | Stokkhólmur 19° | Gautaborg 18° | Helsinki 20° | Þórshöfn 12° | Nuuk 7° |
| London 19° | Amsterdam 17° | París 20° | Berlín 21° | Madríd 32° | Brussel 19° | Róm 33° |
| Boston 22° | New York 23° | Orlando 25° | Moskva 27° | Singapúr 28° | Tókýó 24° | Sydney 11° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° → 2 | 12° ↑ 6 | 14° ↑ 3 | 13° → 2 | 12° ↘ 3 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↙ 2 | 10° ↑ 4 | 10° ↗ 9 | 12° ↑ 3 | 12° ← 2 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↓ 2 | 12° ↗ 3 | 14° ↑ 1 | 14° ↙ 1 | 14° ↙ 2 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° → 3 | 13° ↑ 1 | 14° → 1 | 14° ↑ 4 | 12° ← 4 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↖ 3 | 12° ↑ 2 | 13° ← 4 | 13° ↖ 5 | 12° ↖ 3 |


KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





SPORT
MAYWEATHER
McGREGOR
BARDAGI ALDARINNAR
LAUGARDAGINN 26. ÁGÚST
SPORTPAKKINN
Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði
Keiluhöllin
EGILSHÖLL
Doritos
SPORT
BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817
365.IS
365
*miðað við 12 mánaða bindingu

# Ég fann lausnina með því að gerast stjórnandi

**Hljómsveitarstjórinn Keri-Lynn Wilson er fædd og uppalin í Kanada, af íslenskum og úkraínskum ættum. Í kvöld sameinar hún þá arfleifð þegar hún stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á Menningarnótt.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þegar ég var að byrja minn feril sem stjórnandi fyrir um tuttugu árum þá var Ísland einn af mínum fyrstu áfangastöðum. Ég á frænda sem er sellóleikari heima í Kanada, þar sem ég er fædd og uppalin, sem þekkti konsertmeistara Sinfóníunnar á þeim tíma og hún átti heiðurinn af því að ég kom hingað fyrst. En þetta var fyrir löngu,“ segir Keri-Lynn Wilson sem í kvöld stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á seinni Menningarnæturtónleikum hljómsveitarinnar.

Keri-Lynn Wilson er af íslenskum og úkraínskum ættum í Winnipeg í Kanada, menntuð sem flautuleikari og hljómsveitarstjóri frá Juilliard í New York og hefur getið sér gott orð fyrir störf sín vítt og breitt um tónlistarheiminn. „Ég er alveg í skýjunum að vera komin aftur til Íslands. Ekki aðeins vegna þess að þetta sé frábær hljómsveit heldur á ég líka skyldmenni hérna.

Föðuramma mín, Thelma Guttormsdóttir, er 98 ára og spilar enn á píanó í eina klukkustund á hverjum einasta degi. Hún er stórkostleg og fyrir ekki svo löngu var hún meira að segja fjallkonan á Íslendingahátíðinni heima. En allt þetta föðurfólk mitt er meira og minna tónlistarfólk þannig að ég er alin upp við mikla tónlist og byrjaði snemma að spila. Amma kenndi mér á píanó, pabbi kenndi mér á fiðlu og ég spilaði í æskuhljómsveitinni hans þar sem hann var stjórnandi en svo spilaði ég líka á flautu og fór inn í Juilliard sem flautuleikari. Þannig að æskan var öll full af tónlist en það var aldrei nein pressa af hálfu fjölskyldunnar. Engin krafa um að ég ætti að hafa þetta að atvinnu eða slíkt og ég held að það hafi hjálpað mér mikið. Tónlist var líf mitt og yndi og hefur verið það allar götur síðan.“



Keri-Lynn Wilson hljómsveitarstjóri segist hlakka mikið til tónleika kvöldsins á Menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Keri-Lynn segir að strax sem lítil stúlka hafi hún verið heilluð af tónlistinni, svo mjög að það gat átt það til að vera til vandræða. „Ég var stundum að gera foreldra mína alveg brjálaða vegna þess að ég var stöðugt að skipta um hljóðfæri, mér fannst þau öll svo frábær, en svo fann ég loksins lausnina með því að gerast stjórnandi þar sem má segja að ég fái að stjórna þeim öllum,“ segir Keri-Lynn og hlær prakkaralega.

Á ferli sínum tekst Keri-Lynn á við að stjórna bæði sinfóníutónleikum sem og óperum en hún segir að í æsku hafi sinfónían átt hug hennar allan. „Ég hataði óperur vegna þess að systir mín var óperusöngkona en ég í sinfóníunni,“ segir hún og hlær við tilhugsunina. „Ég var svo snobbuð að það varð að vera Bruckner, Mahler eða Sjostakovítsj, risarnir sjálfir, en svo þegar ég fór í Juilliard þá fór ég að stunda Metropolitan óperuna. Stóð þarna aftast á nemendasvæðinu og varð ástfangin af óperunni. Eftir að ég lauk námi þá starfaði ég við sinfóníuna í Dallas og kom líka hingað meðal annars en eftir fjögur ár þá var mér boðið að stjórna minni fyrstu óperu, Lucia di Lammermoor, í Veróna. En ég sagði þeim ekkert að þetta væri mín fyrsta ópera og það gekk bara ljómandi vel,“ hvíslar Keri-Lynn og það leynir sér ekki að það vantar ekkert upp á húmorinn á þeim bænum. „Málið er að innan óperuheimsins er tónlist sem er ekki í boði í hinum sinfóníska heimi eins og til að mynda Wagner og Verdi. „Þess vegna finnst mér yndislegt að fá tækifæri til þess að sinna bæði sinfónískri tónlist og óperunni.“

**UMHVERFIÐ, VINNAN, FÉLAGSLÍFIÐ, HREINLEGA ALLT ER ÖÐRUVÍSI EN ÉG ELSKA ÞAÐ OG ÉG ELSKA RÚSSNESKA TÓNLIST. ÆTLI ÞAÐ SÉ EKKI ÚKRAÍNSKA BLÓÐIÐ Í MÉR SEM GERIR ÞAÐ AÐ VERKUM EN EINS OG SVO MARGIR SEM KOMA FRÁ WINNIPEG ÞÁ ER ÉG BÆÐI ÍSLENSK OG ÚKRAÍNSK.**

Starf hljómsveitarstjóra sem starfa á alþjóðlegum vettvangi felur oftar en ekki í sér endalaus ferðalög en Keri-Lynn segir að það angri hana ekki. „Nei, svona er þetta bara. Tónlistin er líf mitt, þetta er það sem ég geri og ég elska það. Ef ég stoppa heima í New York í tvær vikur og hef ekkert að gera þá bilast ég af því að ég verð að vinna. Auðvitað er allt þetta flug þreytandi en ég flýg í vinnuna á meðan flestir aðrir fara í bíl en þannig er það bara. Í rauninni er tónlistin mitt heimili. Auðvitað sakna ég fjölskyldunnar en þetta samband mitt við tónlistina er svo sterkt og sem betur fer þá fer ég bráðum til Kanada til þess að vinna. Kanadamenn eru líka svo yndislegt fólk að fyrir manneskju sem hefur búið í New York í öll þessi ár þá er dásamlegt að koma til Kanada. Það er ekki þessi þráhyggja yfir því hvernig fólk lítur út og annað slíkt heldur er allt afslappaðra, hlýlegra og vinalegra. Það er miklu meira eins og að koma til Íslands þó að borgirnar séu stórar.“

*Heldurðu að þessi bakgrunnur hafi áhrif á það hvernig þú nálgast tónlist?* „Já, ég held það. Ég nálgast verkefnin út frá þolinmæði og sameiginlegum skilningi þó svo að ég viti alveg hver endastöðin eigi að vera. Þannig að þetta er meira spurning um aðferð en eitthvað annað og sem dæmi þá hefði ég endað sem allt önnur manneskja ef ég hefði fæðst og alist upp í Rússlandi.“

Keri-Lynn hefur einmitt starfað mikið í Rússlandi, í Pétursborg og víðar, og hún segir að þar sé allt öðruvísi en í vestrinu. „Umhverfið, vinnan, félagslífið, hreinlega allt er öðruvísi en ég elska það og ég elska rússneska tónlist. Ætli það sé ekki úkraínska blóðið í mér sem gerir það að verkum en eins og svo margir sem koma frá Winnipeg þá er ég bæði íslensk og úkraínsk. Ég held að þetta sé líka ástæða þess að ég elska tónlistina sem við erum að fara að flytja á tónleikunum hér, Tsjajkovskí og Prokofjev, það er dásamleg tónlist. Þetta á eftir að verða svo gaman að ég er alveg að springa úr tilhlökkun og hvílíkur heiður að fá að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á sjálfa Menningarnótt borgarinnar. Ég get ekki beðið.“

## Staða organista við Norðfjarðarprestakall er laus til umsóknar nú þegar.

Um er að ræða 50% starf sem organisti og stjórnandi kórs Norðfjarðarkirkju og mjóafjarðarkirkju í Brekkusókn.

Mikilvægt er að viðkomandi hafi menntun í kirkjutónlist og starfsreynslu.

Organistastarf 50% og kórstjórn Kórs Norðfjarðarkirkju, auk Mjóafjarðarkirkju í Brekkusókn.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL MÁNUDAGSINS 4. SEPTEMBER.**

Þeir sem áhuga hafa á starfinu hafi samband við
**Guðjón B. Magnússon** formann Norðfjarðarsóknar s. 8959976,
NETFANG: gudjon@svn.is eða
**Sigurð Rúnar Ragnarsson** sóknarprest. Sími 8969878 / 4771766 / 4771127
NETFANG: sigurdur.runar.ragnarsson@kirkjan.is



## EF ÁTTU DRAUM?

Karlakór Reykjavíkur bætir við sig söngmönnum í haust og þá verða raddpróf fyrir þá sem hafa áhuga á að slást í hópinn. Við prófum raddsvið og tónheyrn og finnst kostur ef þú býrð yfir kunnáttu í tónlist og nótnalestri, það er þó alls ekki skilyrði.
